

Vændi meðal ungs fólks á Íslandi og félagslegt umhverfi þess

Bryndís Björk Ásgeirsdóttir



RANNSÓKNIR & GREINING

Centre for Social Research and Analysis

Laugavegi 58b – 101 Reykjavík

sími 535 3800 – netfang rannsoknir@rannsoknir.is

Vændi meðal ungs fólks á Íslandi og félagslegt umhverfi þess

© 2003 *Rannsóknir & greining ehf*

Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis Rannsókna & greiningar ehf.

Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar var annars vegar að leitast við að lýsa vændi meðal ungs fólk á Íslandi og athuga í hvaða myndum það birtist. Hins vegar var markmiðið að rannsaka með tölfræðilegum hætti félagslegt umhverfi framhaldsskólana sem þegið hafa greiða eða greiðslu í skiptum fyrir kynmök.

Notaðar voru bæði megindlegar og eigindlegar aðferðir. Annars vegar voru tekin 42 viðtöl við sérfræðinga og einstaklinga sem þekktu til vændis meðal ungs fólks á Íslandi. Hins vegar var unnið úr könnun meðal nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi árið 2000. Þátttakendur voru 7239 nemendur á aldrinum 16-19 ára.

Niðurstöður gáfu til kynna að vændi meðal ungs fólks eigi sér stað á Íslandi í ýmsum myndum. Þannig eigi sér stað að bæði stelpur og strákar skipti á kynmökum fyrir t.d. vímuefni, mat, gistingu eða peninga. Um er að ræða skipulagt og óskipulagt vændi sem á sér stað innan félagahópsins sem utan. Þá voru notaðar þrjár félagsfræðilegar kenningar um frávíkshæðun til að draga fram félagslega áhættuþætti vændis. Kenningarnar voru um félagsnám, almennt álag og félagslegt taumhald og reyndust þær allar leggja eitthvað af mörkum til að skýra áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku á vændi meðal framhaldsskólanema. Á þann hátt eykur kynferðisleg misnotkun í æsku, andleg vanlíðan og lítil tengsl við skóla líkur á vændi meðal framhaldsskólanema. Auk þess gáfu niðurstöður til kynna að aðrir veigamiklir þættir hafi sjálfstætt forspárgildi um vændi svo sem kyn, aldur, menntun föður og áfengis- og vímuefnaneysla nemenda. (Lykilorð: Vændi, nauðarvændi, ungt fólk, félagslegt umhverfi, frávíkshæðun, félagsnám, almennt álag, félagslegt taumhald, kynferðisleg misnotkun).

Formáli

Rannsókn þessi um vændi meðal ungs fólks á Íslandi og félagslegt umhverfi þess hefur staðið yfir í rúmlega þrjú ár. Í upphafi var henni ætlað að vera einungis hluti af áfangaskýrslu um vændi og félagslegt umhverfi þess sem ég vann ásamt tveimur samstarfsfélögum mínum hjá Rannsóknnum & greiningu, þeim H. Lydíu Ellertsdóttur og Ingu Dóru Sigfúsdóttur, fyrir dómsmálaráðuneytið árið 2000 til 2001. Snemma var þó ljóst að viðfangsefnið krafðist langt um meiri athygli en virtist við fyrstu sýn. Vegna þess ákvað ég að halda áfram með þann hluta rannsóknarinnar er laut að ungu fólki í vændi og vinna hana sem meistaraverkefni mitt í rannsóknarnámi í félagsvísindadeild við Háskóla Íslands. Rannsóknin var styrkt af dómsmálaráðuneyti og af rannsóknánámsgjóði Rannís. Leiðbeinandi rannsóknarinnar er prófessor Þórólfur Þórlindsson og er hún metin til 45 eininga í rannsóknatengdu meistaránámi í félagsfræði. Í meistaranefnd verkefnisins sat Guðný Björk Eydal lektor í félagsráðgjöf og prófdómari var Dr. Jón Gunnar Bernburg.

Reykjavík, 4. júní 2003,

Bryndís Björk Ásgeirsdóttir

Þakkir

Ég vil þakka leiðbeinanda mínum prófessor Þórólfi Þórlindssyni fyrir gott samstarf á undanförunum árum. Þá vil ég þakka Guðnýju Björk Eydal lektor í félagsráðgjöf sem sat í meistaranevnd verkefnisins og Dr. Jóni Gunnari Bernburg prófdómara. Sólveigu Pétursdóttur, fyrrverandi dómsmálaráðherra, þakka ég fyrir áhuga og frumkvæði til rannsókna á vændi á Íslandi.

Ég vil sérstaklega þakka ómetanleg kynni við sterka og kjarkmikla unga konu sem þátt tók í rannsókninni. Jafnframt þakka ég öllum öðrum þátttakendum; því unga fólki sem treysti mér fyrir reynslu sinni, þeim sérfræðingum sem létu sig málið varða sem og öllum þeim framhaldsskólanemum sem tóku þátt í könnuninni um hagi og líðan framhaldsskólanema árið 2000. Þá vil ég þakka skólastjórnendum og kennurum fyrir veitta aðstoð og velvilja í garð könnunarinnar.

Einnig þakka ég H. Lydíu Ellertsdóttur og Ingu Dóru Sigfúsdóttur fyrir gott samstarf og fyrir að vera mér ávallt innan handar. Jóni Sigfússyni, Heru Hallberu Björnsdóttur, Stefáni Hrafni Jónssyni, Svandísi Nínu Jónsdóttur, Helgu Benediktsdóttur, Ásgeiri Magnússyni og Þórdísi Kristinsdóttur þakka ég fyrir yfirlestur og ráðleggingar.

Að lokum þakka ég eiginmanni mínum Sigurði Hjalta Kristjánsyni og syni mínum Bjarka Kristgeiri Sigurðssyni fyrir óendanlegan stuðning og hvatningu.

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	8
1.1.	Alþjóðlegur kynlífsiðnaður.....	12
1.1.1.	Viðskipti með börn í kynferðislegum tilgangi.....	13
1.1.2.	Aukning viðskipta með börn í kynferðislegum tilgangi.....	13
1.1.3.	Ástæður alþjóðlegra viðskipta með börn.....	17
1.2.	Rannsóknir á vændi í kenningalegu samhengi.....	19
1.2.1.	Afbrot- og frávikshegðun kvenna.....	19
1.2.2.	Vændi meðal ungs fólks.....	25
1.3.	Félagslegt umhverfi vændis meðal ungs fólks.....	28
1.3.1.	Kynferðisleg misnotkun.....	30
1.3.2.	Fjölskylduaðstæður og heimilisleysi.....	31
1.3.3.	Vímuefnaneysla.....	33
1.3.4.	Fyrstu skref í vændi og neysla vímuefna.....	36
1.3.5.	Líðan ungs fólks í vændi.....	37
1.4.	Félagsfræði frávika.....	40
2.	Rannsóknaraðferðir.....	50
2.1.	Eigindlegar aðferðir.....	52
2.1.1.	Þátttakendur.....	52
2.1.2.	Framkvæmd viðtala.....	54
2.1.3.	Úrvinnsla.....	58
2.2.	Megindlegar aðferðir.....	59
2.2.1.	Þátttakendur.....	59
2.2.2.	Framkvæmd og mælitæki.....	60
2.2.3.	Úrvinnsla.....	68
3.	Vændi meðal ungs fólks á Íslandi.....	70
3.1.	Skipti á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu innan hópsins.....	71
3.2.	Skipti á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu utan hópsins.....	80
3.3.	Óljós skil.....	87
3.4.	Vændi innan og utan dyra: markviss leit að viðskiptavinum.....	90
3.5.	Skipulagt vændi meðal ungs fólks.....	93
3.5.1.	Kynlífs- og kærastavændissalar.....	95
3.6.	Skipulagt vændi barna.....	99
4.	Félagslegt umhverfi vændis meðal ungs fólks.....	107
4.1.	Tíðni vændis meðal framhaldsskólanema.....	107
4.2.	Félagslegir þættir og vændi meðal ungs fólks.....	109
4.2.1.	Tengsl við fjölskyldu og skóla.....	118
4.2.2.	Kynferðisleg misnotkun og ótti við ofbeldi á heimili.....	121
4.2.3.	Áfengis- og vímuefnaneysla.....	128
4.2.4.	Líkamlegt ofbeldi.....	132
4.2.5.	Andleg líðan.....	136
5.	Samspil félagslegra þátta í vændi meðal ungs fólks.....	143
5.1.	Félagslegt taumhald.....	144
5.2.	Almennt álag (general strain).....	150
5.3.	Félagsnám.....	154
5.4.	Samspil félagslegra þátta.....	158
6.	Niðurlag.....	165
7.	Heimildir.....	171

Listi yfir myndir

Mynd 1. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hve auðvelt/erfitt þau eiga með að fá umhyggju og hlýju frá fjölskyldu sinni.	118
Mynd 2. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hversu oft þeir segja það eiga við sig að langa til að hætta í skólanum.	119
Mynd 3. Hlutfall 16-19 ára stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hvort þau hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun á aldrinum 0-15 ára.	124
Mynd 4. Hlutfall 16-19 ára stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hvort þau hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun á aldrinum 16-19 ára.	125
Mynd 5. Hlutfall 16-19 ára stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hversu mikið þau óttast líkamlegt ofbeldi á heimili sínu.	126
Mynd 6. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema á Íslandi sem hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hve oft þeir hafa orðið ölvaðir sl. 30 daga.	129
Mynd 7. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema á Íslandi sem hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hve oft þau hafa notað hass og amfetamín um ævina.	130
Mynd 8. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema á Íslandi sem hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hve oft þau hafa notað tiltekin vímuefni.	131
Mynd 9. Hlutfall 16-19 ára stelpna og stráka í framhaldsskóla á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hve oft þau hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi sl. 12 mánuði.	133
Mynd 10. Hlutfall 16-19 ára stelpna og stráka í framhaldsskóla á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hve oft þau hafa beitt líkamlegu ofbeldi sl. 12 mánuði.	134
Mynd 11. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hve oft þau segjast vera vör við að fá reiðiköst sem þau geti ekki stjórnað.	138
Mynd 12. Hlutfall 16-19 ára stelpna og stráka í framhaldsskóla á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hvort þau hafa einhvern tíma gert tilraun til að fremja sjálfsvíg.	139
Mynd 13. Hlutfall 16-19 ára stelpna og stráka í framhaldsskóla á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hvort þau hafa gert tilraun til að fremja sjálfsvíg veturinn sem könnunin fór fram.	140

Listi yfir töflur

Tafla 1. Einstaklingar sem tekin voru viðtöl við, eftir aldri þeirra þegar viðtalið fór fram, kyni og því hvort þeir höfðu þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök.	53
Tafla 2. Hlutfall stelpna og stráka í framhaldsskólum á Íslandi á aldrinum 16-17 og 18-19 ára sem segjast einu sinni eða oftar um ævina hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök.	108
Tafla 3. Spönn, meðaltal, staðalfrávik og staðalvilla þeirra spurninga sem notaðar eru í greiningunni.	112
Tafla 4. Spönn, meðaltal, staðalfrávik og staðalvilla þeirra samsettu kvarða sem notaðar eru í greiningunni.	113
Tafla 5. Fylgni breyta sem notaðar eru í greiningunni (Pearson's r , listwise).	114
Tafla 6. Áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku á vændi út frá kenningum um félagslegt taumhald.	149
Tafla 7. Áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku á vændi út frá kenningum um almennt álag (General strain theory).	153
Tafla 8. Áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku á vændi út frá kenningum um félagsnám.	157

1. Inngangur

Vændi hefur lengst af verið einn af þeim þáttum samfélagsins sem vakið hefur sterk tilfinningaviðbrögð og umræðu. Þar til nýlega hafa hins vegar fáar vísindalegar rannsóknir verið gerðar á viðfangsefninu og fræðileg umræða verið af skornum skammti (Bullough og Bullough, 1998). Skortur á rannsóknum og fræðilegri umfjöllun hefur leitt til þess að umræða um umfang, eðli og orsakir vændis hefur oft verið úr lausu lofti gripin. Hefðbundin skrif um vændi voru lengst af ýmist af siðferðilegum toga eða af þeim toga sem kalla má „pornografik“. Orðið „pornografi“ er einmitt leitt af gríska orðinu *pornographos*, sem merkir skrif vændiskvenna eða skrif um vændiskonur.

Síðustu þrjú áratugi hefur viðfangsefninu hins vegar verið veitt aukin athygli fræðimanna. Tilkomu fræðilegra rannsókna á vændi á undanförunum áratugum má skýra með tveimur meginþáttum: Annars vegar með öflugum forvarnarstarfi sem víða beinist gegn alnæmi og hins vegar þeim áhuga sem femínistar hafa endurvakið á viðfangsefninu meðal almennings. Þessar rannsóknir eru þó margar hverjar ekki enn byggðar á traustum reynslurökum (Bullough, Elcano, Deacon og Bullough, 1977; Bullough og Sentz, 1992; McCaghy, Capron og Jamieson, 2000).

Fjölmiðlum á Íslandi hefur orðið nokkuð tíðrætt um vændi á undanförunum árum. Meðal fyrstu umfjöllunar fjölmiðla má nefna grein sem birtist í Mannlífi árið 1997 (Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, 1997), þar sem ung íslensk kona segir frá þátttöku sinni í skipulögðu vændi í vændishúsi í Reykjavík. Einnig var umfjöllun um vændi á Íslandi í þáttunum „Sex í Reykjavík“ sem sýndir voru á Stöð 2 vorið

2000 (Ragnheiður Eiríksdóttir og Sigursteinn Másson, 2000). Þar kom fram að hægt væri að kaupa kynmök meðal annars gegnum auglýsingar blaða og erótískar símalínur. Síðan þá hafa skrif og almenn umfjöllun um vændi verið mun tíðari á Íslandi. Á sama tíma hefur fræðileg umfjöllun um vændi hér á landi hins vegar verið af skornum skammti. Aðeins ein rannsókn hefur áður verið gerð á aðstæðum fólks sem leiðst hefur út í vændi en það er rannsókn Hansínu B. Einarsdóttur frá árinu 1985. Í rannsókninni voru tekin viðtöl við einstaklinga sem höfðu stundað vændi á Íslandi. Niðurstöður sýndu að um þrjár gerðir vændis var að ræða. Það er vændi sem tengdist ungu fólki í vímuefnaneyslu, skipulagt vændi og vændi þar sem ungar stúlkur auglýstu í smáauglýsingum dagblaða og buðu upp á finni og dýrari „þjónustu” (munnleg heimild, Hansína B. Einarsdóttir).

Að undanfögnu hefur mikið verið rætt um aukin umsvif kynlífsiðnaðar í heiminum öllum og þar á meðal á Íslandi. Þá vakti ákall Vaira Vike-Freiberga, forseta Lettlands, athygli á þessum málum á alþjóðlegri kvennaráðstefnu sem haldin var á Íslandi haustið 1999. Hún lýsti skelfilegu ástandi í Eystrasaltslöndunum þar sem skipulagður útflutningur kvenna og barna til Vesturlanda ætti sér stað, ekki síst til Norðurlanda. Þessari sölu á fólki á milli landa hefur verið líkt við nýja tegund af þrælahaldi í sinni ískyggilegustu mynd. Í kjölfar þessarar umræðu hafa vaknað spurningar um tilvist vændis hér á landi, eðli þess og umfang.

Veturinn 1999 til 2000 spunnust miklar umræður um starfsemi nektardansstaða og hugsanlegt vændi hér á landi. Þáverandi dómsmálaráðherra Sólveig Pétursdóttir tók þá ákvörðun að láta fara fram fræðilega úttekt á viðfangsefninu og leitaði í þeim tilgangi til rannsóknamiðstöðvarinnar Rannsóknir & greining. Fyrri hluti rannsóknarinnar stóð yfir á árunum 2000 til 2001 og var gefin út áfangaskýrsla um vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess á vegum Rannsókna & greiningar

og dómsmálaráðuneytisins vorið 2001 (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Hólfríður Lydía Ellertsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2001). Þessi rannsókn er framhald ofangreindrar rannsóknar. Umfjöllunin hér er einskorðuð við vændi meðal ungs fólks á Íslandi, félagslegar aðstæður þess og umhverfi.

Í rannsókninni er annars vegar leitast við að lýsa vændi meðal ungs fólk á Íslandi og athuga í hvaða myndum það birtist. Hins vegar er markmiðið að rannsakað með tölfræðilegum hætti félagslegt umhverfi framhaldsskólanema sem þegið hafa greiða eða greiðslu í skiptum fyrir kynmök. Í rannsókninni vísar vændi til þess þegar einstaklingur þiggur greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök.

Til að nálgast viðfangsefnið voru bæði notaðar meginlegar og eigindlegar aðferðir. Annars vegar voru tekin viðtöl við einstaklinga sem þekkja til vændis meðal ungs fólks hér á landi, bæði sérfræðinga sem hafa kynnst slíku í gegnum starf sitt og einstaklinga sem þekkja vændi af eigin raun. Hins vegar voru notaðar upplýsingar úr könnun á högum og líðan ungs fólks í framhaldsskólum sem lögð var fyrir nemendur í öllum framhaldsskólum á Íslandi um mánaðamótin október nóvember 2000.

Ritgerðinni er skipt í sex meginkafla. Í kafla 1.1 er fjallað um alþjóðlegan kynlífsiðnað og viðskipti með börn og ungmenni í kynferðislegum tilgangi. Rætt er um aukningu þessa iðnaðar í Evrópu og breyttar aðstæður á Íslandi og öðrum nágrannalöndum vegna mansals frá fátækari löndum til þeirra ríkari. Í kafla 1.2 er farið yfir fyrri rannsóknir á vændi í kenningalegu samhengi. Flestar þessara rannsókna hafa beinst að vændi meðal kvenna þangað til nýverið sem athyglin hefur einnig beinst að karlmönnum sem og ungu fólki, bæði stelpum og strákuum í vændi. Þá er í kafla 1.3 fjallað um þá félagslegu þætti sem samkvæmt niðurstöðum erlendra rannsókna tengjast vændi. Þessir þættir eru meðal annars

kynferðisleg misnotkun í æsku, tengsl við fjölskyldu og áfengis- og vímuefnaneysla. Að lokum er í kafla 1.4 greint frá þremur félagsfræðilegum kenningum um frávikshegðun ungmenna. Fjallað er um það hvernig kenningarnar geta skýrt tengsl milli kynferðislegrar misnotkunar í æsku og vændis. Skýrt er frá því hvernig þessar kenningar eru notaðar til að rannsaka félagslegt umhverfi framhaldsskólanema á Íslandi sem þegið hafa greiða eða greiðslu fyrir kynmök.

Í kafla 2 er farið yfir þær rannsóknaraðferðir sem notaðar voru í rannsókninni, en hún byggir bæði á eigindlegum og meginðlegum aðferðum. Sagt er frá þáttakendum rannsóknarinnar, framkvæmd, mælitækjum sem og því hvernig úrvinnslu gagna var háttað.

Niðurstöðum er skipt í þrjá meginkafla, kafla 3 til 5. Í kafla 3 er farið yfir niðurstöður viðtala við einstaklinga sem þekkja til vændis meðal ungs fólk hér á landi, bæði sérfræðinga sem hafa kynnst slíku í gegnum starf sitt sem og einstaklinga sem þekkja vændi af eigin raun. Dregin er upp mynd af margbreytileika vændis meðal ungs fólks á Íslandi. Meðal annars er fjallað um vændi innan hópsins og utan hans, vændi innan og utan dyra, skipulagt vændi meðal ungs fólks og barnavændi. Í kafla 4 er farið yfir þá félagslegu þætti sem tengdir hafa verið vændi meðal ungs fólks. Rannsókuð eru tölfræðileg tengsl þessara þátta við það hvort framhaldsskólanemar hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Ummælum viðmælenda er lúta að þessum félagslegu þáttum eru einnig gerð skil samhliða tölfræðilegri greiningu. Í kafla 5 er athugað með tölfræðilegum hætti hvort þrjár ólíkar kenningar félagsfræðinnar um frávikshegðun geti varpað frekara ljósi á tengsl félagslegra þátta og vændis. Þessar kenningar eru taumhaldskenningar „Social control theory” (Hirchi, 1969), álagskenningar „General strain theory” (Agnew, 1992) og félagsnámskenningar „Differential association”

(Sutherland og Cressey, 1994) og „Social learning approach” (Akers, Krohn, Lanza-Kaduce og Radosevich, 1979). Athyglinni er sérstaklega beint að tengslum kynferðislegrar misnotkunar í æsku og vændis og því hvernig skýra megi þessi tengsl meðal annars með hugsanlegri miðlun annarra veigamikilla félagslegra þátta. Að lokum er farið yfir meginniðurstöður rannsóknarinnar í kafla 6. Fjallað er um mikilvægi forvarna- og fræðslustarfs á þessu sviði.

Með tilliti til skorts á íslenskum rannsóknum á vændi og auknum umsvifum kynlífsiðnaðar í heiminum öllum er óhætt að segja að knýjandi þörf sé fyrir fræðilegar niðurstöður um vændi hér á landi. Þetta á ekki síst við þegar börn og ungmenni eiga í hlut. Fyrri hluti þessarar rannsóknar leiddi í ljós að ástæða sé að ætla að vændi sé til í einhverjum mæli meðal ungs fólks á Íslandi (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og fleiri, 2001). Mikilvægt er því að varpa ljósi á aðstæður þessara einstaklinga og á þann hátt að skilja eðli vændis meðal ungs fólks og skýra félagslegt samhengi þess.

1.1. Alþjóðlegur kynlífsiðnaður

Niðurstöður rannsókna hafa gefið til kynna aukningu í umsvifum kynlífsiðnaðar í heiminum öllum, þar á meðal í Evrópu (Barrett, Barrett og Mullenger, 2000). Kynlífsiðnaður vísar til klámtímarita, nektardansstaða, klámmyndbanda, barnakláms, kláms á Veraldarvefnum, skipulagðs vændis, götuvændis, sí mavændis, erótískra nuddstofa og fylgdarþjónustu (Flowers, 1998). Talið er að stóran hluta þessarar aukningar megi rekja til sölu barna og ungmenna í vændi sem virðist vera sívaxandi vandamál sem erfitt hefur reynst að stöðva (Barrett, 2000 a).

1.1.1. Viðskipti með börn í kynferðislegum tilgangi

Viðskipti með börn í kynferðislegum tilgangi (commercial sexual exploitation of children) vísar til þess þegar börn eru misnotuð kynferðislega í ábataskini (ECPAT¹, 2002 a). Með því er meðal annars vísað til barnavæðis, kynlífsiðnaðar með börn fyrir ferðamenn, barnakláms og sölu á börnum milli staða eða landa-mæra í kynferðislegum tilgangi. Hugtakið gefur til kynna að barnið sé ekki eingöngu misnotað kynferðislega heldur að í kjölfarið leiði það einnig til ágóða af viðskiptunum til að mynda í formi peninga þar sem litið er á barnið sem kynferðislegan hlut eða vöru.

Viðskipti með börn í kynferðislegum tilgangi lýsir ævafornu athæfi sem á sér stað í öllum samfélögum í einhverju mæli. Jafnvel þó svo að í dag sé talið sjálfsagt að vændi barna og unglunga sé ósiðlegt og eigi að banna með lögum hefur mansal og þvingun barna og unglunga í vændi tíðkast frá fornu fari (ECPAT, 2002 a). Þannig má meðal annars nefna að börn í mörgum þjóðfélögum hafa í gegnum tíðina verið seld í þrældóm og vændi og hefur sums staðar jafnvel verið hvatt til þess, til dæmis í Kína, Egyptalandi til forna og í Persíu. Á fyrri hluta tuttugustu aldar var einnig til fjöldinn allur af vændishúsum í Evrópu þar sem börn og ungmenni voru seld í vændi (Flowers, 1994, Flowers, 1998). Þá tíðkast kynferðisleg misnotkun á börnum og unglungum af hendi fullorðinna, bæði nákominna og ókunnugra, alls staðar í heiminum í dag, þar á meðal á Íslandi.

1.1.2. Aukning viðskipta með börn í kynferðislegum tilgangi

Í nýlegum skýrslum Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna kemur fram að verslun með fólk, þar á meðal mansal og þvingun barna í vændi, sé vaxandi vandamál í

¹ End child prostitution in Asian tourism (ECPAT)

heiminum öllum (UNICEF, 2001; UNICEF, 2002 b). Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hefur tekið undir þetta og telur stofnunin að vændi tengt konum hafi farið vaxandi í mörgum löndum í heiminum á síðasta áratugi (WHO, 1995; WHO, 2001). Viðskipti með börn og ungmenni í tengslum við kynlífsiðnað er stór hluti af þessu vandamáli, en talið er að tíðni vændis barna og ungmenna í Evrópu hafi aukist á síðastliðnum tíu árum (Barrett, Barrett og Mullenger, 2000).

Sameinuðu þjóðirnar skilgreina verslun með börn sem eitt af alvarlegustu mannréttindabrotum sem eiga sér stað í heiminum í dag. Samtökin hafa á undanförunum árum lagt sífellt meiri áherslu á alþjóðlega samvinnu í málum tengdum misnotkun á börnum og ungmennum í kynlífsiðnaði. Börn og ungt fólk sem eru talin í mestri áhættu fyrir að lenda í viðskiptum með börn í kynferðislegum tilgangi eru strákar og stelpur á aldrinum 10-18 ára (UNICEF, 2001; UNICEF, 2002 a). Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna er barn skilgreint sem einstaklingur undir 18 ára aldri. Barnasáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu Þjóðanna haustið 1989 og staðfestur meðal annars fyrir Íslands hönd í október árið 1992. Barnasáttmálinn er samþykktur sem alþjóðalög og felur í sér full mannréttindi allra barna. Í sáttmálanum er kveðið á um að öll börn eigi rétt á að alast upp í friði og við öryggi. Í 34. grein um réttindi barna kemur fram að aðildarríki skuldbinda sig til að vernda börn fyrir hvers kyns notkun eða misnotkun í kynferðislegum tilgangi. Í þeim tilgangi skulu þau einkum gera allt sem við á, bæði innanlands og með tvíhliða og marghliða ráðstöfunum, til að koma í veg fyrir:

- a) Að barn sé talið á eða þvingað til að taka þátt í hvers konar ólögumætri kynferðislegri háttsemi.
- b) Að börn séu notuð til vændis eða annarra ólögumætra kynferðisathafna.
- c) Að börn séu notuð í klámsýningum eða til að búa til klámefni (Barnaheill, 2002).

Aukning verslunar með börn í kynferðislegum tilgangi hefur leitt til alþjóðlegs vandamáls á heimsmælikvarða. Þannig hafa stórir og vel skipulagðir kynlífsiðnaðarmarkaðir fest rætur í fátækari hlutum Asíu, Afríku, Mið- og Suður Ameríku og nú nýlega í Austur Evrópu. Skipulagning og aukin umsvif kynlífsiðnaðarins hafa leitt til þess að aukinn fjöldi ungs fólks á hættu á að verða fyrir kynferðislegri misnotkun. Sú hættu virðist meðal annars felast í því að fleiri einstaklingar leita eftir nýjum áfangastöðum fyrir kynlífsiðnað með börn fyrir ferðamenn sem og auknum flutningi barna milli landamæra og jafnvel heimsálfa í þeim tilgangi að selja þau í kynlífsiðnað. Einnig er hún talin stafa af aukinni kynferðislegri misnotkun á börnum í gegnum Veraldarvefinn þar sem meðal annars tælingar, áreitni og dreifing á barnaklámefti og myndum af barnamisnotkun eiga í hlut. Þá er algengara að börn og ungt fólk, sérstaklega í þróunarlöndunum, þurfi að skipta á kynmökum til að verða sér úti um helstu lífsnauðsynjar (Barrett, 2000 a; Barry, 1995; ECPAT, 2002 a)

Viðskipti með börn má greina í tvo flokka. Annars vegar börn, yngri en 12 ára, sem að mestu leyti eru seld til vinnu, í betl, vændi, líffærasölu og klámmyndaíðnað. Hins vegar sölu á ungum stúlkum í kynlífsiðnaðinn (UNICEF, 2002 b). Ástæðan fyrir þessari skiptingu er sú að í Evrópu hefur ekki enn verið staðfest tilvist skipulagðra markaða með sölu barna í vændi yngri en 12 ára né sölu óspjallaðra ungmenna vegna hræðslu við alnæmi. Þó er vitað til þess að slíkir markaðir séu til annars staðar í heiminum, svo sem í Afríku og Asíu. Hins vegar virðist ekki óalgengt að ungt fólk, sérstaklega stúlkur, séu seldar í vændi í Evrópu. Þannig hefur verið áætlað að í Evrópu séu um 10-30% þeirra einstaklinga sem eru seldir í vændi ungar stúlkur undir 18 ára aldri. Í Albaníu er þetta hlutfall talið vera um 80%. Þá gefa opinberar upplýsingar til kynna að um 10-15% þeirra einstakl-

inga sem hjálpað hefur verið heim til Eystrasaltslandanna eftir að hafa lent í vændi séu stúlkur undir 18 ára aldri (UNICEF, 2002 b).

Ungmenni og börn sem stunda vændi í heimalandi sínu eru mun líklegri en aðrir til að vera seld í vændi til annarra landa. Ekki eru til áreiðanlegar upplýsingar um fjölda þeirra ungmenna undir 18 ára aldri sem lenda í vændi með þessum hætti en eins og áður sagði bendir flest til þess að fjöldi þeirra fari vaxandi (UNICEF, 2002 b). Mjög erfitt hefur reynst að fá upplýsingar um fjölda þess unga fólks sem stundar vændi eða sem leitt hefur verið út í vændi í gegnum alþjóðaviðskipti með fólk. Áreiðanlegar upplýsingar eru ekki til staðar og sést það helst á því hve ólíkar þær eru eftir því hvaðan þær eru fengnar. Hins vegar hafa ýmsir opinberir aðilar og stofnanir reynt að henda reiður á þennan fjölda. Ætla má að slíkt mat sé réttlætanlegt svo lengi sem haft er í huga að slíkar upplýsingar ber að taka með fyrirvara og að þær eru einungis vísbendingar um fjölda en ekki staðfestar tölur eða fullyrðingar. Þannig má meðal annars nefna að samkvæmt mati utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna árið 2001 var áætlað að um 700.000 konur og börn lendi í mansali milli landa á ári hverju (sjá í UNICEF, 2002 b, bls. 4). Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna hefur áætlað að um ein milljón barna sé seld í kynlífsþrælkun af einhverjum toga á ári hverju (UNICEF, 2002 b). Þá var ályktað í skýrslu nefndar um afnám mismununar gegn konum, sem kynnt var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september árið 1999, að hátt á annað hundrað þúsund konur og börn frá löndum Austur-Evrópu hafi leiðst út í vændi ár hvert það sem af var þeim áratug.

Þessar upplýsingar gefa til kynna að vændi meðal barna og ungmenna sé umfangsmikið og flókið vandamál sem vert er að hafa áhyggjur af. Aukin skipulagning þess og fjárhagslegur drifkraftur gerir það að verkum að verndun barna og

ungmenna fyrir kynlífsiðnaðinum verður sífellt erfiðari viðureignar hér á landi sem erlendis. Þannig eru viðskipti með fólk talin vera um þriðju umfangsmestu skipulögðu glæpaviðskipti í heiminum í dag, á eftir viðskiptum með ólögleg vímuefni og vopnasölu. Þessi viðskipti ein og sér eru orðin ein arðbærustu og best skipulögðu glæpaviðskipti í heiminum og tengjast þau skildum ólöglegum viðskiptum á borð við peningaþvætti, sölu og smygli ólöglegra vímuefna á milli landa og skjalafölsun (Barrett, 2000 a; UNICEF, 2002 b).

1.1.3. Ástæður alþjóðlegra viðskipta með börn

Ástæður aukinna alþjóðlegra viðskipta með fólk, sérstaklega konur og börn, eru meðal annars taldar vera efnahagsleg lægð í fyrrum Austur Evrópu, fátækt í þriðja heiminum, stríð og afleiðingar þess á efnahagsástand og félagslega uppbyggingu þjóðfélaga, vaxandi klámiðnaður í Asíu, Evrópu og Suður Ameríku og veik og oft misvísandi lög um refsingar til handa þeim sem skipuleggja og kaupa vændi (Barry, 1995; Brown og Shah, 2000; Flowers, 1998; Hodgson, 1995; UNICEF, 2002 b). Í skýrslu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna um viðskipti með fólk í Suðaustur Evrópu (UNICEF, 2002 b) eru ástæður fyrir mansali og viðskiptum með fólk í Evrópu helst raktar til ársins 1989, þegar landamæri milli Austur og Vestur Evrópu opnuðust. Þessar breytingar höfðu í för með sér ýmsar jákvæðar afleiðingar fyrir fólk austan megin landamæranna svo sem aukið frelsi, von um betra líf og aukið öryggi. Hins vegar höfðu þær einnig í för með sér neikvæðar afleiðingar sem meðal annars einkenndust af mikilli fátækt og sundrung pólitískrar og félagslegrar uppbyggingar. Þannig er þetta vandamál blanda af óstöðugleika í hinu borgaralega samfélagi og lítilli eftirfylgd með lögum og reglum í viðkomandi landi. Með öðrum orðum kemur fram í skýrslunni að skapast

hafi kjöraðstæður í mörgum löndum fyrrum Austur Evrópu fyrir ólöglega glæpastarfsemi í sinni ískyggilegustu mynd. Þessar aðstæður gera það að verkum að skipulagðir glæpahringir kynlífsiðnaðarins eiga þar mjög auðvelt uppdráttar. Auk þessa telur Barrett (2000 a) ástæður aukningar vændis meðal ungs fólks í Evrópu vera aukin samskipti og samgangur ungs fólks á milli landa. En hann telur opnun landamæra kalla á mun samræmdara og virkara samstarf milli landa í stefnumótun og forvarnarstarfi er varðar ungt fólk.

Aukin tíðni barnavændis í þróunarlöndunum hefur einnig verið rakin til hræðslu við alnæmi (AIDS) þar sem því er trúað að ungar stúlkur, og þá enn fremur hreinar meyjar, smitist síður af alnæmi. Þessi trú hefur leitt af sér ólöglega sölu ungra stúlkna og pilta í Afríku í vændi, kynlífsþjónustu og barnakynlífsþrælkun (Barry, 1995; Flowers, 1998; UNICEF, 2002 c). Einnig telja sumir að aukin markviss sala á kynferðislegri ímynd ungra stúlkna, sérstaklega á Vesturlöndum, hafi aukið eftirspurn eftir barnaklámi sem og sölu barna og ungmenna í vændi í heiminum (Barry, 1995).

Þá eru félagslegar og fjárhagslegar aðstæður barna í heiminum misgóðar og virðast þær ráða töluverðu þegar vændi á í hlut. Mörg börn sem leiðast út í kynlífsiðnað koma frá fátækum fjölskyldum eða eru heimilislaus börn sem búa á götunni. Þá geta börn og ungmenni þurft að sjá fyrir fjölskyldu sinni á einn eða annan hátt, þurft peninga fyrir mat, húsaskjólí eða öðru sem telst til lífsnauðsynja. Það er mikill munur á aðstæðum og umhverfi ungs fólks í vændi og þeirri misnotkun sem þau verða fyrir í heiminum (ECPAT, 2002 a).

1.2. Rannsóknir á vændi í kenningalegu samhengi

1.2.1. Afbrota- og frávíkshæðun kvenna

Félagsfræðilegum skilgreiningum á frávíkshæðun má skipta í tvo flokka eftir því hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar. Annars vegar er um að ræða svokallað samstöðusjónarhorn þar sem fræðimenn ganga út frá því að samstaða ríki um viðmið og gildi samfélagsins. Út frá þessum forsendum má almennt skilgreina frávíkshæðun sem hæðun sem víkur frá hefðbundnum gildum eða reglum samfélagsins (Liska og Messner, 1999, bls. 1). Hins vegar er um að ræða svokallað samskiptasjónarhorn þar sem gengið er út frá því að viðmið og gildi samfélagsins séu ólík eftir hópum. Þannig séu þau félagslega sköpuð. Út frá þessu sjónarhorni er athyglinni ekki lengur beint að frávíkum sem ákveðinni hæðun heldur sem félagslega skilgreindrar eða stimplaðrar hæðunar sem sumt fólk notar til að lýsa hæðun annarra. Þessar tvær nálganir á frávíkshæðun eru grunnurinn að þeirri fræðigrein sem kalla má félagsfræði frávíka (Liska og Messner, 1999, bls. 2).

Viðfangsefni þeirra fræðimanna sem fást við afbrota- og frávíkshæðun eru fjölbreytt og víðfeðm. Í því samhengi má nefna að viðfangsefni fræðimanna og kennslubóka á þessu sviði, svo sem þeirra Kelly (1996) og Little (1995), eru meðal annars vímuefnaneysla, sjálfsvíg, götuglæpir og vændi (sjá í Liska og Messner, 1999, bls.1). Jafnvel þótt vændi hafi verið til umfjöllunar innan félagsfræði frávíkshæðunar hefur slík umfjöllun verið af skornum skammti. Þó má segja að afbrotahæðun kvenna hafi hefðbundið verið skilgreind sem „kynferðisleg“ frávíkshæðun. Í takt við það hafa rannsóknir á vændi í gegnum tíðina fyrst

og fremst beinst að vændi meðal kvenna. Þannig hefur vændi meðal drengja eða karlmanna verið gefinn lítill gaumur. Á sama tíma hefur á undanförunum áratugum mun meiri athygli verið beint að hlut karla í afbrotum og almennri frávíkshæðun. Rannsóknir hafa sýnt að stúlkur eru ekki eins líklegar og strákar til að leiðast út í afbrot og frávíkshæðun og afbrot þeirra eru einnig talin vægari en afbrot stráka (McCaghy, Capron, og Jamieson, 2000; Regoli og Hewitt, 2000).

Fyrstu kenningar um afbrotahegðun kvenna litu til líffræðilegs munar og þroskunar kynjanna (sjá t.d. Lombroso og Ferrero, 1895; Pollak, 1950; Thoman, 1923). Nýlegar líffræði- og þroskakennningar hafa hins vegar litið í auknum mæli til andlegrar vanlíðunar stúlkna og samspils líffræðilegra og félagslegra þátta, á borð við tengsl við foreldra og fjölskyldu (sjá t.d. Cowie, Cowie og Slater, 1968; Konopka, 1966). Sem dæmi um umfjöllun um afbrot kvenna, sér í lagi vændi, í þessu kenningalega samhengi má nefna að í bókinni „The Female Offender” (1895) athuguðu þeir Lombroso og Ferrero meðal annars „venjulegar konur”, vændiskonur og kvenkyn ýmissa dýrategunda. Þeir héldu því fram að vændi meðal kvenna væri samsvarandi afbrotahegðun karlmanna. Þannig töldu þeir vændi meðal kvenna annars vegar og afbrot meðal karla hins vegar koma frá sömu rótum; iðjuleysi, eynd og áfengisdrykkju. Þessir þættir hefðu svo allir sínar líffræðilegu og erfðafræðilegu skýringar. Samkvæmt þessum kenningum teljast einstaklingar í vændi og afbrotum líffræðilega og erfðafræðilega frábrugðnir þeim einstaklingum sem ekki hafa stundað vændi eða sem ekki hafa brotið af sér.

Kenningar félagsfræðinnar færðu athyglina frá einstaklingsþáttum líffræðinnar yfir á þátt félagslegra afla í skýringum á afbrota- og frávíkshæðun. Á árunum 1920-1960 beindust sjónir félagsfræðinga nær eingöngu að afbrotahegðun stráka. Þannig þótti frávíkshæðun stúlkna ekki nægilega aðkallandi viðfangsefni fræð-

anna og hafa þær ýmist rétt verið nefndar eða ekkert um þær rætt meðal fræðimanna (sjá til dæmis Cohen, 1955; Hirschi, 1969; Merton, 1938; Miller, 1958). Samkvæmt þessum kenningum eru það hin félagslegu öfl sem móta einstaklinga þannig að þeir leiðast út í afbrot. Þrátt fyrir þennan litla áhuga á afbrotum meðal kvenna fjölluðu nokkrir fræðimenn um félagslegan bakgrunn vændiskvenna á fyrri hluta nítjándu aldar. Þannig lýsti til að mynda Parént-Duchalatet vændiskonum Parísarborgar á fyrri hluta nítjándu aldar sem fátækum unglingsstúlkum frá brotnum heimilum. Yfirleitt voru þær ólæsar, stunduðu vændi aðeins í stuttan tíma og vildu gjarnan finna sér annan farveg í lífinu, hefðu þær átt þess kost. Þessi lýsing, stundum orðuð sem „hjálpavana“, „heimilislausar“, eða „eignalausar,“ kom fram í mörgum öðrum athugunum (Kneeland, 1913; Parént-Duchalatet, 1937; Winick og Kinsie, 1971). Þá má nefna að í kringum 1950 fór breska Félagsfræði- og líffræðiþingið fram á það að framkvæmd yrði rannsókn á vændi og vandamálum einstaklinga og samfélagsins tengdu vændi. Í kjölfarið, árið 1955, kom út bók Wilkinson R., „*Women on the Streets*“ (sjá í Phoenix, J., 1999). Í bókinni lýsir hún því hvernig ungar stúlkur leiðast út í vændi, en því ferli skiptir hún í þrjú stig. Hún telur ferlið byrja á því að mikilvægar stofnanir samfélagsins sem stúlkan tilheyrir bregðast. Á öðru stigi er stúlkan útilokuð frá hinu hefðbundna þjóðfélagi sem leiðir til þess að stúlkan fer á það stig sem einkennist af óreiðu og fljótandahætti (drifting). Á þriðja stiginu er stúlkan kynnt fyrir heimi vændisins, en Wilkinson leggur áherslu á að það taki langan tíma þangað til stúlkan er orðin vön tilhugsuninni um að selja sig. Phoenix (1999) segir langa greiningu Wilkinson skýra hin ýmsu félagslegu ferli sem stúlkur og konur í vændi ganga í gegnum og það umhverfi sem þær lifa í og leiðir þær út í vændi.

Í þessum upphaflegu athugunum á félagslegu umhverfi vændis var megináhersla lögð á fjárhagslega afkomu og lága stéttarstöðu sem skýringu á vændi. Á undanförunum 30 árum hafa ýmsar athuganir verið gerðar í löndum Vestur-Evrópu og Ameríku á eðli vændis og félagslegu umhverfi þeirra einstaklinga sem það stunda (Bullough og Bullough, 1998). Þessar síðari rannsóknir á viðfangsefninu líta frekar til annarra þátta, svo sem erfiðra fjölskylduaðstæðna eða vanrækslu, kynferðislegrar misnotkunar í bernsku og vímuefnaneyslu. Þó eru rannsóknarmenn almennt á sama máli um að vændi birtist í mörgum myndum og að ólíkar aðstæður verði til þess að einstaklingar leiðist út í vændi. Þannig er ekki til einn sameiginlegur þáttur sem orsakar það að fólk leiðist út í vændi heldur er um flókið samspil fleiri þátta að ræða (McCaghy, Capron, og Jamieson, 2000; Winick og Kinsie, 1971).

Kenningar femínista og marxista hafa einna helst vakið athygli á hlut kvenna í afbrota- og frávíkshæðun. Í þessum kenningum er bent á áhrif feðraveldissamfélagsins og auðvaldsins á stöðu kvenna í samfélaginu. Samkvæmt kenningunum eru konur allt frá fæðingu félagslega mótaðar í kynferðislega staðalmynd og eru álitnar minna virði (inferior) í samfélaginu en karlar (Hagan, Gills og Simpson, 1985; Messerschmidt, 1986; Mears, Ploeger og Warr, 1998; Regoli og Hewitt, 2000). Í rannsóknum á vændi hafa þessar kenningar um kynjamun og ofbeldi karlmannna á konum verið mikið ráðandi. Samkvæmt þeim er vændi afleiðing stjórnar karlmannsins á kynhegðun konunnar. Í sumum tilvikum telja fræðimenn fátækt einstaklinga þar einnig koma við sögu. Þannig er skýringa leitað í fjárhagslegri og líkamlegri þvingun kvenna í vændi. Til dæmis séu konur neyddar út í vændi með ofbeldi. Vændiskonum er lýst sem fórnarlömbum kerfis sem er stjórnað af karlmönnum. Þannig eru þær taldar hafa fáar, ef einhverjar,

leiðir til að standast þau félagslegu öfl sem standa að baki þeirri söluvöru sem kynferði þeirra er.

Rannsókn Hoigård og Finstadt (1986) er gott dæmi um þessa kenningalegu afstöðu. Í rannsókn þeirra, Bakgötur (Bakgater), tóku þær viðtöl við 26 konur í vændi á aldrinum 17 til 32 ára. Bakgrunni kvennanna lýsa þær Hoigård og Finstadt á þann hátt að flestar eigi þær það sameiginlegt að hafa átt erfiða æsku. Þær komi flestar úr lægri stéttum samfélagsins og hafi flestar einhvern tíma um ævina verið lagðar inn á stofnanir af ýmsum toga vegna vandamála heima fyrir, svo sem fósturheimili, unglungaheimili eða barna- og unglिंगageðdeildir. Þá sé áfengis- og vímuefnaneysla algeng. Þær lýsa vændiskonum sem félagslegu úrhraki (social wreckage) sem er hafnað af þjóðfélaginu en að lokum finni þær sér hóp til að tilheyra þar sem vændi er talið vera eðlilegt og viðsættanlegt athæfi. Jafnvel þó þær ræði um félagslegan bakgrunn kvenna sem leið þeirra í vændi þá leggja þær leiðir í vændi og ástæður fyrir vændi ekki að jöfnu. Þannig telja þær fjárskort ávallt vera ástæðu þess að konur byrji að stunda vændi. Hlutur í kúgun karlmannna á konum sé meðal annars sú staðreynd að líkami konu og kynhegðun sé söluvara. Það geri það að verkum að vændi sé ein leið sem fátækar konur fara til að sjá fyrir sér og sínum. Útlistun þeirra á vændi sem félagslegu fyrirbæri hvílir þannig á þeirri forsendu að vændi geti átt sér stað vegna þess að þjóðfélagið líti meira niður á kynferði kvenna en karla. Þannig sé vændi vitnisburður um þá verslunarvöru sem kynferði kvenna er.

Aðrar rannsóknir á vændi sem gerðar hafa verið út frá femínisku sjónarhorni eru meðal annars verk Kathleen Barry „The prostitution of sexuality” (1995) og „Female sexual slavery” (1979). Hún fjallar um vændi og sölu kvenna og stúlkna í vændi um allan heim. Hún telur vændi í allri sinni mynd vera mannréttindabrot

en í gegnum árin hefur hún unnið með samtökunum „Coalition Against Trafficking of Women” í Bandaríkjunum. Þrátt fyrir nokkurn samhljóm í kenningum femínista um vændi þá hafa á undanförunum árum myndast tvær ólíkar fylkingar innan þessa kenniramma. Julia O’Connell Davidson (1998) fjallar um þetta í bók sinni „Prostitution, Power and Freedom” þar sem hún segir þessar tvær fylkingar annars vegar skiptast í þá sem vilja berjast gegn vændi og tilvist þess með öllu í heiminum (abolitionist) og hins vegar þá sem vilja að ástundun vændis verði lögmæt atvinnugrein (pro-sex worker). Samkvæmt henni er um að ræða tvær fylkingar femínista sem hafa ólíkan siðferðislegan og pólitískan skilning á vændi en virðast á sama tíma hafa sömu afstöðu til grundvallaratriða femínískra kenninga. Þannig líti fyrirnefndu fylkingarnar (abolitionist) svo á að kúgun karlmanna á konum felist í vændinu sjálfu. Þær síðarnefndu (pro-sex worker) líti hins vegar á að kúgunin og valdbeitingin af hendi karlmannanna eigi sér stað í gegnum það lagalega kerfi sem bannað hefur vændi í gegnum tíðina. Þannig séu í báðum tilvikum vændiskonur fórnalömb kerfis sem stjórnað er af karlmönnum.

Út frá þessum kenningum um afbrot og frávikshegðun kvenna í samfélaginu almennt og ekki síst út frá femínískum kenningum hefur tíðkast að skilgreiningar á vændi vísi til kvenna eingöngu. Á undanförunum árum hefur þetta breyst og skilgreiningar á vændi ná nú einnig til vændis meðal unglunga af báðum kynjum, barna, karlmanna og samkynhneigðra (Barrett, 2000 a; Flowers, 1998). Þá hefur inntak orðsins vændi ekki einungis breyst á þessum tíma heldur hafa þróast ný hugtök í takt við pólitíska og lagalega afstöðu til vændis. Þetta á meðal annars við um hugtakið „sex workers” sem hópur femínista, sem vill leyfa vændi sem atvinnugrein, notar sérstaklega. Orðið vísar til vændis sem atvinnu meðal fullorðinna einstaklinga.

1.2.2. Vændi meðal ungs fólks

Jafnvel þó svo minnst hafi verið á ungt fólk og sérstaklega ungar konur í vændi í rannsóknum undanfarinna ára og áratuga hefur ungu fólki ekki verið gefinn mikill gaumur í slíkum rannsóknum fyrr en nýlega. Margar þessara rannsókna eiga rætur sínar að rekja til Bandaríkjanna þar sem rannsóknir á heimilislausu ungu fólki og ungu fólki í athvörfum hafa leitt í ljós þann stóra hóp ungs fólks sem notar líkama sinn sem nokkurs konar gjaldmiðil í skiptum fyrir vímuefni, peninga, húsaskjól eða ýmislegt annað (sjá til dæmis Bailey, Camlin og Ennett, 1998; Greene, Ennett og Ringwalt, 1999; Kipke, O'connor, Palmer og Mackenzie, 1995; Roy og félagar, 2000). Þá hefur þessu viðfangsefni verið gefinn meiri gaumur í Evrópu á undanförunum árum þó rannsóknir um efnið hafi verið af skornum skammti (sjá til dæmis Barrett, Barrett og Nullenger, 2000; Council of Europe, 1993; Council of Europe, 1994).

Rannsóknir hafa leitt í ljós að vændi meðal ungs fólks er um margt frábrugðið vændi meðal eldri einstaklinga. Þannig hafa viðtöl við ungt fólk sem leiðst hefur út í vændi til að mynda gefið til kynna að það lítur sjaldan á hegðun sína sem hefðbundið vændi eða á sig sem vændiskonur eða „sex workers” (ECPAT, 2002, b). Vegna þessa hafa ný hugtök fyrir sölu ungmenna á kynferðislegu athæfi verið þróuð. Þessi hugtök eru meðal annars nauðarvændi (survival sex), tækifærissinnað vændi (opportunistic prostitution) og kynmök fyrir greiða (sex for favours). Hugtökin taka tillit til þeirrar nauðungar sem gjarnan einkennir aðstæður ungs fólks í vændi sem skiptir á kynmökum eða kynferðislegu athæfi fyrir lífsnauðsynjar, t.d. húsaskjól, mat, föt eða vímuefni. Einnig taka þau tillit til mismunandi skilnings unga fólksins sjálfs á því sem fram fer. Þá hafa fræðimenn talið mikilvægt að lögð sé áhersla á að ræða um ákveðna hegðun ungmenna frekar en

ákveðna tegund eða hóp ungmenna eins og almennt hefur verið rætt um til dæmis vændiskonur. Þannig sé hegðun ungmennanna skilgreind í stað einstaklinganna sjálfra. Vegna þessa eigi til dæmis hugtakið nauðarvændi betur við en hugtakið „sex worker“. Að auki þurfi hugtök að vísa sérstaklega til barna og ungmenna þar sem mikilvægt sé að aðgreina börn frá fullorðnum þegar vændi er annars vegar. Með því sé reynt að taka tillit til þess valds sem fullorðinn einstaklingur hefur yfir barni eða ungmenni og þeirri misnotkun sem á sér stað við slíkar aðstæður (Barrett, 2000 a). Þrátt fyrir nýjar skilgreiningar á vændi meðal ungs fólks er hugtakið barnavændi þó enn notað, en það vísar frekar til vændis barna yngri en 12 ára og vændis meðal barna yngri en 18 ára þar sem hrein og bein sala á börnum á í hlut. Þannig á hugtakið barnavændi ekki síst við þegar þriðji aðili kemur við sögu og selur barnið eða ungmennið í kynferðislegum tilgangi og fær peninga eða annars konar greiðslu í staðinn.

Í takt við þetta hafa fræðimenn nú í auknum mæli beint sjónum sínum að stúlkum og drengjum sem skipt hafa á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu. Niðurstöður rannsókna meðal ungs fólks sem hlaupist hefur að heiman, og/eða býr á götunni í einhvern tíma, hafa sýnt að stór hluti þeirra hefur einhvern tíma selt kynmök í skiptum fyrir greiða eða greiðslu. Slíkar rannsóknir hafa meðal annars verið framkvæmdar í hinum ýmsu stórborgum í Bandaríkjunum. Þannig gáfu slíkar rannsóknir til að mynda til kynna að um 26% ungmenna sem hlaupist höfðu að heiman, og/eða bjuggu á götunni, í Montreal höfðu selt kynmök fyrir peninga, gjafir, vímuefni eða húsaskjól (Roy o.fl., 2000), um 43% slíkra ungmenna í Los Angeles (Kipke o.fl., 1995) og um 28% í Washington (Bailey o.fl., 1998). Greene, Ennett og Ringwalt álíta nauðarvændi (survival sex) eitt af alvarlegustu vandamálum heimilislausra ungmenna í dag en árið 1999 gerðu þau ítarlega rannsókn á

nauðarvændi meðal ungs fólks sem var heimilislaut og/eða höfðu hlaupist að heiman. Rannsóknin náði til 631 heimilissauss einstaklings á aldrinum 12-21 árs sem gistu yfir nótt á unglíngaathvörfum og 528 einstaklinga í sama aldurshópi sem voru heimilislausir og á götunni. Ungmennin voru spurð að því „*hvort þau hefðu einhvern tíma haft kynmök við einhvern í skiptum fyrir peninga, mat, húsaskjól eða eitthvað annað sem hugur þeirra girndist*” og að því „*hvort þau hefðu haft kynmök við einhvern í skiptum fyrir vímuefni eða peninga til að kaupa vímuefni*”. Af því unga fólki sem dvaldi á götunni sögðust um 28% hafa reynslu af nauðarvændi og meðal þeirra sem höfðu gíst á unglíngaheimili átti það sama við um 10%. Í báðum hópunum voru sterk tengsl milli reynslu um nauðarvændi og aldurs. Þannig jukust líkurnar á því að unglíngarnir hefðu reynslu af nauðarvændi eftir því sem þeir voru eldri. Einnig leiddu niðurstöðurnar í ljós að lengd þess tíma sem ungmennin höfðu verið að heiman skiptu miklu máli þegar nauðarvændi var annars vegar þar sem lengri dvöl að heiman jók líkurnar á nauðarvændi. Þá voru strákar líklegri en stelpur til að hafa skipt á kynmökum fyrir húsaskjól, mat, vímuefni, peninga eða annað.

Athygli vekur þessi kynjamunur sem rannsókn þeirra Greene, Ennett og Ringwalt gaf til kynna á nauðarvændi meðal ungs fólks en þetta er á skjön við þær áherslur sem hafa verið í gegnum tíðina í umræðu og rannsóknum á vændi. Svipaðar niðurstöður komu í ljós í þýðisrannsókn þeirra Pedersen og Hegnu (2000) í Osló þar sem hlutfallslega færri stúlkur á aldrinum 14-17 ára (0,6%) en strákar (2,1%) sögðust hafa skipt á kynmökum eða kynferðislegu athæfi í staðinn fyrir greiða eða greiðslu.

1.3. Félagslegt umhverfi vændis meðal ungs fólks

Vændi birtist í mörgum myndum og fyrirfinnst í öllum heimshlutum. Enn tíðkast sums staðar í heiminum sala einstaklinga í vændi (Barry, 1995). Þótt þetta sé ekki algengt í okkar heimshluta má segja að hlutskipti fjölmargra þeirra sem selja líkama sína skilyrði valið. Þannig er vændi oft sú leið sem ungt fólk í erfiðum félagslegum aðstæðum eiga kost á að fara til að fjármagna lífstíl sinn og lifa af (Graham og Wish, 1994; Miller, 1995). Nýlegar rannsóknir á vændi hafa í miklu mæli beinst að ungu fólki sem býr við erfiðar félagslegar og fjárhagslegar aðstæður; eru annað hvort á götunni, búa við einhvers konar skammtímaúrræði, svo sem í athvörfum, í fangelsum eða á geðheilbrigðisstofnunum (Bailey o.fl., 1998; Greene o.fl., 1999; Høigård og Finstad, 1986; Kipke o.fl., 1995; Regoli og Hewitt, 2000; Roy o.fl., 2000; Seng, 1989). Þá hefur umfjöllun um vændi meðal ungs fólks litið sérstaklega að vændi á götum úti, en rannsóknir hafa gefið til kynna að slíkt vændi sé hlutfallslega algengara meðal ungs fólks en eldra (Barrett, Barrett og Mullenger, 2000; O'Neill, 2001). Í ljósi þessara áherslna hafa rannsóknir á félagslegu umhverfi vændis beinst að jaðarhópum í samfélaginu. Vegna þessa er sjaldnast hægt að yfirfæra niðurstöður á þýði ungs fólks. Upplýsingar um áhættuþætti og birtingarform vændis meðal ungs fólks í samfélaginu í heild hafa því verið af skörnum skammti.

Ein undantekning frá þessu er meðal annars nýleg þýðisrannsókn þeirra Pedersen og Hegnu (2000) og Hegnu og Pedersen (2003) sem framkvæmd var í Osló í Noregi árið 1998-2003. Þau rannsökuðu félagslegt umhverfi og aðstæður ungs fólk á aldrinum 14 til 17 ára í Osló sem höfðu skipt á kynmökum og kynferðislegum athöfnum fyrir greiðslu. Í rannsókninni voru notaðar bæði megindlegar og

eigindlegar aðferðir. Annars vegar samanstóð rannsóknin af gögnum úr könnun um hagi og líðan ungs fólks í Osló á aldrinum 14-17 ára. Hins vegar voru tekin viðtöl við sjö ungmenni sem höfðu skipt á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu. Rannsóknin staðfesti bæði niðurstöður fyrri rannsókna auk þess að varpa nýju ljósi á vændi meðal ungs fólks. Þannig staðfestu þær til að mynda fyrri niðurstöður um algengi þess að ungt fólk í vændi hafi upplifað sundrung á heimili sínu. Þá voru þessi ungmenni líklegri til að hafa hafið samfarir fyrr en önnur ungmenni og töldu þau Pedersen og Hegna hluta af þeim svörum geta gefið vísbendingar um kynferðislega misnotkun í æsku. Sérstakar spurningar um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi voru ekki að finna í könnuninni. Þá reyndust hegðunarsvandamál og mikil neysla áfengis og vímuefna helst einkenna þann hóp ungs fólks sem hafði selt kynmök eða kynferðislegar athafnir. Þær niðurstöður sem helst komu á óvart og vöktu sérstaka athygli var sá breytilegi félagslegi og fjárhagslegi bakgrunnur sem ungmennin komu frá auk þess sem athygli vakti að strákar voru í meirihluta þeirra sem höfðu selt kynmök (Pedersen og Hegna, 2000 og 2003).

Aðrar erlendar rannsóknir á félagslegu umhverfi vændis hafa ítrekað gefið til kynna vissa áhættuþætti vændis meðal ungs fólks. Má þar helst nefna algengi þess að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku, að vera eða hafa verið í áfengis- og vímuefnaneyslu, að hafa hlaupist ungur að heiman og að hafa skort eftirlit og umsjón foreldra (Greene o.fl., 1999; James og Meyerding, 1977; McCaghy o.fl., 2000; McClanahan o.fl., 1999; Pedersen og Hegna, 2000; Regoli og Hewitt, 2000; Seng, 1989; Yates o.fl., 1991; Widom og Kuhn, 1996). Það ber að benda á að þrátt fyrir að margir einstaklingar í vændi hafi sameiginlega reynslu að baki, þá sker enginn þeirra úr um hvort einstaklingur leiðist út í vændi eða ekki. Því er um

afar flókið samspil að ræða þar sem ólíkir þættir geta vegið misþungt hjá ólíkum einstaklingum.

1.3.1. Kynferðisleg misnotkun

Ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl vændis og kynferðislegrar eða líkamlegrar misnotkunar, innan fjölskyldu eða utan, svo sem sífjaspells og nauðgunar. Þessar rannsóknir hafa þó helst beint sjónum sínum að kynferðislegri misnotkun í barnæsku. Þannig hafa niðurstöður gefið til kynna að allt frá 50% til 90% kvenna í vændi hafi orðið fyrir kynferðislegri misnotkun fyrir 16 ára aldur (Farley og Barkan, 1998; Flowers, 1990; James og Meyerding, 1977; McCaghy o.fl., 2000; Peters, 1976; Simons og Whitbeck, 1991). Þá leiddu niðurstöður Widom og Ames (1994) í ljós að konur sem hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun voru 28 sinnum líklegri til að hafa verið handteknar fyrir vændi síðar á ævinni en konur sem ekki höfðu orðið fyrir kynferðislegri misnotkun í bernsku. Niðurstöður rannsókna meðal ungmenna hafa gefið svipaðar niðurstöður. Þannig gaf rannsókn meðal ungs fólks sem hafði hlaupist að heiman og/eða bjó á götunni í Seattle borg í Bandaríkjunum til kynna að bæði væri reynsla af kynferðislegri misnotkun afar algeng meðal þessa hóps ungmenna auk þess sem kynferðisleg misnotkun í æsku jók líkurnar á því að ungmennin höfðu orðið fyrir kynferðislegri misnotkun eða leiðst út í vændi síðar um ævina þegar á götuna var komið (Tyler, Hoyt, Whitbeck og Cauce, 2001).

Brannigan og Gibbs Van Brunshot (1997) halda því fram að þrátt fyrir að ýmsar rannsóknir hafi gefið til kynna tengsl milli kynferðislegrar misnotkunar í æsku og vændis þá sé ekki um orsakatengsl að ræða. Í stað þess telja þær að hvers konar áfall eða vandamál sem koma upp á milli barna og foreldra, svo sem kynferðisleg

misnotkun, veiki tengsl barnsins við fjölskylduna og trúfli þroska þess með þeim afleiðingum að auka varnarleysi gagnvart ýmiss konar afbrotahegðun. Með þessum hætti vilja þær skýra vændi meðal ungra stúlkna sérstaklega út frá veikum tengslum þeirra við fjölskyldu sína. Enn frekari rannsókna er þörf á þessu sviði en rannsóknir hafa þó staðfest þær margþættu afleiðingar sem kynferðislegt ofbeldi í æsku hefur. Niðurstöður viðamikillar rannsóknar árið 1997 (*The Rochester Youth Developmental Study*) sem framkvæmd var meðal 1000 ungmenna í skólum New York borgar gaf til að mynda til kynna að sá hópur ungmenna sem hafði orðið fyrir misnotkun í æsku reyndist vera líklegri en aðrir til að hafa leiðst út í afbrotahegðun ýmiss konar (sjá í Regoli, og Hewitt, 2000, bls. 193). Þá jukust líkurnar á öðrum vandamálum, svo sem vanlíðan, vímuefnaneyslu, snemmbærri þungun og slæmri frammistöðu í skóla, eftir því sem misnotkun þeirra hafði verið alvarlegri. Aðrar rannsóknir hafa gefið til kynna að misnotkun barna geti haft í för með sér mikla andlega og líkamlega vanlíðan og algengt er að börnin upplifi sjálf sig sem kynferðislega minna virði en aðra, sem spillta og jafnvel vonda einstaklinga sem ekkert gott eiga skilið (Deisher, Robinson, og Boyer, 1982). Þannig virðist skilningur þessara barna og ungmenna á kynlífi, ást og umhyggju breytast og jafnvel afmyndast gegnum fyrri reynslu af kynferðislegri misnotkun og ofbeldi (O'Neill, M., 2001).

1.3.2. Fjölskylduaðstæður og heimilisleysi

Hvað varðar hefðbundna umfjöllun um vændi, ekki síst í Bandaríkjunum, hefur félagsstaða fjölskyldna gjarnan verið talin vega þungt í skýringum á vændi (Winick og Kinsie, 1971). Þá hafa sumar rannsóknir gefið til kynna að börn einstæðra foreldra eða börn fráskilins foreldris og stjúpforeldris séu líklegri til að

leiðast út í vændi en önnur börn. Þannig leiddi til að mynda rannsókn James (1980) í ljós að um 70% ungs fólks sem leiðst hafði út í vændi komu frá heimilum þar sem annað eða hvorugt foreldri voru til staðar. Þrátt fyrir þetta hafa nýlegar evrópskar rannsóknir gefið annað til kynna. Má þar helst nefna rannsókn þeirra Pedersen og Hegnu (2000) á vændi meðal skólanema í Osló en þar vakti sérstaka athygli sá breytilegi félagslegi og fjárhagslegi bakgrunnur sem ungmennin komu frá. Þannig gáfu niðurstöðurnar til kynna að sá hópur ungs fólks sem hafði selt kynmök komi frá ólíkum lögum samfélagsins og bjó í ólíkum hverfum borgarinnar með tilliti til fjárhagsstöðu. Þannig sagði stéttarstaða, fjárhagur og menntun foreldra lítið til um það hverjir voru líklegir til að leiðast út í vændi og hverjir ekki. Rannsóknir hafa þó gefið til kynna að margt ungt fólk í vændi eigi það sameiginlegt að koma frá brotnum heimilum. Þannig hafa mörg ungmenni í vændi upplifað sundrung á heimili sínu þar sem streita, heimilisofbeldi eða áfengisvandamál foreldra koma gjarnan við sögu (Flower, 1998; MacVicar og Dollon, 1980; Newman og Caplan, 1981; Pedersen og Hegna, 2003).

Ungt fólk sem hefur upplifað erfiða æsku sem einkennist af ofbeldi, vanrækslu og sundrung skortir gjarnan ástúð og umhyggju og jákvæða athygli. Þannig getur slík reynsla haft í för með sér lágt sjálfsmat, vanlíðan og lítið sjálfstraust til að takast á við erfiðar þrautir lífsins. Slík líðan getur leitt til þess að börn og unglingar leiti í annað umhverfi og hlaupist að heiman. Talið er að stór hluti þeirra ungmenna sem hlaupast að heiman séu að flýja undan slæmum fjölskylduaðstæðum eða jafnvel ofbeldi sem þau verða fyrir á heimili sínu (Flowers, 1995; Lenihan og Dean, 2000; Tyler, Hoyt, Whitbeck og Cause, 2001). Þessi börn og ungmenni lenda gjarnan á götunni þar sem þau þekkja oft ekki til réttar síns og vita ekki til þeirra úrræða sem þeim stendur til boða. Einnig vilja sum ekki leita til opinberra

stofnana af hræðslu við að finnast aftur eftir að hafa flúið að heiman. Niðurstöður rannsókna hafa gefið til kynna að börn og unglingar sem hlaupast að heiman og búa við margbreytilegar aðstæður eða heimilisleysi séu líklegri til að leiðast út í vændi en þau sem búa heima (Greene o.fl., 1999; Høigård og Finstad, 1986; Regoli og Hewitt, 2000; Seng, 1989). Þannig kynnist þessi hópur ungmenna auðveldlega götumeningunni þar sem vímuefnaneysla, ofbeldi og afbrot eru hluti af hinu daglega lífi. Í aðstæðum sem þessum virðast unglingar geta leiðst út í selja aðgang að eigin líkama til að verða sér úti um peninga og lífsnauðsynjar svo sem mat, húsaskjól og vímuefni. Samkvæmt rannsókn Greene og féлага (1999) höfðu um 28% heimilisláusra unglunga og 10% unglunga sem bjuggu á unglungaheimilum einhvern tíma selt sig. Þá sýna niðurstöður að þetta eigi sérstaklega við á unglingsárunum en með hækkandi aldri minnki líkur á að flótti að heiman hafi áhrif á það hvort einstaklingur leiðist út í vændi (McClanahan o.fl., 1999).

1.3.3. Vímuefnaneysla

Vímuefnaneysla getur gert ungmenni bæði tilfinningalega og fjárhagslega berskjölduð fyrir því að fara út í vændi (Goldstein, Ouellet og Fendrich, 1992; Miller, 1995; Yates o.fl., 1991). Rannsóknir á vímuefnaneyslu einstaklinga í vændi hefur meðal annars verið athuguð meðal unglunga, kvenna sem hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun, stúlkna sem hafa hlaupist að heiman og kvenna á meðferðarheimilum en niðurstöður hafa almennt sýnt að þessir einstaklingar neyti vímuefna í meira mæli en aðrir (Rotheram-Borus, Mahler, Koopman o.fl., 1996; Seng, 1989). Rannsókn í Osló meðal skólanema á aldrinum 14 til 17 ára staðfesti einnig þessar niðurstöður þar sem mikil neysla áfengis og ólöglegra vímuefna tengdist því helst hvaða ungmenni höfðu selt kynmök einu sinni eða oft (Peder-

sen og Hegna, 2000). Rannsóknin leiddi einnig í ljós að þau ungmenni sem höfðu selt kynmök voru líklegri til að eiga við hegðunarvandamál að stríða og vandamál tengd neyslu áfengis og vímuefna. Þá voru þau líklegri til að vera gerendur í minniháttar afbrotum, urðu oftari fyrir ofbeldi og ofbeldishótunum og héldu mikið til í miðbæ Oslóborgar.

Þó svo margar rannsóknir hafi staðfest tengsl milli vímuefnaneyslu og vændis þá hefur reynst erfitt að alhæfa um hvað er orsök og hvað afleiðing. Þannig hafa niðurstöður gefið til kynna að sumir einstaklingar fari í vændi til að fjármagna vímuefnaneyslu en aðrir hefji neyslu vímuefna eftir að hafa byrjað í vændi (James, 1976; Kipke o.fl., 1995; Kuhn, Heide og Silverman, 1992). Þegar unglingavændi er skoðað sérstaklega telja sumir vísindamenn þó algengara að vændi sé leið til að útvega vímuefni. Þannig gaf rannsókn Johnson J., (1992) til kynna að um 8 af hverjum 10 ungum stúlkum í vændi hafi verið byrjaðar að nota vímuefni áður en þær leiddust úr í vændi (sjá í Flowers, 1998). Niðurstöður rannsókna hafa einnig gefið til kynna að frá fimmtungi upp í um helmingur ungs fólks í vændi noti ólögleg vímuefni reglulega. Marijuana virðist nokkuð mikið notað samhliða neyslu áfengis. Á sama tíma virðast einnig margar stúlkur nota harðari efni svo sem deyfilyf ýmiss konar, heróín og kokaín (Flowers, 1998). Vændissalar² eiga oft stóran þátt í því að kynna ungar stúlkur fyrir vímuefnum og gera þær jafnvel háðar slíkum efnum með því að bjóða þeim fyrstu skammtana ókeypis. Rannsóknir á því af hverju ungar stúlkur í vændi nota vímuefni hafa auk þess gefið til kynna að stúlkum finnist vímuefni hjálpa þeim að slaka á, þau auki kynlífsgetu þeirra, minnki vanlíðan sem tengist því að selja sig og minnki feimni og hræðslu við þá sem kaupa og selja vændi. Þá auki þau vellíðan og deyfi hugsun

² Vændissali er milligönguaðili milli þeirra sem kaupa vændi og þeirra einstaklinga sem selja sig (sbr. enska orðið *pimp*).

og minningar, til að mynda um ofbeldi í æsku. Einnig segjast sumar ungar stúlkur sig hafa leiðst út í vímuefnaneyslu vegna áhrifa frá vinum, kunningjum eða vændissölum og hafa þannig lent í vítahring fíkninnar (Flowers, 1998 og 1995).

Breskar athuganir á vændi meðal ungs fólks hafa einblínt nokkuð á vændi á götum úti, en ungt fólk í vændi virðist einna helst vera að finna við slíkar aðstæður þar sem neysla vímuefna spilar gjarnan stórt hlutverk (Lenihan og Dean, 2000; May, Edmunds og Hough, 1999; Ward, Green og Day, 1997). Ýmis verkefni hafa verið sett á laggirnar til að reyna að sporna við vændi og sölu vímuefna meðal ungs fólks á ákveðnum svæðum í Bretlandi en reynst hefur erfitt að aðskilja þetta tvennt. Ástæður þess eru helst taldar vera að markaðirnir séu háðir hvorum öðrum og jafnvel skipulagðir samhliða. Þannig eru annars vegar einstaklingar í kynlífsiðnaði og viðskiptavinir hans miklir kaupendur vímuefna. Hins vegar dregur vímuefnamarkaðurinn að sér viðskiptavini sem í kjölfarið verða hugsanlegir viðskiptavinir kynlífsiðnaðarins. Þá er talið að algengt sé að sömu einstaklingar standi að baki sölu á bæði vændi og vímuefnum (Lenihan og Dean, 2000; Plant, 1997). Bandarískar rannsóknir hafa sýnt fram á svipaðar niðurstöður þar sem einstaklingar í vændi virðast oft og tíðum hafa hlutverki að gegna innan vímuefnamarkaðarins en í því felst meðal annars burður vímuefna á milli staða, dreifing þeirra og sala á kynmökum eða kynlífsathöfnum fyrir vímuefni (Feucht, 1993).

Í þessu samhengi má nefna að auk þess sem ungar stúlkur í vændi í Bandaríkjunum hafa komið við sögu hjá lögreglu vegna þess að þær hafa hlaupist að heiman og vegna vændis þá eru margar ungar stúlkur í vændi einnig handteknar fyrir annað athæfi svo sem fyrir glæpi tengda áfengis- og fíkniefnanotkun. Þetta kemur fram í skýrslu sem gefin var út af bandaríska dómsmálaráðuneytinu árið 1996 (sjá í Flowers, 1998). Sumir þessara glæpa tengjast mjög náið þeim heimi

sem ungt fólk í vímuefnaneyslu og vændi lifir í þar sem neysla vímuefna, ofbeldi og glæpir eru nánast daglegt brauð. Þá eru sum þessara afbrota sprottin frá vændissölum sem oft og tíðum nota ungt fólk í vændi til að stela eða flytja vímuefni (burðardýr) eða peninga (Flowers, 1990 og 1998).

1.3.4. Fyrstu skref í vændi og neysla vímuefna

Eflaust velta margir því fyrir sér hvernig ungt fólk kemst í þau spor að selja sig fyrir peninga eða vímuefni í fyrsta sinn. Hvernig kynnist það heimi vændisins og hvernig kemst það í kynni við einstaklinga sem hafa áhuga á að borga fyrir kynmök? Rannsóknir hafa gefið til kynna að stór hluti ungs fólks sem leiðist út í vændi verður fyrir áhrifum frá öðrum einstaklingum í kringum sig sem annað hvort tæla þau eða blekkja til að selja sig eða sem aðstoða þau í góðri trú með því að útvega þeim húsnæði, vímuefni, mat eða annað (Lenihan og Dean, 2000; O'Neill, 2001). Í rannsóknar- og hjálparverkefni (outreach work) Barnardo í Englandi, þar sem komið var ungu fólki í vændi til aðstoðar, reyndist ungt fólk vera helst tælt í vændi á tvo vegu. Annars vegar af eldra fólki og hins vegar þegar einstaklingar urðu fyrir þrýstingi frá jafningjahópnum til að skipta á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu (sjá í Lenihan og Dean, 2000)

Hvað varðar fullorðið fólk sem tælir ungt fólk í vændi virðast bæði eiga í hlut vændissalar og aðrir fullorðnir einstaklingar sem ekki eru vændissalar. Vændissalar virðast leita markvisst að ungu fólki sem lítur út fyrir að vera einmana, með lítið sjálfstraust, biturt og á einhvern hátt útskúfað eða eitt á báti. Slíkir einstaklingar eru oft og tíðum börn og ungmenni sem hlaupist hafa að heiman og jafnvel upplifað ofbeldi eða misnotkun á heimili sínu. Þegar á götuna er komið eru þau hjálparlaus, fjárþurfi og eiga oft en ekki í engin hús að venda. Vændissalinn

birtist þeim sem bjargvættur og verndari sem byrjar jafnvel á því að bjóða þeim upp á mat, húsnæði, vímuefni eða hvað annað sem þau vanhagar um sem þau þurfa svo að borga til baka með kynmökum við þá eða aðra. Á þann hátt gerir vændissalinn einstaklingana háða sér. Þá gera þeir börn og ungmenni gjarnan háð vímuefnum sem gefur þeim enn meiri stjórn á þeim en ella (Barry, 1995).

Einnig virðist ungt fólk kynnast vændi á þann hátt að fullorðnir einstaklingar sem vilja borga fyrir kynmök nálgast það að fyrra bragði og bjóði þeim hitt og þetta sem þeim líkar. Þannig gefi þeir ungu fólki jafnvel peninga eða vímuefni í fyrstu án endurgjalds, geri þau þannig háð sér og fari að lokum fram á skipti á kynmökum fyrir slíka greiða. Þá á jafningjahópurinn sinn þátt í því að tæla ungmenni í vændi. Þannig virðist það nokkuð algengt meðal ungs fólk sem hlaupist hefur að heiman og er á götunni, að vinur eða kunningi sem jafnvel hefur sjálf(ur) reynslu af vændi bendi þeim á þessa leið til að verða sér úti um lífsnauðsynjar og til að lifa af á götunni. Þannig geti bæði átt í hlut hvatning vina í góðri trú og neikvæður hópþrýstingur sem leiði til sölu kynmaka í skiptum fyrir peninga, vímuefna eða jafnvel álit og samþykki jafningjahópsins (Barry, 1995; O'Neill, K., 2001 og Flowers, 1998).

1.3.5. Líðan ungs fólks í vændi

Niðurstöður erlendra rannsókna hafa gefið til kynna að andleg líðan einstaklinga í vændi sé oft slæm. Þannig sé til að mynda tíðni þunglyndis, kvíða og áfallaröskunar mun hærri meðal þeirra en annarra (Farley og Barkan, 1998; McClanahan o.fl., 1999; Yates o.fl., 1991). Slík vanlíðan virðist eiga við um ungt fólk jafnt sem eldra. Á þann hátt eru skólanemar á aldrinum 14 til 17 ára sem hafa selt kynmök einu sinni eða oftár meira einmana og sýna oftár merki um þunglyndi og kvíða en

jafnaldrar þeirra (Pedersen og Hegna, 2000). Hjá sumum þessara ungmenna eru geðraskanir og tilfinningaleg vandamál til staðar áður en einstaklingar leiðast út í vændi. Í slíkum tilfellum getur til að mynda átt í hlut sundrung innan fjölskyldna og/eða það að þurfa að lifa við erfiðar fjölskylduaðstæður, en slíkt getur oft leitt til lágs sjálfsmats og mikillar vanlíðanar (Brannigan og Gibbs Van Brunshot, 1997; Lee og O'Brien, 1995). Hjá öðrum tengist vanlíðan jafnvel beint þeim afleiðingum og því áfalli sem vændi og misnotkun ýmis konar getur haft í för með sér (Barry, 1995; Flowers, 1998). Tilfinningar og vanlíðan sem virðist oft koma í kjölfar þess að selja líkama sinn eru meðal annars tilfinningar á borð við að finnast vera einskis virði, dapurleika, hjálparleysi, lágt sjálfsmat og jafnvel þunglyndi. Margar þessara tilfinninga eiga rætur að rekja til lífs sem einkennist af hörku á yfirborðinu á sama tíma og undir niðri býr hræðsla, örvænting og vanlíðan.

Þá hefur verið athugað hversu mikinn þátt vímuefnaneysla fólks í vændi spilar inn í andlega líðan þeirra. El-Bassel og félagar (1997) komust að því að andleg vanlíðan var meiri meðal kvenna sem stunduðu vændi og notuðu vímuefni en meðal kvenna sem notuðu vímuefni án þess að stunda vændi. Rannsóknarmennirnir drógu þá ályktun af niðurstöðunum að greining og meðferð á sálrænum kvillum meðal einstaklinga sem hafa stundað vændi sé mikilvæg en ábótavant.

Ákveðin áhætta er fólgin í því að fara einn á afvikinn stað með ókunnugum. Þegar um ræðir einn einstakling sem selur öðrum aðgang að líkama sínum í slíkum aðstæðum er hættan á ofbeldi alltaf til staðar (Winick og Kinsie, 1971). Í samræmi við þetta hafa rannsóknir gefið til kynna að aðaláhyggjuefni margra stúlkna í vændi er ofbeldi af hendi kaupenda (Greene o.fl., 1999). Melissa Farley og Howard Barkan (1998) gerðu rannsókn þar sem þau tóku viðtöl við 130

einstaklinga sem stunduðu vændi í Los Angeles. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að 82% þeirra sögðust hafa orðið fyrir líkamsárás í starfi, um 83% sögðust hafa verið ógnað með vopni einu sinni eða oft, 68% sögðust hafa lent í því að vera nauðgað og 84% sögðust hafa verið heimilislaus einhvern tíma á því tímabili sem þeir höfðu stundað vændi. Rannsóknir meðal ungs fólk í vændi hafa einnig gefið til kynna að ofbeldi sé einn af fylgifiskum vændis. Maggie O'Neill (2001) segir viðmælendur sína í vændi, bæði stelpur og stráka, almennt líta á ofbeldi sem eina af staðreyndum lífsins. Mörg þessara ungmenna finnst þau bera ábyrgð á lífstíl sínum og vandamálum og telji ofbeldi vera þá refsingu sem þau eigi skilið fyrir að fara svona með líf sitt. Þannig leiti þau sér sjaldan hjálpar eða verndar.

Niðurstöður erlendra rannsókna sýna að auk andlegs og líkamlegs ofbeldis og vanlíðunar reynist smitun sjúkdóma, svo sem alnæmis og lifrabólgu, einnig mjög algeng (DeMatteo o.fl., 1999; Lee og O'Brien, 1995; McClanahan o.fl., 1999; Roy o.fl., 2000). Einnig hafa rannsóknir gefið til kynna að sjálfsköðun, svefnvandamál og erfiðleikar í daglegum samskiptum, skóla og vinnu hrjái oft börn og ungmenni sem leiðst hafa út í vændi (Lee og O'Brien, 1995). Þá eru sjálfsmorð og sjálfsmorðstilraunir mun algengari hjá þeim sem stunda vændi en öðrum, en það getur verið örþrífafyllsta leiðin sem gripið er til að komast út úr vændi (Greene o.fl., 1999; Yates o.fl., 1991; Winick og Kinsie, 1971).

Ungt fólk í vændi virðist almennt leita sér mjög seint aðstoðar, til að mynda til heilbrigðiskerfis og lögreglu. Ætla má að ástæður þess séu nokkrar. Í fyrsta lagi veik og oft misvísandi lög um refsingar til handa þeim sem stunda, selja og kaupa vændi. Einnig er ástæðan talin sú að ungt fólk í vímuefnaneyslu og vændi hefur oft og tíðum sögu um önnur afbrot, en slíkur bakgrunnur er ekki gerður til að

skapa traust í samskiptum við yfirvöld eða opinberar stofnanir. Þá tíðkast það einnig að vændissalar sem selja ungar stúlkur til annarra í kynferðislegum tilgangi leyfi þeim ekki að leita sér hjálpar ef vanlíðan eða jafnvel alvarlegir sjúkdómar hrjá þær af hræðslu um að upp um þá komist. Þessu tengt getur vændissalinn kúgað og jafnvel hindrað ferðafrelsi einstaklinga sem enn eykur á vanlíðan þeirra og örvæntingu. Misheppnaðar tilraunir til að sleppa undan vændissölum geta einnig reynst hættulegar og jafnvel leitt til frekara líkamlegs, andlegs og kynferðislegs ofbeldis af hendi þeirra. Þannig uppgötva margir ekki fyrr en of seint að það getur reynst þeim þrautinni þyngra að losna undan yfirráðum vændissala til að hefja nýtt líf eða til að leita sér hjálpar. (Barry, 1995; Lenihan og Dean, 2000; O'Neill, 2001).

1.4. Félagsfræði frávika

Þó tengsl kynferðislegrar misnotkunar í æsku, vímuefnaneyslu og fjölskylduaðstæðna ungmenna annars vegar og vændis hins vegar hafi verið rannsökuð nokkuð hefur kenningalegt samhengi þessara tengsla verið gefinn minni gaumur og þær skýringar sem þar liggja að baki. Eins og komið hefur fram virðast þessir þættir allir veigamiklir þegar félagslegt vændi meðal ungs fólks er annars vegar. Í þessum kafla verður farið yfir nokkrar félagsfræðilegar skýringar frávíkshæðunar sem nota má til að kanna félagslegt umhverfi vændis meðal ungs fólks. Athyglinni verður sérstaklega beint að kynferðislegri misnotkun sem skýringu á vændi þó einnig verði komið inn á þátt vímuefnaneyslu og fjölskylduaðstæðna.

Nokkrar félagsfræðilegar kenningar um frávíkshæðun eru betur til þess fallnar en aðrar að skýra tengsl kynferðislegrar misnotkunar í æsku og vændis meðal ungs

fólks. Í því tilliti verða hér sérstaklega reifaðar þrjár kenningar. Þær eru félagsnámskenningar „Differential association” (Sutherland og Cressey, 1994) og „Social learning approach” (Akers o.fl., 1979), taumhaldskenningar „Social control theory” (Hirchi, 1969) og álagskenningar „General strain theory” (Agnew, 1992).

Félagsnámskenningingar spretta út frá kenningum um táknbundin samskipti. Í kenningu Sutherland og Cressey um „Differential association” (Sutherland og Cressey, 1994³) er fjallað um það hvernig fólk lærir afbrota- og frávíkshæðun af öðrum í gegnum samskipti. Þannig er frávíkshæðun eitthvað sem ungt fólk lærir í samskiptum sínum við annað fólk. Þessi lærdómur á sér sérstaklega stað meðal fólks sem er í nánnum tengslum, svo sem vinahópum eða fjölskyldum. Aðstæður sem fela í sér lítil tengsl og engin samskipti, svo sem áhorf sjónvarps eða lestur tímarita, spila því minniháttar hlutverk í því hvernig hæðun, svo sem afbrota- og frávíkshæðun, lærist. Þannig lærir fólk í gegnum samskipti annars vegar aðferðir til að fremja glæpi og hins vegar ákveðnar réttlætningar og ástæður fyrir slíkri hæðun og viðhorfi í garð hæðunarinnar eða glæpsins. Lærdómurinn á sér stað með þeim hætti að einstaklingur lærir jákvæðar eða neikvæðar skilgreiningar á hæðun. Þannig gerist einstaklingur afbrotamaður vegna þess að hann hefur lært jákvæðar skilgreiningar á hæðun sem brýtur í bága við lögum umfram neikvæðar skilgreiningar. Jákvæðar skilgreiningar í garð ólöglegs athæfis er lykilatriði í kenningu Sutherland er varða afbrotahæðun. Á þann hátt hefur ýmiss lærdómur áhrif á hæðun einstaklingsins en það sem skiptir mestu máli í því að einstaklingur leiðist út á braut afbrota er að lærðar jákvæðar skilgreiningar í garð ólöglega athæfa vega þyngra en þær neikvæðu. Þannig má á sama hátt segja að samkvæmt

³ Um er að ræða endurútgáfu Edwin H., Sutherland og Donald R., Cressey (1978). *Criminology* (10. útgáfa), bls., 77-83. New York: Harper & Row Publishing.

kenningunni leiðist einstaklingur ekki út á braut afbrota vegna þess að hann lærði neikvæðar skilgreiningar í garð ólöglegs athæfis umfram jákvæðar. Samkvæmt þessum kenningum er því frávíkshæðun félagslega lærð og lærist hún fyrst og fremst í nánum samskiptum fólks í gegnum jákvæðar og neikvæðar skilgreiningar. Akers og félagar (1979) og Akers árið 1985 (sjá í McCaghy, Capron og Jamieson, 2000) útfærðu kenningu Sutherland og gerðu hana almennari. Þeir kölluðu hana „Social learning approach“. Þar færir Akers kenningu Sutherland yfir á kenningar um styrkingar. Samkvæmt „Social learning approach“ er frávíkshæðun lærð í gegnum virka skilyrðingu, sem felur í sér að tíðni athafnar verður fyrir áhrifum frá afleiðingum sínum, til að mynda styrkingu. Þannig er sú hæðun sem er styrkt umfram aðra skilgreind sem æskileg eða réttlæt看leg þegar einstaklingurinn kemst í svipaðar aðstæður síðar. Á þann hátt megi búast við að einstaklingur sýni frávíkshæðun ef lærðar jákvæðar skilgreiningar í garð hæðunarinnar hafi verið styrktar eða verðlaunaðar umfram aðra samkeppnishæfa hæðun. Eins og í kenningu Sutherland telja Akers og félagar lærdóm fara helst fram innan þeirra hópa sem einstaklingurinn fær mesta umbun frá. Hins vegar telja þeir frávíkshæðun einnig lærast frá óáþreifanlegri hópum fólks, til dæmis í gegnum fjölmiðla eða frá hefðbundnum stofnunum þjóðfélagsins, svo sem skólum og samtökum ýmiss konar. Þó kenningin nái til lærdóms sem ekki á sér stað í samskiptum fólks, er kenningin best til þess fallin að skýra hæðu innan hóps einstaklinga sem er styrkt. Slík styrking felst í umbun sem kemur í kjölfar hæðunar og getur til að mynda falist í jákvæðri athygli frá hópnum.

Sé þessi kenning notuð til að skýra tengsl milli kynferðislegrar misnotkunar í æsku annars vegar og vændis á unglingsárum hins vegar má ætla að skýringin fælist í því að barnið læri ákveðin viðhorf og hæðun sem hefur áhrif á líf þess og

hegðun síðar meir. Samkvæmt þessari kenningu um félagsnám má ætla að barn sem verður fyrir kynferðislegri misnotkun í æsku læri viðhorf í garð athæfisins og jafnvel sjálfs sín sem fórnarlamb sem auki líkur á því að það verði fyrir frekari misnotkun síðar á lífsleiðinni, til að mynda vændi. Þetta ætti ekki síður að eiga sér stað fari misnotkunin fram af hendi nákomins aðila sem með slíku athæfi kennir barninu ákveðnar réttlætningar fyrir athæfinu og mótar viðhorf í garð þess og sjálfs sín. Hvað varðar kenningu Akers og félaga þá telja þeir að lærdómurinn fari fram með styrkingu hegðunar. Meðal annars telja þeir þessa styrkingu geta falist í jákvæðri athygli. Þannig má segja að lærdómur barnsins fari fram á þann hátt að taki það þátt í hegðuninni er því umbunað með jákvæðri athygli gerandans. Á þennan hátt lærir barnið að sækja athygli og viðurkenningu frá einstaklingum með svipaðri hegðun síðar á lífsleiðinni. Þannig geti kynferðisleg misnotkun og sú skilaboð sem hún gefur barninu leitt til endurtekens ofbeldis og kynferðislegrar misnotkunar síðar á lífsleiðinni, til að mynda vændis. Frá þessu sjónarhorni lærir barn sem verður fyrir kynferðislegri misnotkun að sjá sjálfa sig sem kynferðislega minna virði en aðra en til eru rannsóknir sem hafa gefið slíkt til kynna (Deisher, Robinson og Boyer, 1982). Þá virðist skilningur þessara barna og ungmenna á kynlífi, ást og umhyggju breytast og jafnvel afmyndast í gegnum fyrri reynslu af kynferðislegri misnotkun og ofbeldi.

Í þessu sambandi má benda á að samkvæmt kenningu Akers lærist slík hegðun ekki einungis frá nánnum hópum, svo sem vinahópum og fjölskyldum, heldur einnig frá óáþreifanlegri hópum fólks, til dæmis í gegnum fjölmiðla eða frá hefðbundnum stofnunum þjóðfélagsins, svo sem skólum og samtökum ýmiss konar. Þannig mætti segja samkvæmt kenningunni að jákvæð umfjöllun um einhvers konar kynferðislega misnotkun geti leitt til viðhorfa og hegðunar hjá

ungu fólki sem síðar meir birtist í kynferðislegri frávíkshögðun. Þá er einnig athyglisvert að Akers leggur meiri áherslu á munnlegar réttlætningar fólks fyrir gjörðum sínum en Sutherland. Þessar réttlætningar eru nokkurs konar afsakanir einstaklinga fyrir eigin hegðun sem verja á þá fyrir gagnrýni og ósamþykki annarra. Það hefur verið staðfest í rannsóknum á kynferðislegri misnotkun barna að gerandi tali börnin til og gefi þeim ástæður og réttlætningar fyrir athæfi beggja. Þá virðast hótanir og verðlaun, sem tala má um sem refsingar og umbun, notuð til að tæla börn og sannfæra (Finkelhorn, 1984; Hunter, 1990). Samkvæmt kenningum Akers vega þessar réttlætningar þungt og gætu þær haft áhrif á stöðu barnanna síðar meir, bæði hvað varðar að verða aftur þolandi kynferðislegrar misnotkunar sem og gerandi slíkrar misnotkunar. Þá lærir barnið að sýna hegðun sem því er umbunað fyrir en ekki hegðun sem refsing fylgir í kjölfar.

Aðra félagsfræðilega nálgun á frávíkshögðun má sjá í taumhaldskeningum Hirschi (1969). Samkvæmt kenningum hans um félagslegt taumhald er unglingur sem býr við agaleysi og lítið taumhald líklegri til að fylgja ekki viðmiðum samfélagsins en sá sem býr við virkt aðhald og eftirlit. Þannig gera rofin tengsl einstaklinga við samfélagið það að verkum að taumhald þess minnkar og þar af leiðandi auðveldar það einstaklingum að hunsa hefðbundin viðmið og snúa sér jafnvel að frávíkshögðun. Tengsl barna og ungmenna við samfélagið byggist á fjórum tengdum þáttum. Í fyrsta lagi geðtengsla barna og ungmenna við aðra í samfélaginu, sér í lagi fjölskyldu og vini, í öðru lagi skuldbindingu þeirra við hefðbundin markmið samfélagsins, til að mynda skóla, í þriðja lagi þátttöku þeirra í hefðbundnu félags- og tómstundastarfi og í fjórða lagi trú þeirra á hefðbundnar stofnanir þjóðfélagsins. Með meiri geðtengslum, skuldbindingu, þátttöku og trú á stofnanir þjóðfélagsins eru einstaklingar líklegri til að haga sér í samræmi við

hefðbundin viðmið samfélagsins og leiðast því síður út í frávikshegðun. Þannig hefur einstaklingur með lítið félagslegt taumhald, sem er til að mynda í litlum geðtengslum við annað fólk eða hefur litla skuldbindingu við hefðbundin markmið samfélagsins, minni hvatningu en aðrir til að fylgja þeim viðmiðum eða reglum sem ríkja um atferli einstaklinga í samfélaginu og hefur í raun minna að tapa viki hann frá þeim. Vegna þessa er hann líklegri til að vika frá þessum viðmiðum en þeir sem hafa meira félagslegt taumhald.

Hvað varðar leiðir ungs fólks í vandi má ætla að kenningar um félagslegt taumhald geti varpað ljósi á tengsl kynferðislegrar misnotkunar annars vegar og vændis hins vegar. Samkvæmt þessari kenningu ættu lítil geðtengsl barns eða ungmennis við fjölskyldu sína, vini eða skóla, sem geta verið sprottin af ýmsum ástæðum, svo sem kynferðislegri misnotkun, að auka líkur á því að ungmenni leiðist út í frávikshegðun svo sem vandi. Hér er mikilvægt að benda á að samkvæmt taumhaldskenningunni ætti kynferðisleg misnotkun í æsku og lítil tengsl við foreldra ekki að leiða til vændis umfram aðra frávikshegðun heldur einungis að auka líkur á því að einstaklingur hundsí hefðbundin viðmið samfélagsins og snúi sér að hegðun sem viki frá þessum hefðbundnu viðmiðum, til að mynda ofbeldi, vandi eða vímuefnaneyslu. Brannigan og Gibbs Van Brunshot (1997) telja þetta kenningarlega sjónarhorn eiga vel við en þær halda því fram að þrátt fyrir niðurstöður ýmissa rannsókna um tengsl milli kynferðislegrar misnotkunar í æsku og vændis sé ekki um bein tengsl að ræða. Í stað þess telja þær að hvers konar áfall eða vandamál sem koma upp á milli barna og foreldra, svo sem kynferðisleg misnotkun, veiki tengsl barnsins við fjölskylduna og trúfli þroska þess með þeim afleiðingum að auka varnarleysi gagnvart frávikshegðun ýmiss konar. Þessar skýringar byggja á kenningum Hirschi (1969) um taumhald þar sem ungmenni sem búa við agaleysi

og lítið taumhald frá fjölskyldu eru talin líklegri til að víkja frá hefðbundnum gildum samfélagsins en þau sem búa við virkt aðhald og eftirlit foreldra. Með þessum hætti vilja þær skýra vændi meðal ungra stúlkna sérstaklega út frá veikum tengslum þeirra við fjölskyldu sína. Rannsókn þeirra Brannigan og Gibbs studdi þetta kenningarlega sjónarhorn um tengsl kynferðislegrar misnotkunar í æsku og vændis, þar sem hún gaf til kynna að þegar tekið var tillit til tengsla ungmennis við fjölskyldu sína hurfu tengsl kynferðislegrar misnotkunar í æsku og vændis. Þannig drógu þær þá ályktun að tengslin væru tilkomin vegna bágra geðtengsla barna við foreldra sína í æsku en ekki vegna kynferðislegrar misnotkunar sem slíkrar.

Enn frekari rannsókna er þörf á þessu sviði en eins og að ofan greinir hafa rannsóknir þó staðfest þær margþættu afleiðingar sem kynferðislegt ofbeldi í æsku hefur. Má í því samhengi meðal annars nefna að sá hópur ungmenna sem hefur orðið fyrir misnotkun í æsku hefur reynst vera líklegri en aðrir til að leiðast út í frávika- og afbrotahæðun ýmiss konar og finna til vanlíðunar, þunglyndis, kvíða og áfallaröskunar (Farley og Barkan, 1998; McClanahan o.fl., 1999; Yates o.fl., 1991).

Kynferðisleg misnotkun getur verið mikið áfall og haft áhrif á andlega líðan barna og ungmenna. Út frá þessu er vel við hæfi að beina sjónum að kenningu Agnew (1992) um almennt álag (general strain), þar sem lögð er áhersla á tilfinningaleg viðbrögð einstaklinga við neikvæðri lífsreynslu sem leitt getur til frávíkshæðunar. Kenningin gefur kost á að leggja áherslu á neikvæðar afleiðingar kynferðislegs ofbeldis sem rót þess af hverju þessi börn eru líklegri en önnur til að leiðast út í frávíks- eða afbrotahæðun síðar á lífsleiðinni. Þessi kenning Agnew er útvíkkun á klassískum kenningum um álag (strain) (sjá t.d. Cohen, 1955; Merton, 1938) þar

sem því er haldið fram að glæpir stafi af vangetu eða vanhæfni til að ná markmiðum um fjárhagslegan frama, millistéttarstöðu eða hvoru tveggja. Kenning Agnew um almennt álag (General strain theory) vísar frá hinum hefðbundnu kenningum á þann hátt að lögð er áhersla á tilfinningaleg viðbrögð einstaklinga við neikvæðri lífsreynslu sem síðar getur leitt til frávíkshegðunar. Í kenningunni eru borin kennsl á þrjár megin ástæður fyrir frávíkshegðun. Í fyrsta lagi vangetu til að ná eftirsóttum markmiðum, í öðru lagi missi jákvæðs áreitis og í þriðja lagi birtingu neikvæðs áreitis.

Birting neikvæðs áreitis getur í þessu samhengi verið hvers konar álag sem einstaklingur verður fyrir á lífsleiðinni. Þar á meðal að verða fyrir kynferðislegri misnotkun í æsku. Út frá kenningunni veur álagið (strain), í þessu tilviki kynferðisleg misnotkun, neikvæð tilfinningaleg viðbrögð hjá einstaklingnum sem getur leitt til frávíkshegðunar. Þannig leiði kynferðisleg misnotkun í æsku til neikvæðra tilfinninga, svo sem þunglyndi, reiði og gremju. Slík tilfinninga-viðbrögð auka svo líkur á frávíkshegðuninni, til að mynda vændi. Þeir Broidy og Agnew (1997) telja einmitt kenninguna vel til þess fallna að beina sjónum að konum sem þjást vegna ólíkra kúgandi aðstæðna og þess hvort slíkar aðstæður leiði til glæpa eða frávíkshegðunar síðar meir. Ekki hefur þó enn verið gerð rannsókn á kenningum Agnew þar sem tengsl tilfinningaviðbragða við kynferðislegri misnotkun annars vegar og vændis hins vegar hafa verið athuguð.

Þessar þrjár kenningar um frávíkshegðun gefa ólíkar skýringar á tengslum kynferðislegrar misnotkunar í æsku og vændis. Þannig gefur félagsnámskenning Akers og félaga (1979) og Akers árið 1985 (sjá í McCaghy, Capron og Jamieson, 2000) til kynna að það að vera þolandi kynferðislegrar misnotkunar í æsku hafi bein áhrif á viðhorf og hegðun þolandans síðar meir á lífsleiðinni. Þannig lærist

honum ákveðið viðhorf og réttlætning fyrir hegðun sem viðheldur henni og eykur líkur á að þolandinn sýni hana eða svipaða hegðun síðar á lífsleiðinni. Samkvæmt þessu sjónarhorni eykur reynsla um kynferðislega misnotkun í æsku líkur á því að verða aftur fyrir misnotkun síðar á ævinni og gæti slík misnotkun til dæmis falist í því að selja öðrum kynmök í skiptum fyrir greiða eða greiðslu. Hvað varðar taumhaldskenningar (Hirschi, 1969) ganga skýringar á þessum tengslum kynferðislegrar misnotkunar og vændis frekar út á að þegar einstaklingur verður fyrir kynferðislegri misnotkun í æsku þá veikist tengsl hans við fjölskyldu og skóla. Þessi veiktu geðtengsl við fjölskyldu og minni skuldbinding við nám og skóla skýri af hverju þessi hópur einstaklinga er líklegri til að víkja frá hefðbundnum gildum samfélagsins, svo sem með vændi, en aðrir sem eru í sterkum tengslum við fjölskyldu sína og sem eru skuldbundnir námi sínu og skóla. Í þessari skýringu er því rót vandans lítið taumhald sem getur meðal annars tengst reynslu um kynferðislega misnotkun. Lítið taumhald eykur svo líkur á einhvers konar frávikshegðun, þar á meðal vændi, en ekki sérstaklega umfram aðra frávikshegðun. Í þriðja lagi gefur álagskenning Agnew (General strain theory) (1992) til kynna að skýringar á tengslum kynferðislegrar misnotkunar í æsku og vændis sé að leita í þeim afleiðingum og því álagi sem kynferðisleg misnotkun er fyrir einstaklinga. Þannig séu það tilfinningaviðbrögð við slíkri erfiðri reynslu sem auka líkur á því að einstaklingur leiðist út í frávikshegðun síðar um ævina. Þannig leiði kynferðisleg misnotkun sem slík ekki alltaf til frekari misnotkunar eða vændis heldur leiði sú vanlíðan og þau tilfinningaviðbrögð sem slík misnotkun hefur í för með sér til þess að einstaklingur sé líklegri til að víkja frá hefðbundnum leiðum og leiðast út í frávikshegðun sem getur verið margvísleg, þar á meðal vændi.

Ekki hefur verið rannsakað sérstaklega hver þessara þriggja kenninga um frávíkshægðun lýsir raunveruleikanum best þegar vændi meðal ungmenna er annars vegar eða hvort ein þessara skýringa eigi betur við en aðrar. Þó má segja að niðurstöður rannsókna hafi rennt óbeint stoðum undir þær ólíku skýringar sem hér hefur verið fjallað um. Þannig hafa rannsóknir gefið til kynna að slæmar fjölskylduaðstæður, kynferðisleg misnotkun og vanlíðan einkenni stóran hóp þeirra einstaklinga sem leiðst hafa út í vændi. Í þessu samhengi má velta fyrir sér hvort þessar skýringar séu allar mikilvægar til að varpa ljósi á margbreytileika þess hóps ungmenna sem leiðist út í vændi. Þannig geti til að mynda ólíkar kenningar átt við um ólíka hópa ungs fólks í vændi eða þær ólíku aðstæður sem leiðir ungt fólk út í vændi.

Í þessarri rannsókn um félagslegt umhverfi vændis meðal ungs fólks á Íslandi verður sérstaklega leitast við að svara þessari spurningu. Þannig verða rannsökuð áhrif félagslegra þátta á vændi meðal framhaldsskólanema. Athugað verður hvort niðurstöður renni stoðum undir eina eða fleiri áðurgreindar félagsfræðilegar kenningar um frávíkshægðun ungmenna.

2. Rannsóknaraðferðir

Erlendir fræðimenn hafa bent á að í löndum þar sem vændi er ólöglegt sé nær ómögulegt að meta umfang þess. Vegna þessa hefur verið talið mikilvægt að beita eigindlegum rannsóknaraðferðum (Qualitative research methods), svo sem viðtalsaðferð, til að nálgast upplýsingar um vændi. Meiri líkur eru taldar á að réttar upplýsingar náist með þeim hætti (Bullough og Bullough, 1998; Høigård og Finstad, 1992). Sé eigindlegum aðferðum beitt, svo sem opnum viðtölum og eða þátttökuathugunum, er hægt að öðlast dýpri skilning á viðfangsefninu en mögulegt er með öðrum rannsóknaraðferðum (Bogdan og Biklen, 1998). Meginmarkmið eigindlegra rannsóknaraðferða er meðal annars að ná fram heildstæðri mynd af lífi og aðstæðum fólks og öðlast þannig skilning á þeirri merkingu sem einstaklingar leggja í líf sitt (Bogdan og Biklen, 1998). Markmiðum þessum er náð með t.d. notkun opinna viðtala (In-depth interviewing). Slíkar rannsóknaraðferðir hafa þó ákveðna annmarka þar sem þær takmarkast flestar við lítil úrtök sem ekki eru valin af handahófi og eru á einn eða annan hátt frábrugðin þýði (normal population) ungs fólks. Þannig hafa meginlegar aðferðir, svo sem þýðisrannsóknir, þótt góður kostur til prófa tölfræðisambönd milli ýmissa þátta og til að varpa ljósi á vændi meðal ungs fólks í samfélaginu í heild (Pedersen og Hegna, 2000 og 2003).

Megindlegum og eigindlegum aðferðum hefur oft verið stillt upp sem andstæðum og ágreiningur hefur verið sagður standa á milli „útskýringa“ og „skilnings“. Að auki hefur þeim verið stillt upp sem hugmyndafræðilegum andstæðum, þar sem

eigindlegar rannsóknir eru sagðar tilheyra fyrirbærafræði en megindlegar póstív-isma (Taylor og Bogdan, 1984). Einnig má benda á ólíkar áherslur þeirra á áreiðanleika og réttmæti. Eigindlegar rannsóknaraðferðir leggja meiri áherslu á réttmæti, en það vísar til þess að verið sé að mæla það sem á að mæla og að það sé mælt á réttan hátt. Megindlegar rannsóknaraðferðir leggja meiri áherslu á áreiðanleika, en það vísar til nákvæmni, að hið sama mælist aftur og aftur. Þrátt fyrir þetta hafa ýmsir notað þessar aðferðir samhliða í félagsvísindum. Til að mynda hefur þótt ákjósanlegt að taka opin viðtöl við einstaklinga áður en farið er út í framkvæmd spurningalistakannana meðal sama hóps (Bogdan og Biklen, 1998). Með þeim hætti leitast rannsakendur eftir því að fá aukna innsýn inn í viðfangsefnið og þann hóp einstaklinga sem til athugunar er áður en mótaðar eru spurningar um viðfangsefnið á formi spurningalistakannana. Þetta á ekki síst við þegar lítil þekking liggur fyrir um viðfangsefnið sem rannsaka á.

Í ljósi þessa byggir þessi rannsókn bæði á eigindlegum og megindlegum rannsóknaraðferðum. Fyrri hluti rannsóknarinnar byggir á viðtölum við ungt fólk og sérfræðinga sem þekkja til vændis meðal ungs fólks á Íslandi. Þannig var í upphafi leitast við að fá innsýn inn í líf einstaklinga sem leiðst höfðu út í vændi á Íslandi og að varpa ljósi á í hvaða myndum vændi meðal ungmenna birtist, en litlar sem engar slíkar upplýsingar voru fyrirbyggjandi við upphaf rannsóknarinnar. Síðari hluti rannsóknarinnar byggir á spurningalistakönnun sem lögð var fyrir meðal nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi haustið 2000. Markmiðið var að rannsaka á tölfræðilegan hátt tengsl félagslegra þátta og vændis meðal ungs fólks. Í könnuninni voru nemendur meðal annars spurðir út í það hvort þeir hefðu þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök sem og aðra þætti sem eigindlegi hluti

rannsóknarinnar og fyrri rannsóknir á vændi ungmenna gáfu til kynna að vegið gætu þungt í skýringum á vændi.

2.1. Eigindlegar aðferðir

2.1.1. Þátttakendur

Alls voru tekin viðtöl við 42 einstaklinga. Af þeim voru tekin 32 viðtöl sumarið og haustið 2000 og tíu viðtöl veturinn og sumarið 2002. Viðmælendum var skipt í tvo hópa. Annars vegar ungt fólk sem þegið hafði greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök og sem þekktu til slíkra skipta, til að mynda innan kunningjahóps síns. Hins vegar sérfræðinga sem þekktu í gegnum starf sitt til vændis meðal ungmenna eða þeirra félagslegu þátta sem tengdir hafa verið vændi.

Fyrri hópurinn samanstóð af 22 einstaklingum, þar af átta sem þegið höfðu greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök og fjórtán sem þekktu til vændis án þess að hafa persónulega reynslu af slíku sjálfir. Af þeim átta einstaklingum sem þegið höfðu greiða eða greiðslu í skiptum fyrir kynmök voru sjö stelpur og einn strákur á aldrinum 15-30 ára. Meðal þeirra 14 einstaklinga sem ekki höfðu persónulega reynslu af því að þiggja greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök voru fjórar stelpur og tíu strákar á aldrinum 15-30 ára. Í töflu 1 gefur að líta lista yfir einstaklinga sem tekin voru viðtöl við eftir kyni þeirra, aldri þegar viðtalið fór fram og því hvort þeir höfðu þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök.

Tafla 1. Einstaklingar sem tekin voru viðtöl við, eftir aldri þeirra þegar viðtalið fór fram, kyni og því hvort þeir höfðu þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök.

	Þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök		Ekki þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök		
	15-20 ára	21-30 ára	15-20 ára	21-30 ára	
Stelpur	5	2	3	1	11
Strákar	1	0	5	5	11
	6	2	8	6	

Hópur þeirra einstaklinga sem ekki hafði þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök samanstóð af sex ungmönnum sem höfðu verið í vímuefnaneyslu og horft upp á vændi innan kunningjahóps síns, einum strák sem hafði verið í vímuefnaneyslu, selt vímuefni og veitt stúlkum vímuefni í staðinn fyrir kynmök og sjö einstaklingum sem tengdust starfsemi nektardansstaða. Af þeim einstaklingum sem tengdust starfsemi nektardansstaða voru þrír nektardansara á aldrinum 18 til 27 ára, þrír starfsmenn nektardansstaða í Reykjavík og einn „tengiliður“ við nektardansstaði í Reykjavík. Af þeim 22 einstaklingum sem tekin voru viðtöl við höfðu allavega 15 þeirra, svo vitað er, leitað sér aðstoðar hjá stofnunum í þjóðfélaginu, svo sem til meðferðaraðila. Þá höfðu nokkrir þeirra komið við sögu lögreglu.

Hópur sérfræðinga samanstóð af 20 viðmælendum. Þar af fimm heilbrigðisstarfsmönnum, fjórum starfsmönnum lögreglu, einum starfsmanni Vinnumálastofnunar, þremur starfsmönnum áfengis- og vímuefnameðferðarstofnana, tveimur starfsmönnum Félagsþjónustunnar, tveimur starfsmönnum Barnaverndarstofnu, einum starfsmanni hjá Stígamótum, einum starfsmanni hjá Rauða kross húsinu og einum hjá Kvænnaathvarfinu.

2.1.2. Framkvæmd viðtala

Náð var til ungs fólks sem hafði reynslu af vændi með snjóboltaaðferð (snowball method). Snjóboltaaðferð er aðferð þar sem einstaklingur, sem tekið er viðtal við, kemur rannsakendum í samband við annan einstakling sem þekkir til viðfangsefnisins og er tilbúinn til að segja frá reynslu sinni og þannig koll af kolli (Bogdan og Biklen, 1998). Með þessum hætti er byggt upp traust milli rannsakenda og þátttakenda sem mjög erfitt er að mynda með öðrum aðferðum. Snjóboltaaðferðin er mikið notuð aðferð á þeim rannsóknarsviðum sem ná til svo duldra og vandmeðfarinna rannsóknarviðfangsefna sem vændi er (Høigård og Finstad, 1992).

Þar sem vændi er afar dulið á Íslandi reyndist erfitt að ná til ungs fólks sem reiðubúið var að tjá sig um reynslu sína af vændi og segja sögu sína. Erfiðleikarnir birtust meðal annars í því að einstaklingar sem komist var í samband við voru í byrjun ekki vissir um traust sitt á rannsakanda. Þá voru þeir hræddir um að lenda í vandræðum vegna frásagna sinna sem og að þeir treystu sér ekki til að rifja upp svo slæma atburði úr lífi sínu. Vegna þessa var haft að sérstöku leiðarljósi að taka allan tíma sem til þurfti til að skapa traust viðmælenda sem og að leyfa viðmælendum að ráða að miklu leyti framvindu viðtala og hvar þau fóru fram. Þannig voru viðmælendur í fyrstu spurðir út í reynslu sína af því að skipta á greiða eða greiðslu fyrir kynmök og í framhaldi sögðu þeir frá reynslu sinni á þann hátt sem þeir kusu. Rannsakandi spurði hvern viðmælenda spurninga sem áttu við hverju sinni en hafði þau þemu að leiðarljósi sem greining fyrri gagna hafði leitt í ljós. Þannig var ekki lögð áhersla á nákvæman samanburð spurninga milli ólíkra viðmælenda heldur var reynt að fá innsýn í upplifun og reynslu hvers viðmælenda fyrir sig. Viðtöl sem þessi þar sem viðmælendi ræður að miklu leyti framvindu

viðtalsins og innihaldi hafa Rubin og Rubin (1995) kallað leiðbeint samtal (guided conversation) (sjá í Bogdan og Biklen, 1998).

Í byrjun rannsóknarinnar, þegar finna þurfti fyrstu viðmælendur sem tekin voru viðtöl við og sem kæmu til með að benda áfram á næstu viðmælendur, voru sérfræðingar, meðal annars þeir sem tekin voru viðtöl við, beðnir um að láta vita ef þeir þekktu til einstaklinga sem reiðubúnir voru að segja frá reynslu sinni af vændi. Þá voru aðrir aðilar sem rannsakandi treysti beðnir um að láta vita ef þeir vissu til slíkra viðmælenda. Í fyrstu barst ábending um unga stúlku sem hafði verið í vímuefnaneyslu um nokkurt skeið og hafði horft upp á vændi innan kunningjahóps síns. Eftir að hafa treyst rannsakendum fyrir frásögn sinni féllst hún á að ræða við vinkonu sína sem leiðst hafði út í vændi og biðja hana um að taka þátt í rannsókninni. Með þessum hætti var komist í tengsl við kunningjahóp ungmenna sem verið höfðu í neyslu vímuefna og sum hver höfðu skipt á kynmökum fyrir vímuefni eða greiða. Með svipuðum hætti voru tekin viðtöl við ungmenni sem voru í meðferð vegna vímuefnaneyslu og höfðu reynslu af vændi. Einnig voru tekin viðtöl við nokkra einstaklinga sem þekkt höfðu á grundvelli meðferðar vegna afleiðinga kynferðislegrar misnotkunar í æsku og vændis. Þá voru tekin viðtöl við nektardansara og starfsmenn nektardansstaða með sama hætti.

Með viðtölum við sérfræðinga var leitast við að athuga hvort einstaklingar í vændi á Íslandi leituðu sér aðstoðar til hinna ýmsu stofnana þjóðfélagsins sem og hvort stofnanirnar hefðu að fyrra bragði haft afskipti af einstaklingum í vændi. Hefðu stofnanir haft slík afskipti voru sérfræðingarnir í framhaldi spurðir út í félagslegar aðstæður þeirra einstaklinga sem í hlut áttu sem og ástæður fyrir afskiptum þeirra. Þannig var leitast við að ræða um fyrirfram ákveðið efni, það er birtingarmyndir

vændis og félagslegar aðstæður ungs fólks sem leiðst hafði út í vændi, en út frá sjónarhorni viðmælenda.

Sá hópur sérfræðinga sem varð fyrir valinu var valinn með tilliti til sérfræðipækkingar á vændi og þeim félagslegu þáttum sem tengdir hafa verið við vændi, svo sem vímuefnanotkunar, kynferðislegrar misnotkunar í æsku og andlegri vanlíðan. Þá var einnig lögð áhersla á að taka viðtöl við sérfræðinga frá ólíkum stofnunum þjóðfélagsins til að fá sem breiðasta mynd af viðfangsefninu.

Viðtölin sem tekin voru við ungt fólk og sérfræðinga stóðu frá einni klukkustund upp í um sex klukkustundir í senn. Rætt var við hluta viðmælenda oftast en einu sinni. Mikil áhersla var lögð á að viðtölin væru tekin í þægilegu umhverfi þar sem engin truflun ætti sér stað fyrir viðmælendur. Flest viðtölin voru annað hvort tekin á vinnustað viðkomandi, á heimili hans eða þáverandi dvalarstað. Í þeim tilvikum sem viðmælendur kusu að veita viðtal utan sinna hefðbundnu aðstæða, voru viðtölin tekin í húsnæði Rannsóknna & greiningar.

Vegna þeirra eigindlegu gagna sem rannsóknin byggir á er nauðsynlegt að gera nokkra fyrirvara. Í fyrsta lagi hafði nokkuð fámennur hópur þátttakenda persónulega reynslu af vændi. Ástæða þessa er að hluta til sú hve viðkvæmt og dulið viðfangsefnið er í íslensku samfélagi. Þannig reyndist, eins og áður kom fram, erfitt að ná til einstaklinga sem leiðst höfðu út í vændi. Auk þess sem vændi er dulið og viðkvæmt viðfangsefni er slíkt einnig að öllum líkindum mjög óalgengt meðal þorra ungs fólks á Íslandi. Í þessu samhengi má einnig benda á að almennt er talið að upplýsingar frá fyrstu hendi, í þessu tilviki þeirra einstaklinga sem leiðst hafa út í vændi, séu traustari en frá einstaklingum sem ekki hafa persónulega reynslu af viðfangsefninu (Lofland og Lofland, 1995). En slíkar óbeinar upplýsingar fengust meðal annars í þessari rannsókn með viðtölum við ungt fólk

sem þekkti til vændis innan kunningjahópsins sem og sérfræðinga sem komist höfðu í kynni í gegnum starf sitt við einstaklinga í vændi. Þannig þarf að hafa í huga að jafnvel þó reynt hafi verið eftir bestu getu að fá trausta viðmælendur sem tilbúnir voru að segja frá reynslu sinni á einlægan hátt er ávallt erfitt að meta nákvæmlega það sem fram kemur. Á hinn bóginn þóttu þessi viðtöl geta varpað frekara ljósi á viðfangsefnið þó taka bæri þeim með ákveðnum fyrirvörum. Auk þess þótti athyglisvert að taka viðtöl við sérfræðinga í þeim tilgangi að rannsaka hvort einstaklingar í vændi leituðu til stofnana þjóðfélagsins en engar slíkar upplýsingar lágu fyrir þegar rannsókn þessi hófst. Þannig má nefna að við framkvæmd rannsóknarinnar kom meðal annars í ljós að innan ýmissa stofnana þjóðfélagsins voru formlegar sem og óformlegar upplýsingar um einstaklinga í vændi nær engar.

Í öðru lagi má ætla að mat sérfræðinga sem rætt var við markist að einhverju leyti af því umhverfi eða þeim málaflokki sem viðkomandi starfar við. Þannig má sem dæmi nefna að til Stígamóta leita þeir einstaklingar sem orðið hafa þolendur kynferðisafbrot. Út frá því er ljóst að hafi einstaklingar leitað til Stígamóta, sem leiðst hafa út í vændi, eiga þeir sér einnig sögu um kynferðislegt ofbeldi. Að sama skapi má nefna starfsmenn lögreglu sem verða helst varir við ungmenni í vændi sem jafnframt hafa komist í kast við lögin, til að mynda tengt neyslu vímuefna og afbrota ýmiss konar. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar sérfræðingar tjá sig um bakgrunn þeirra einstaklinga sem þeir þekkja til sem leiðst hafa út í vændi. Að sama skapi má þó segja að það til hvaða stofnana einstaklingar í vændi leita getur gefið vísbendingar um bakgrunn þeirra.

2.1.3. Úrvinnsla

Gögnin voru greind samhliða gagnaöflun. Þannig voru greind ákveðin þemu sem síðan mátti staðfesta eða skoða nánar með fleiri viðtölum. Þessi þemu voru meðal annars birtingarmyndir vændis meðal ungs fólks. Öll viðtölin voru tekin upp á segulband og síðan afrituð. Þá voru þau lesin og greind vandlega og þannig fengin mynd af reynslu viðmælenda. Þannig byggði úrvinnslan á aðleiðslu (inductive) og þróuð var innsýn og skilningur á viðfangsefninu út frá mynstri í gögnunum í samræmi við hefðbundna úrvinnslu eigindlegra rannsókna (Taylor og Bogdan, 1984; Strauss, 1987).

2.2. Meginlegar aðferðir

Í rannsókninni var meginlegum rannsóknaraðferðum beitt í þeim tilgangi að rannsaka á tölfræðilegan hátt tengsl félagslegra þátta og vændis meðal ungs fólks. Þessi hluti rannsóknarinnar byggir á spurningalistakönnun sem lögð var fyrir nemendum í öllum framhaldsskólum á Íslandi í október árið 2000. Framkvæmd rannsóknarinnar var í höndum Rannsókna & greiningar (2000). Gagnaöflun vegna könnunarinnar var unnin með tilstyrk Áfengis- og vímuvarnaráðs, dómsmálaráðuneytis, Íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkur, menntamálaráðuneytis og Rauða kross Íslands með ómetanlegri aðstoð skólastjórnenda, kennara og nemenda í skólum landsins. Spurningalistinn var að miklu leyti sambærilegur við kannanirnar *Ungt fólk* sem starfsfólk Rannsókna & greiningar hafa lagt fyrir í efstu bekkjum allra grunnskóla á Íslandi undanfarin ár og könnun sem lögð var fyrir í framhaldsskólum á Íslandi árið 1992. Að þessu sinni var þó bætt við nýjum spurningum meðal annars sem lutu að skiptum á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu og kynferðislegri misnotkun í æsku.

2.2.1. Þátttakendur

Þátttakendur voru þeir nemendur framhaldsskóla sem mættir voru í kennslustundir 31. október til 1. nóvember árið 2000 í öllum framhaldsskólum á Íslandi. Í þessari rannsókn á vændi meðal ungs fólks og félagslegu umhverfi þess voru einungis notuð svör framhaldsskólanema á aldrinum 16-19 ára⁴. Unnið var með gild svör

⁴ Eins og áður segir miðast aldur hér við fæðingarár, þ.e.a.s. þeir sem fæddir eru árið 1984 teljast 16 ára, þeir sem fæddir eru árið 1983 teljast 17 ára, þeir sem fæddir eru árið 1982 teljast 18 ára og þeir sem fæddir eru árið 1981 teljast 19 ára. Þó er það svo að nokkur hópur nemenda er ekki búinn að ná því aldursári sem miðað er við hér þar sem könnunin var lögð fyrir í lok október og því einhver hluti nemenda sem átti eftir að ná fullum 16, 17, 18 og 19 ára aldri.

frá 7239 nemendum, þar af 3362 stráku og 3853 stelpum, 24 gáfu ekki upp kyn sitt. Svarhlutfall í könnuninni í heild var um 67% allra nemenda framhaldsskóla sem skráðir voru í kennslustundir á fyrirlagnartíma. Í úrvinnslu verður sagt frá meðhöndlun brottfallinna mæligilda.

2.2.2. Framkvæmd og mælitæki

Haustið 2000 framkvæmdu Rannsóknir & greining könnun meðal nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi. Ekki var um úrtakskönnun að ræða, heldur var könnunin lögð fyrir allt þýðið. Alls svöruðu 9134 nemendur listanum. Þar af voru 7239 nemendur á 16-19 aldursári. Markmiðið með könnuninni var að athuga hagi og líðan íslenskra ungmenna í framhaldsskólum á Íslandi. Spurningalistar voru sendir til allra skóla utan Reykjavíkur þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir samkvæmt ákveðnum fyrirmælum. Í Reykjavík hjálpaði aðstoðarfólk við að dreifa listunum í skólana og aðstoða kennarana við fyrirlögn. Íslensk rannsókn bendir til þess að það breyti ekki svörum nemenda við viðkvæmum spurningum hvort kennarar eða aðstoðarfólk sjái um fyrirlögn spurningalista (Bjarnason, 1995). Nafnleyndar þátttakenda var gætt með því að ítreka það við nemendur að hvorki bæri að rita nafn né kennitölu á spurningalistana svo útilokað væri að rekja svörin til þeirra. Einnig voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og að biðja um hjálp ef þörf var á.

Hér gefur að líta upplýsingar um þær spurningar og samsetta kvarða úr könnuninni meðal framhaldsskólanema sem notaðir voru í rannsókn þessari. Allir samsettir kvarðar mældust með áreiðanleikastuðul hærri en .70 (Cronbach's alpha >.70) en hár áreiðanleikastuðull gefur til kynna að mælingin sé nákvæm í þeim skilningi að það sé mikil samkvæmni milli endurtekinnna eða jafngilda mælinga.

Vændi: Vændi framhaldsskólanema var mælt með spurningunni: Hefur þú einhvern tíma þegið einhvers konar greiða eða greiðslu í skiptum fyrir kynmök? Við fyrirlögn könnunarinnar var spurningin með sjö svarvalmöguleika; aldrei, 1 sinni, 2-5 sinnum, 6-9 sinnum, 10-13 sinnum, 14-17 sinnum og 18 sinnum eða oftar. Spurningin er svipuð þeirri sem Greene og félagar notuðu í rannsókn sinni á vændi ungmenna (1999). Í meðhöndlun spurningarinnar í þessari rannsókn var henni skipt upp í tvígilda breytu með gildið 0 fyrir þá sem aldrei höfðu þegið greiða eða greiðslu í skiptum fyrir kynmök og gildið 1 fyrir þá sem höfðu gert slíkt einu sinni eða oftar um ævina.

Aldur: Aldur var mældur með spurningunni: Hvaða ár ert þú fædd/ur? Einungis voru notuð svör þeirra nemenda sem sögðust fæddir á árunum 1981 til 1984, það er voru á aldrinum 16-19 ára þegar könnunin var lögð fyrir. Því var notuð fjórgild raðbreyta, með gildi 0 (16 ára), 1 (17 ára), 2 (18 ára) og 3 (19 ára). Könnunin var lögð fyrir nemendur í lok októbermánaðar og var því lítill hluti nemenda sem ekki var búinn að ná því aldursári sem fæðingarár þeirra sagði til um.

Kyn: Kyn nemenda var mælt með spurningunni: Ert þú strákur eða stelpa? Kyn var því tvígild nafnbreyta, með gildin 0 fyrir stelpur og 1 fyrir stráka.

Búseta: Þar sem ekki var spurt um búsetu nemenda var notast við upplýsingar úr könnuninni um það í hvaða framhaldsskóla nemendur voru til að álykta um búsetu þeirra. Þannig var gert ráð fyrir því að þeir nemendur sem tóku þátt í könnuninni í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu væru búsettir á höfuðborgarsvæðinu og þeir nemendur sem tóku þátt í könnuninni utan höfuðborgarsvæðisins væru búsettir utan höfuðborgarsvæðisins. Búseta var því tvígild nafnbreyta, með gildin 0 (utan höfuðborgarsvæðisins) og 1 (á höfuðborgarsvæðinu).

Menntun móður: Menntun móður var mæld með spurningunni: Hver er menntun móður þinnar (ef þú er að mestu alin(n) upp hjá fósturmóður, svarar þú fyrir hana)? Í könnuninni var spurningin með sex svarmöguleika; veit ekki (á ekki við), lauk grunnskólaprófi eða minna, hóf framhaldsskólanám (mennta- eða iðnskóla), lauk framhaldsskóla (mennta- eða iðnskóla), hóf háskólanám og lauk háskólanámi. Í úrvinnslunni var gerð þrígild nafnbreyta með gildin 0 (lauk grunnskólaprófi), 1 (lauk framhaldsskóla, mennta – eða iðnskólaprófi) og 2 (lauk háskólaprófi).

Menntun föður: Menntun föður var mæld með spurningunni: Hver er menntun föður þíns (ef þú er að mestu alin(n) upp hjá fósturföður, svarar þú fyrir hann)? Í könnuninni var spurningin með sex svarmöguleika; veit ekki (á ekki við), lauk grunnskólaprófi eða minna, hóf framhaldsskólanám (mennta- eða iðnskóla), lauk framhaldsskóla (mennta- eða iðnskóla), hóf háskólanám og lauk háskólanámi. Í úrvinnslunni var gerð þrígild nafnbreyta með gildin 0 (lauk grunnskólaprófi), 1 (lauk framhaldsskóla, mennta – eða iðnskólaprófi) og 2 (lauk háskólaprófi).

Sambýlisstaða foreldra: Sambýlisstaða foreldra var mæld með spurningunni: Hverjir eftirtalinna búa heima hjá þér? Svarmöguleikar voru sjö; báðir foreldrar, móðir en ekki faðir, faðir en ekki móðir, móðir og sambýlismaður hennar, faðir og sambýliskona hans, ég bý á eigin vegum og annað fyrirkomulag. Spurningunni var skipt upp í fjórar tvígildar breytur, með gildin 0 og 1. Fyrsta breytan var báðir foreldrar (1) og annað fyrirkomulag (0), önnur breytan var annað einstætt foreldri (1) og annað fyrirkomulag (0), þriðja breytan var annað foreldri og sambýlismaður/kona (1) og annað fyrirkomulag (0) og sú fjórða bý á eigin vegum (eða eitthvað annað óskilgreint) (1) og annað fyrirkomulag (0).

Stuðningur fjölskyldu: Stuðningur fjölskyldu var athugaður með samsettum kvarða sem innihélt fimm spurningar um tengsl nemenda við fjölskyldu sína. Spurningarnar voru eftirfarandi: Hversu auðvelt eða erfitt væri fyrir þig að fá eftirtalið hjá fjölskyldu þinni; umhyggju og hlýju, samræður um persónuleg málefni, ráðleggingar varðandi námið, ráðleggingar varðandi önnur verk (viðfangsefni) þín, aðstoð við ýmis verk? Svarmöguleikar voru fjórir fyrir hverja spurningu, mjög erfitt, frekar erfitt, frekar auðvelt og mjög auðvelt. Í úrvinnslu voru spurningarnar samsettar í einn kvarða sem mældi stuðning fjölskyldu og tók kvarðinn gildi á bilinu 0-15.

Stuðningur vina: Stuðningur vina var athugaður með samsettum kvarða sem innihélt fimm spurningar um tengsl nemenda við vini sína. Spurningarnar voru eftirfarandi: Hversu auðvelt eða erfitt væri fyrir þig að fá eftirtalið hjá vinum þínum, umhyggju og hlýju, samræður um persónuleg málefni, ráðleggingar varðandi námið, ráðleggingar varðandi önnur verk (viðfangsefni) þín, aðstoð við ýmis verk? Svarmöguleikar voru fjórir fyrir hverja spurningu; mjög erfitt, frekar erfitt, frekar auðvelt og mjög auðvelt. Spurningarnar voru samsettar í einn kvarða sem mældi stuðning vina og tók kvarðinn gildi á bilinu 0-15.

Tengsl við skóla: Tengsl nemenda við skóla voru mæld með samsettum kvarða sem innihélt 14 spurningar um tengsl nemenda við skóla, nám, kennara og samnemendur. Spurningarnar voru eftirfarandi: Hversu vel finnst þér eftirfarandi staðhæfingar eiga við um þig; mér finnst námið tilgangslaust, mér leiðist námið, mér finnst ég illa búin(n) undir kennslustundir, mér finnst ég ekki leggja nægjanlega rækt við námið, mér finnst námið vera of létt, mér finnst námið vera of þungt, mér líður illa í skólanum, mig langar til að hætta í skólanum, mig langar til að skipta um skóla, mér semur illa við kennarana, mér líður illa í kennslustundum,

mér líður illa í frímínútum, mér finnst ég vera utanveltu í skólanum, mér finnst ég vera lögð/lagður í einelti í skólanum? Svarmöguleikar voru fimm fyrir hverja spurningu; á nær alltaf við um mig, á oft við um mig, á stundum við um mig, á sjaldan við um mig og á nær aldrei við um mig. Spurningarnar voru settar í einn kvarða sem tók gildi á bilinu 0-56.

Kynferðisleg misnotkun í æsku og á unglingsárum: Kynferðisleg misnotkun var mæld með spurningunni: Ef þú hefur orðið fyrir kynferðislegri misnotkun einhvern tíma um ævina, hve gömul/gamall varstu þegar það átti sér stað? Spurningin var með sex svarmöguleika; hefur aldrei gerst, 0-5 ára, 6-10 ára, 11-15 ára, 16-20 ára og 21 árs eða eldri.

Í úrvinnslunni var spurningunni breytt í tvær ólíkar spurningar. Annars vegar tvígilda spurningu um kynferðislega misnotkun í æsku með gildi 0 fyrir þá sem sögðust ekki hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun í æsku og gildið 1 fyrir þá sem sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun í æsku, það er á aldrinum 0-15 ára. Hins vegar tvígilda spurningu um kynferðislega misnotkun á unglingsárum með gildi 0 fyrir þá sem sögðust ekki hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun á unglingsárum og gildið 1 fyrir þá sem sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun á unglingsárum, það er á aldrinum 16-19 ára. Þegar þessi mælikvarði á kynferðislegri misnotkun í æsku er notaður sem forspárþáttur vændis, eins og gert er í þessari rannsókn, er vert að gera einn fyrirvara á honum. Þannig er ekki hægt að útiloka að í einhverjum tilvikum hafi einstaklingar túlkað kynferðislega misnotkun undir 16 ára aldri og vændi (að þiggja greiða eða greiðslu fyrir kynmök) sem sama atburðinn í svörum sínum. Vegna þessa er sá möguleiki fyrir hendi að mælikvarðarnir skarist að einhverju leyti. Ógerlegt er að vita með vissu

hvort þetta vandamál er til staðar eða ekki en það kemur í hlut frekari rannsókna á þessu sviði að koma í veg fyrir að slík skörun mælinga eigi sér stað.

Ótti við líkamlegt ofbeldi á heimili: Ótti við líkamlegt ofbeldi á heimili var mældur með spurningunni: Hversu oft finnst þér eftirfarandi fullyrðingar eiga við um þig; ég óttast að vera beitt(ur) líkamlegu ofbeldi heima? Um var að ræða breytu með fimm gildi; 0 (nær aldrei), 1 (mjög sjaldan), 2 (stundum), 3 (mjög oft) og 4 (nær alltaf).

Þunglyndi: Einkenni þunglyndis voru mæld með 10 atriða kvarða fengum frá Derogatis, Lipman, Covi og Rickles (1971). Kvarðinn samanstóð af eftirfarandi spurningum: Hversu oft varðst þú var/vör við eftirfarandi vanlíðan eða óþægindi síðastliðna viku; þú varst leið(ur) eða hafðir lítinn áhuga á að gera hluti, þú hafðir litla matarlyst, þér fannst þú einmana, þú grést auðveldlega eða langaðir til að gráta, þú áttir eftir með að sofna eða halda þér sofandi, þú varst niðurdregin(n) eða dapur/döpur, þú varst ekki spennt(ur) fyrir að gera nokkurn hlut, þér fannst þú vera hægfara eða hafa lítinn mátt, þér fannst framtíðin vonlaus, þú hugsaðir um að stytta þér aldur. Svarmöguleikar fyrir hverja og eina spurningu voru fjórir, nær aldrei, sjaldan, stundum og oft. Samsetti kvarðinn um þunglyndi tók gildi á bilinu 0-30.

Sjálfsmat: Sjálfsmat nemenda var mælt með tveimur kvörðum, um líkamsímynd (Offer, 1969) og sjálfsvirðingu (Rosenberg, 1965). Kvarðarnir voru settir saman í einn heildstæðan kvarða þar sem mjög há fylgni var á milli þeirra, eða fylgni-stuðull Pearson $r=.71$. Samanlagt innihéldu kvarðarnir 17 spurningar og mældist áreiðanleikastuðull þeirra cronbach's alpha = .91. Spurningar kvarða um líkamsímynd voru sjö: Hversu vel eiga eftirfarandi fullyrðingar við um þig; þegar ég hugsa um hvernig ég muni líta út í framtíðinni er ég ánægð(ur), mér finnst ég

oftast vera ófrið(ur) og óaðlaðandi, ég er ánægð(ur) með líkama minn, ég er ánægð(ur) með þær líkamlegu breytingar sem átt hafa sér stað hjá mér undanfarin ár, mér finnst ég vera sterk(ur) og hraust(ur), ég er ánægð(ur) með líf mitt, ég er hamingjusöm/hamingjusamur. Spurningarnar höfðu fjóra svarmöguleika, lýsir mér mjög vel, lýsir mér nokkuð vel, lýsir mér ekki nógu vel, lýsir mér alls ekki. Spurningar kvarða um sjálfsmynd voru tíu: Hversu vel finnst þér eftirfarandi staðhæfingar eiga við um þig; mér finnst ég vera að minnsta kosti jafn mikils virði og aðrir, mér finnst ég hafa marga góða eiginleika, þegar allt kemur til alls sýnist mér ég vera misheppnaður/-heppnuð, ég get gert hlutina jafn vel og flestir aðrir, mér finnst ekki vera margt sem ég get verið stolt(ur) af, ég hef jákvæða afstöðu til sjálfs/sjálfrar mín, þegar allt kemur til alls er ég ánægð(ur) með sjálfa(n) mig, ég vildi óska að ég bæri meiri virðingu fyrir sjálfum/sjálfri mér, stundum finnst mér ég sannarlega vera til einskis nýt/nýtur, stundum finnst mér ég einskis virði. Spurningarnar höfðu fjóra svarmöguleika, á mjög vel við um mig, á frekar vel við um mig, á frekar illa við um mig, á mjög illa við um mig. Samsetti kvarðinn um sjálfsmat tók gildi frá 0 til 51.

Reiði/ýgi: Einkenni reiði og ýgi nemenda voru mæld með kvarða frá Derogatis, Lipman og Covi (1973) sem innihélt fimm spurningar. Þær voru eftirfarandi: Hversu oft varðst þú var/vör við eftirfarandi vanlíðan eða óþægindi síðastliðna viku; það var auðvelt að pirra þig eða ergja, þú fékkst reiðisköst sem þú gast ekki stjórnað, þig langaði að brjóta eða mөлva hluti, þú lentir í rifrildi, þú öskraðir eða hentir hlutum. Hver spurning hafði fjóra svarmöguleika, nær aldrei, sjaldan, stundum, oft. Samsettur kvarði um reiði/ýgi tók gildi á bilinu 0 til 15.

Ölvun: Ölvun nemenda var mæld með spurningunni: Hve oft hefur þú orðið drukkin(n) síðustu 30 daga? Um var að að ræða breytu sem tók sjö gildi, 0

(aldrei), 1 (1-2 sinnum), 2 (3-5 sinnum), 3 (6-9 sinnum), 4 (10-19 sinnum), 5 (20-39 sinnum) og 6 (40 sinnum eða oftar).

Vímuefnaneysla: Vímuefnaneysla nemenda var mæld með samsettum kvarða sem innihélt sjö spurningar: Hve oft (ef nokkru sinni) hefur þú notað eftirtalin efni; hass, amfetamín (spítt), LSD, E-töflur, kókaín, sveppi sem vímuefni og sniffefni (s.s. lím). Spurningarnar höfðu allar sjö valmöguleika, sambærilega spurningu um ölvun nemenda. Spurningarnar voru allar lagðar saman í einn heildstæðan kvarða um notkun vímuefna og tók kvarðinn gildi á bilinu 0-37.

Gerendur líkamlegs ofbeldis: Líkamlegt ofbeldi var annars vegar mælt með spurningunni; Hefur þú beitt einhvern líkamlegu ofbeldi síðastliðna 12 mánuði? Um var að ræða breytu sem tók sjö gildi; 0 (aldrei), 1 (1 sinni), 2 (2-5 sinnum), 3 (6-9 sinnum), 4 (10-13 sinnum), 5 (14-17 sinnum), 6 (18 sinnum eða oftar).

Polendur líkamlegs ofbeldis: Líkamlegt ofbeldi var hins vegar mælt með spurningunni; Hefur þú orðið fyrir líkamlegu ofbeldi síðastliðna 12 mánuði? Um var að ræða breytu sem tók sjö gildi; 0 (aldrei), 1 (1 sinni), 2 (2-5 sinnum), 3 (6-9 sinnum), 4 (10-13 sinnum), 5 (14-17 sinnum), 6 (18 sinnum eða oftar).

Sjálfsvígstilraunir: Sjálfsvígstilraunir nemenda voru mældar með tveimur spurningum. Annars vegar var spurt um sjálfsvígstilraunir um ævina; hefur þú einhvern tíma gert tilraun til að fremja sjálfsvíg? Hins vegar var spurt um nýlegar sjálfsvígstilraunir; hefur þú gert tilraunir til að fremja sjálfsvíg núna í vetur? Báðar spurningarnar tóku tvö gildi, 0 (nei) og 1 (já).

2.2.3. Úrvinnsla

Í rannsókninni var hópur framhaldsskólanema á aldrinum 16-19 ára sem sagðist hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök einhvern tíma um ævina athugaður. Félagslegt umhverfi þessa hóps var kannað sérstaklega. Þeir félagslegu þættir sem til athugunar eru voru valdir með tilliti til niðurstaðna erlendra rannsókna á vændi meðal ungs fólks, viðtölum við íslenska sérfræðinga og félagsfræðilegra kenninga sem nota má til að skýra vændi sem frávikshegðun ungs fólks. Athugaður var sérstaklega bakgrunnur, reynsla um kynferðislega misnotkun, félagslegt taumhald og líðan framhaldsskólanema sem þegið höfðu greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök (sjá lista yfir spurningar í kafla 2.2.1. um mælitæki).

Í úrvinnslu þeirra spurninga sem lúta að vændi meðal ungs fólks og félagslegu umhverfi þess var litið til einkenna þeirra framhaldsskólanema sem sögðust einu sinni eða oftár um ævina hafa þegið greiða eða greiðslu í skiptum fyrir kynmök. Við greiningu gagnanna var bæði notast við einfaldar krosskeyrslur þar sem tvíbreytutengsl voru athuguð auk þess sem svonefndri „logistic regression” aðhvarfsgreiningu var beitt til að meta flóknari tengsl breyta og samspil þeirra á milli. Þessi tölfræðiaðferð gefur kost á greiningu fylgibreytu með tvö gildi, í þessu tilviki hvort einstaklingur hafi eða hafi ekki skipt á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu. Með þessari aðferð er unnt að meta hlutfallslíkur þess að tiltekinn einstaklingur hafi skipt á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu eftir ýmsum forspárþáttum. Þannig var unnt að skoða hvort hlutfallslíkur á vændi jukust eftir hverjum forspárþætti fyrir sig, að teknu tilliti til annarra þátta.

Eins og áður kom fram svöruðu alls 7239 nemendur í framhaldsskólum á aldrinum 16-19 ára spurningunum. Þar sem nemendum var frjálst að sleppa

ákveðnum spurningum var nokkuð brottfall einstakra mæligilda. Því viðkvæmari sem spurningar voru þeim mun fleiri kusu að sleppa spurningunum. Þó virðast ekki allir nemendur hafa sleppt spurningum vegna þess að þær voru viðkvæmar heldur einnig vegna þess að þær voru staðsettar aftarlega í spurningalistanum. Þannig slepptu til að mynda um 525 nemendur spurningunni um að þiggja greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök og um 535 spurningu þeirri er laut að kynferðislegri misnotkun í æsku samanborið við einungis um og undir 100 nemendur sem slepptu þeim spurningum sem telja má minna viðkvæmar. Til að lágmarka brottfall þátttakenda úr greiningunni í heild voru meðaltöl viðeigandi spurninga fyrir gagnasafnið í heil sett í stað einstakra brottfallinna mæligilda hjá þátttakendum. Þegar um var að ræða samsetta kvarða sem samanstóðu af nokkrum spurningum, var aðferðinni beitt á hverja og eina spurningu fyrir sig og í kjölfarið voru þær lagðar saman í kvarða. Þessari nálgunaraðferð var beitt á allar frumbreytur sem höfðu fleiri en tvö gildi⁵. Þá var aðferðinni ekki beitt á fylgibreytuna, að þiggja greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Með þessum hætti voru fáir nemendur sem ekki voru teknir með í úrvinnslu gagnanna en það er mikilvægt í ljósi þess hve lítinn hóp er unnið með í fylgibreytunni um vændi⁶. Vegna þessa er unnið með svör 6714 einstaklinga í fylgibreytunni, með svör 6704 til 7215 einstaklinga í tvígildum breytum, en með 7239 svör í öðrum frumbreytum.

⁵ Þegar um “dummy” breytur (tvígildar breytur sem taka gildin 0 og 1) er að ræða er ekki ákjósanlegt að nota slíka nálgunaraðferð þar sem þær samanstanda af tveimur gildum eingöngu.

⁶ Því má bæta við að einnig var önnur nálgunaraðferð prófuð í því skini að athuga hvort ólíkar aðferðir hefðu áhrif á niðurstöðurnar. Þeirri aðferð er einungis beitt á samsetta kvarða og er einstaklingi sem sleppir spurningu úr kvarðanum gefið meðaltal hinna spurninganna sem hann sjálfur svaraði. Með þeim hætti er notað meðaltal fyrir hvern einstakling fyrir sig en ekki heildarhópsins eins og gert er í þeirri aðferð sem notuð var í greiningunni. Ólíkar nálgunaraðferðir reyndust ekki hafa áhrif á niðurstöðurnar.

3. Vændi meðal ungs fólks á Íslandi

Nýlegar skilgreiningar á vændi meðal ungs fólks vísa til þess þegar ungmenni skipta á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu (ECPAT, 2002 b). Í þessari rannsókn er stuðst við þessa skilgreiningu. Í sumum tilvikum má þó líta svo á að um nauðurvændi (survival sex) sé að ræða, en það vísar til þess þegar ungmenni skiptir á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu sér til lífsviðurværis (Greene o.fl, 1999). Í samræmi við þessar skilgreiningar og fyrri rannsóknir á vændi ungmenna er um að ræða skipti á kynmökum fyrir ýmislegt, til að mynda húsaskjól, mat, vímuefni eða peninga.

Í viðtölum við ungt fólk sem leiðst hefur út í vændi á Íslandi og sérfræðinga og unglinga sem þekkja til vændis kemur fram að á Íslandi sé nokkuð um það að ungt fólk, allt frá 13 ára aldri, skipti á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu. Þannig segjast nokkrir viðmælendur hafa persónulega reynslu af því að fjármagna neyslu vímuefna með því að selja aðgang að líkama sínum. Einnig koma fram dæmi þess að ungt fólk útvegi sér mat, húsaskjól eða jafnvel einhverja hluti sem það gírnist með þessum hætti. Þá virðast skipti á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu einnig vera leið ungmenna til að komast inn í hóp félaga sem þykir eftirsóknarverður. Samkvæmt viðmælendum eiga þessi skipti kynmaka sér stað innan félagahópsins sem utan. Þá segja þrír viðmælendur frá persónulegri reynslu sinni af skipulögðu vændi. Þessar ólíku birtingarmyndir vændis meðal ungmenna verða til umfjöllunar hér á eftir. Í samræmi við það verður umfjölluninni skipt upp í nokkra

undirkafla þar sem leitast er við að veita innsýn í líf þeirra ungmenna sem leiðst hafa út í slíkt vændi.

3.1. Skipti á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu innan hópsins

Innan hópsins vísar til þess félagahóps sem ungmenni eru í samskiptum við. Þannig er aldur ekki grundvöllur skilgreiningar unga fólksins á því hvort þau falli innan hópsins eða utan heldur frekar lífstíll, til að mynda þátttaka í partyum og neysla vímuefna. Þannig á sér stað innan félagahópsins að einstaklingar skipti á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu. Samkvæmt viðmælendum útvega sumir þeirra sér vímuefni, húsnæði eða jafnvel mat á þennan hátt í skiptum fyrir kynmök.

Flest þessara ungmenna líta, að sögn heimildamanna, ekki á þetta sem hið hefðbundna vændi þar sem oft er um að ræða þögult samkomulag milli tveggja aðila og oft eru ekki beinhardir peningar á borðinu. Einnig liggur ekki alltaf ljóst fyrir hvort tilfinningasamband sé til staðar milli einstaklinganna eða ekki. Þannig geti skilin milli þess hvað telst til slíkra skipta á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu og hvað ekki verið nokkuð óljós.

Sérfræðingur hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík sem hefur tekið viðtöl við ungt fólk sem býr við erfiðar félagslegar og fjárhagslegar aðstæður segist vita dæmi þess að ungt fólk skipti á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu. Hann segir þetta vera mjög viðkvæmt mál, eitthvað sem er mikið „tabú“ í þeirra huga. Unglingarnir hafi margir hverjir átt erfitt uppdráttar í lífinu og lent í ýmsu sem þeir vilji ekki að aðrir viti um. Hann segir marga þeirra eiga það sameiginlegt að neyta áfengis og vímuefna reglulega. Vímuefnaneyslan er, að sögn sérfræðingsins, það

sem krakkarnir eiga sameiginlegt og gagnkvæmur skilningur ríkir um það að ekki sé verið að hnýsast í mál annarra. Þegar neysla einstaklings er orðin nær dagleg þarf hann að leita leiða til að fjármagna hana. Með harðari efnum verður kostnaðurinn meiri og fráhvörfin erfiðari og hættulegri. Því getur oft verið mikið í húfi þegar útvega þarf peninga fyrir næstu sprautu eða skoti. Auk innbrota, þjófnaða og sölu eða flutnings á eiturfjóm er sá möguleiki fyrir hendi að veita kynmök fyrir peninga eða vímuefni. Sérfræðingurinn segir vímuefnin vera það sem máli skiptir í lífi þessara einstaklinga og þeir séu tilbúnir til þess að ganga langt til að verða sér úti um þau. Sérfræðingur hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík segir um þetta:

Þetta unga fólk er oft komið á götuna. Það þurfa ekki endilega að vera erfiðar aðstæður í æsku. Stundum dynja áföll yfir þessa krakka á unglingsárum, þá raknar allt upp og þeir fara að leita eitthvert annað. Stundum brjóta þeir allar brýr að baki sér og er þá hent út, fara á flakk og dvelja í dópbælum. Kunningjaskapur í þessu er bara að skipta á hlutum, allt gengur út á að redda sér dópi. Það breytir engu hvar þú sefur, heldur að þú fái dópið. Fiknin gengur út á það. Svo eru þessir krakkar með GSM síma og redda hinu og þessu. Láta skutla sér og ná í hitt og þetta og fá að sofa einhvers staðar. Þetta eru krakkar sem eru svo langt leiddir að það er ekkert sem skiptir máli lengur. Þeir sofna bara einhvers staðar, kannski hjá einhverjum sem þeir kynntust í gær.

Ung stelpa sem var í vímuefnaneyslu og svaf hjá manni í skiptum fyrir mat, húsaskjól og vímuefni segir mikið um slíkt vændi meðal ungs fólks í vímuefnaneyslu. Hún segir ungt fólk í vímuefnaneyslu og fjárhagskröggum oft selja sig fyrir lítið, svo sem fyrir einnar nætur gistingu eða eina línu af amfetamíni. Þessi skipti á kynmökum og vímuefnum, húsaskjóli, peningum eða öðrum hlutum eigi sér stað innan hópsins og utan. Í viðtölum við unglinga, sem þekkja til þessa heims, kemur fram að nokkur munur er á viðskiptavinum eftir því hvort þeir tilheyri hópnum

eða standi utan hans. Þegar um er að ræða vændi innan hópsins virðast einstaklingar oft stofna til sambands við aðra grundvallað á þeirri forsendu að sá síðarnefndi geti séð viðkomandi fyrir vímuefnum og/eða húsnaði. Samskiptin byrja oft þannig að stúlkur eignast „kærasta” sem eiga greiðan aðgang að vímuefnum, án þess að nokkrar tilfinningar séu í spilu. Þannig virðast vímuefnin veita þungt í þessu sambandi þar sem vímuefnasalar hafa upp á ýmislegt eftirsóknarvert að bjóða. Í sumum tilvikum er um að ræða sambönd fólks sem varla er hægt að skilgreina sem vændi en í öðrum virðist um hreinni og beinni sölu á kynmökum fyrir vímuefni að ræða. Margir viðmælenda taka undir þetta. Þannig segir 19 ára viðmælandi sem nýlega hætti neyslu vímuefna það eiga sér stað að ungar stelpur sofna hjá strákum í skiptum fyrir vímuefni. Sjálf segist hún hafa verið með strák sem seldi vímuefni. Hún hafi ekki áttað sig á því fyrr en eftir á að sambandið byggðist ekki á ást heldur á löngun hennar í vímuefni. Nítján ára gamall strákur sem neytti og seldi vímuefni segist sjálfur hafa reynslu af skiptum á kynmökum fyrir vímuefni. Hann lýsir reynslu sinni sem reynslu geranda. Þannig hafi hann vísvitandi lokkað stelpur til sín með vímuefnum sem hann annars seldi, svo sem hass, kókaín og pillur. Hann segir þetta eiga sér stað innan „neysluhópa”. Hann var sjálfur um 18 ára gamall og flestar stelpurnar sem hann lokkaði með þessum hætti voru á sama aldri og hann eða yngri. Hann segir þó nokkum með vímuefnunum vera það sem dregur fólk að. Þannig nái hann athygli stelpnanna. Það eina sem þurfi að gera sé að veifa pokanum og þá sé næsta skref nokkuð ráðið. Í ljósi þessa segist hann kalla þær pokahópur.

Ég hef verið gerandi í þessu í kringum dópið. Þetta tíðkast orðið. Þá snýst þetta aðallega í kring um dópsala. Þetta er ekkert sjaldgæft. Maður [sem dópsali] veit alveg hvaða „power” maður hefur. Þetta dregur auðvitað fólk að. Svo gefur maður fólk í nefið og smátt og smátt er

maður kominn í góða stöðu til að notfæra sér þetta. Fólk reynir alltaf að komast aftur í þessa stöðu hjá manni. Oftast eru þetta sömu stelpurnar. Það er ofsalega ljótt að segja þetta en sumar stelpur eru bara pokahóru.

Maður sér þetta í neyslunni. Það eru alltaf einhverjir gæjar sem eru með svona gellur. Þeir veifa bara pokanum [með vímuefnunum í] og þá gengur þetta bara vel. Þannig er þetta í raun gert viljandi. Þetta er meðvitað. Ég stundaði þetta.

Fæstir viðmælendanna hafa haft orð til að lýsa þessum skiptum á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu sem fram fer meðal ungs fólks í vímuefnaneyslu. Ungi vímuefnasalinn sker sig úr að þessu leyti en hann segir vímuefnasala nota orðið pokahóra sín á milli. Þannig gorti þeir sig til dæmis af „afrekum” sínum með því að benda hver öðrum á hvaða stelpa sé pokahóra. Það eigi að gefa í skyn að þeir hafi sofið hjá þeim. Þannig gorti þeir sig af árangrinum á sama tíma og neikvætt umtal skapast um þessa einstaklinga. Slíkar stúlkur séu gjarnan litnar hornauga þar sem hegðun þeirra þyki ekki bera vott um mikla sjálfsvirðingu. Viðmælandinn segist nú í dag finnast þetta ógeðslegt, hann sjái hegðun sína í öðru ljósi en meðan á þessu stóð. Hann segir stúlkurnar sem um ræðir oftast en ekki vera nokkuð djúpt sokknar í neyslu. Þannig séu stelpur í lítilli neyslu ekki í jafn mikilli neyð við að útvega sér vímuefni eins og þær sem dýpra eru sokknar. Neyðin sé samt alltaf mest hjá sprautufíklunum. Í samræmi við þetta segir sextán ára gömul stúlka, sem byrjaði að neyta vímuefna fjórtán ára að neyð vímuefnaneytandans geri það að verkum að hann sé tilbúinn að gera nánast hvað sem er til að útvega sér næsta skammt. Þegar hún var orðin háð vímuefnum hafi hún meðal annars sofið hjá vímuefnasala til að útvega sér þau vímuefni sem hún þurfti.

Það var ein stelpa sem var að selja hass og spítt og kúlur. Hún var lesbía. Ég, þú veist....gerði ALLT til að fá dópið hjá henni. Ég gerði þetta ekki

oft, en nokkrum sinnum. Ég held að hún hafi haldið að ég væri hrifin af sér en það var ekkert svoleiðis. Mig langaði bara í dópið.

Auk þess að útvega sér vímuefni hjá vímuefnasölum eru skipti á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu leið til að verða sér út um aðra mikilvæga hluti, svo sem húsaskjól og mat. Fjórir viðmælendur segjast hafa persónulega reynslu af því að skipta á kynmökum fyrir húsaskjól, mat og vímuefni. Þannig eiga sum ungmenni ekki ávallt fastan samastað og fá því jafnvel að dvelja um tíma hjá vini eða kunningja í staðinn fyrir kynferðislegan greiða. Þessir vinir og kunningjar virðast oft vera í vímuefnaneyslu eða eru að selja vímuefni og sjá þeim sem hjá þeim dvelja einnig fyrir vímuefnum. Sextán ára gömul stúlka sem byrjaði að neyta vímuefna fjórtán ára segist hafa sofði hjá stelpum og strákum fyrir vímuefni og húsaskjól. Hún byrjaði að drekka áfengi 13 ára gömul og varð fyrir kynferðislegri misnotkun, eða nauðgun 14 ára. Á þessum tíma leið henni mjög illa og leiddist fljótt út í mikla neyslu á áfengi og hassi. Hún lýsir því hér hvernig vímuefnaneyslan vafði upp á sig og að eftir ítrekað „vesen” sem hún olli foreldrum sínum hafi hún látið sig hverfa öðru hvoru af heimili sínu þegar hún var mikið „dópuð”. Þetta leiddi til þess að hún reyndi stundum að útvega sér gistingu með öðrum hætti. Besta leiðin var að hringja í kunningja sinn sem hafði eigið húsnæði. Það gerði hún jafnvel þó hún vissi að sú gisting væri ekki ókeypis.

14 ára var ég byrjuð að reykja hass á hverjum degi. Í nokkra mánuði var dagurinn þannig að ég vaknaði, reddaði mér pening eða dópi og reykti, gerði kannski eitthvað heimskulegt og fór svo að sofa - eða ég fór bara ekkert að sofa. Svona bara var þetta. Ég var alltaf útúr dópuð og vildi því oft ekki koma heim til mín á næturnar. Mamma mín og pabbi hafa aldrei bannað mér að koma heim þannig að ég hafi orðið að vera úti, orðið að gista á götunni. Ég vildi það bara sjálf. Síðan var þetta bara þannig að ég hringdi í einhvern sem ég vissi að væri líka í rugli sem ég gæti djammað með og síðan myndum við fara heim saman. Ég myndi bara segja,

heyrðu ég „meika” ekki að fara heim. Má ég ekki bara gista hjá þér í nótt. Og hann segði bara jú jú ekkert mál og við vissum bæði nákvæmlega hvað myndi gerast. En það þurfti ekkert að útskýra eða neitt svoleiðis, það vita allir hvernig þetta gengur fyrir sig.

Þá segir hún þetta vera viðtekna venju hjá ungu fólki í vímuefnaneyslu. Margar vinkonur hennar hafi sofið hjá fyrir gistingu, það fylgi bara neyslunni.

Nítján ára stelpa sem varð fyrir kynferðislegri misnotkun í æsku og leiddist út í vímuefnaneyslu segir frá því hvernig hún og vinkona hennar sváfu nokkrum sinnum hjá eldri strákum í staðinn fyrir gistingu. Hún segir það hafa byrjað þannig að þær hafi kynnst þeim í partýi. Þeir hafi fengið símanúmerið hjá þeim og í kjölfarið hringt oft í þær og boðið þeim vímuefni, gistingu eða hvað það sem þær vanhagaði um. Þeir sögðust við fyrstu kynni vera 18 ára gamlir en síðar kom á daginn að þeir voru 23 ára, seldu vímuefni og áttu eigið húsnæði. Á þeim tíma voru þær 17 og 18 ára. Vegna vímuefnaneyslu sinnar þorðu þær, að eigin sögn, oft ekki að fara heim til sín heilu dagana. Þær voru þá jafnvel á götunni eða reyndu að fá gistingu hjá vinum og kunningjum. Eitt sinn þegar þær hlupust að heiman buðu vímuefnasalarnir þeim húsnæði í skiptum fyrir kynmök en í kjölfarið átti það eftir að endurtaka sig oftar. Sjálf segist hún ekki hafa litið á þetta sem vændi en hún sjái það í öðru ljósi í dag.

Við vorum að strjúka að heiman og vorum ekki búnar að vera heima hjá okkur í nokkra daga. Þeir leyfðu okkur að gista en vildu að við myndum sofa hjá þeim í staðinn. Þeir buðu okkur alltaf dóp. Þeir gerðu það vísitandi til að við yrðum auðveldari viðureignar. Þeir fóru út að skemmta sér og þegar þeir komu heim þóttumst við vera sofandi svo við þyrftum ekki að gera neitt. En þeir komu bara inn í herbergið og kveiktu ljósið og sögðu: Komið þið stelpur og spjallið aðeins við okkur. Þetta endaði alltaf með því að við þyrftum að sofa hjá þeim. Þetta var bara þannig að við þuftum að gera þetta. Ég held ég hafi gert þetta svona fjórum sinnum.

Hún segir þessa stráka hafa haft aðrar ungar stúlkur í takinu. Þær hafi verið 15 eða 16 ára. Þannig þurftu þær vinkonurnar til dæmis að fara frá þeim ef yngri stelpurnar komu í heimsókn. Þannig skiptu þeir þeim út. Hún segir þá oft hafa haft mikið af vímuefnum uppi við. Vímuefnin hafi meðal annars verið ein leið þeirra til að krækja í ungar stelpur og hafa þær á valdi sínu.

Nítján ára gamall strákur sem neytti og seldi vímuefni telur marga unga krakka í vímuefnaneyslu lenda í því að vera á götunni í einhvern tíma. Þegar krakkar eru komnir á götuna séu þau orðin háðari öðrum við að útvega sér gistingu, vímuefni eða annað. Strákar sem selja vímuefni og eiga fínt húsnæði séu því í góðri aðstöðu til að bjóða þessum krökkum það sem þeir þurfa. Þá vita þeir að með því að gera krakkana enn háðari vímuefnum hafi þeir þá frekar á valdi sínu. Þannig segir hann vímuefnin og vímuefnasalana eiga stóran þátt í vændi ungmenna.

Stelpurnar vilja frekar hengja sig utan í gæja sem eiga vímuefni og eru með eigin íbúð en þá sem eiga það ekki. Það eru líka gaurar sem nota vímuefni meðvitað til að koma yngri stelpum út í meiri neyslu til að þeir komist í þessar aðstæður gagnvart þeim. Þannig leiðast stelpur oft út í neyslu vegna stráka sem eru að troða þessu upp á þær og segja hvað þetta sé gaman. Þeir koma þeim á bragðið og gefa þeim alltaf meira og meira. Þannig geta þeir líka komið sér í betri aðstöðu til að nota þær kynferðislega.

Sérfræðingur hjá Barnaverndarstofu segist vita um stráka sem séu „dílerar“ (vímuefnasalar) sem nái markvisst í stelpur í grunnskólunum, verði kærastar þeirra í einhvern ákveðinn tíma og útvega þeim vímuefni og jafnvel gistingu. Þegar þær eru orðnar háðar þeim selji þeir þær svo í framhaldi til annarra karlmannna. Þá segist viðmælandi hjá lögreglunni vita þess dæmi að menn sem selji vímuefni eða stundi annað ólöglegt athæfi næli sér í ungar stelpur. „Þeir geta hnoðað þær eins

og leir og fengið þær til að gera hvað sem er. Þær geta orðið einskonar kynlífsþrælar þeirra sem þær eru hjá. Það fylgir bara”, segir hann.

Nokkrir ungir viðmælendur lýsa eigin reynslu á svipaðan hátt. Ung stelpa sem var í vímuefnaneyslu og svaf hjá manni í skiptum fyrir mat, húsaskjól og vímuefni segist hafa verið með einum 22 ára „gaur” sem var að selja vímuefni. Hann hafi útvegað henni húsaskjól, mat og vímuefni og í staðinn hafi hún þurft að gera hvað sem hann vildi. Eftir að hafa verið hjá honum í fjóra mánuði segist hún ekki hafa afborið meira. Ástandið hafi verið orðið óhuggulegt og þetta hafi haft mjög slæm áhrif á hana. Þannig sjái hún það nú að hún hafi verið kúguð af manningum og sjálfsvirðing hennar hafi verið orðið nær engin.

Hann útvegaði mér allt, mat, húsnæði og þau vímuefni sem ég þurfti. Það gerði það líka að verkum að mér fannst ég ekki geta neitað honum um nokkuð. Ég átti bara að vera þarna fyrir hann og segja já amen við öllu sem hann bað mig um. Á sama tíma var hann að koma með einhverja strippara heim og var með þeim, það þótti alveg sjálfsagt. Við vorum svona fjögur til fimm sem bjuggum þarna. Þetta var orðið rosalega mikið rugl, alltaf party og eitthvað fólk sem gekk inn og út og nýr og nýr sem gisti á sófanum. Já þetta var bara svona „sukk staður”. Í lokin var þetta orðið þannig að það varð að binda niður alla glugga og við máttum ekkert fara út úr húsinu vegna þess að „fíknó” var að fylgjast með okkur. Við fórum varla út fyrir hússins dyr, ekki einu sinni til að kaupa mat. Þetta var orðið algert rugl.

Hún lýsir sambandi sínu við hann sem nokkurs konar eignarhaldi. Hún segist hafa reynt að komast hjá því að þurfa að sofa hjá honum. Þar sem afsakanir hafi ekki dugað né kurteisar neitanir hafi hún beitt markvissari brögðum til að komast undan því. Ein leiðin hafi verið að fá vottorð frá lækni um blöðrur á eggjastokkunum til þess að geta sýnt honum fram á að hún mætti ekki hafa kynmök.

Almennt eru viðmælendur sammála því að yngri krakkar séu í meiri hættu fyrir því að leiðast út í vændi en eldri. Þannig nýti eldri unglingar eða jafnvel fullorðið fólk sér aðstæður yngra fólks sem enn hefur ekki mótast til fulls og er að leita eftir reynslu eða ævintýrum.

Ung stelpa sem var í vímuefnaneyslu og svaf hjá manni í skiptum fyrir mat, húsa-skjól og vímuefni segir algengt að í partýum bjóði strákar stelpum upp á dóp með það í huga að sofa hjá þeim. Ef þær svo þiggi dópið þá finnist þeim þær eiginlega skyldugar til að sofa hjá þeim, þær geti ekki sagt nei. Hún segir alla sem tilheyra þessum heimi vita að vímuefni fáist sjaldan frítt. Nítján ára gamall strákur sem neytti og seldi vímuefni segir skipti á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu geta gerst nánast hvar sem er en að dóppartý sé staður þar sem ýmislegt svona gerist. Þar komi vímuefnasalarnir og séu meðvitaðir um það að fólk hafi áhuga á að fá vímuefni hjá þeim. Það sé svo þeirra að setja upp gjaldmiðilinn. Hann lýsir þessu sem „dóppartýsrugli“. Þá segist hann vita til þess að svipað fari fram hjá bróður sínum sem sé í grunnskóla. Það fari fram á örlítið annan hátt. Þannig snúist þetta meira um að komast inn í hópinn hjá yngri krökkum. Þeir krakkar séu kannski ekki í jafn mikilli neyslu en að það að vera hluti af hópnum sé það mikilvægasta fyrir þá.

Það myndast mjög rótgrónir hópar í grunnskólanum með krökkum sem hafa búið í hverfinu lengi. Þegar það koma t.d. nýir krakkar sem vilja troða sér inn í hópinn þá veit ég að svona kemur upp á. Stelpurnar sofa hjá strákunum til að komast inn í hópinn. Þetta var líka þegar ég var í skólanum. Ég held þetta hafi bara ekki verið jafn mikið og það er nú. Vinir mínir eru búnir að vera að tala um þetta, að þetta sé meira en þetta var.

Sálfræðingur hjá meðferðarheimili segist kannast við það að ungar stelpur sofi hjá til að komast inn í hópinn. Þannig hafi til að mynda 19 ára strákur lýst því hvernig

hann væri meira spenntur fyrir því að vera með yngri stelpum, 14 til 15 ára. Hann sagði ástæðu þess vera þá að þær væru svo „auðveldar“ og að þær væru spenntar fyrir því að kynnast einhverju nýju og að fá að vera með í hópnum. Hann hafði gjarnan samband við yngri vini sína til að fá vitneskju um hvar hann kæmist í samband við svo ungar stúlkur. Sálfræðingurinn segir einnig vímuefni spila lykilhlutverk þegar kemur að því að eldri strákar lokki ungar stúlkur með sér.

Hann lét þær líka ánetjast vímuefnum, því hann var díler. Leitaði að þessum ungu stelpum til að láta þær ánetjast. Þannig eru þeir komnir með einhvers konar völd. Hafa tak á þeim. Ég hef því heyrt um ungar stelpur sem eru ekki byrjaðar í vímuefnaneyslu heldur eru í mesta lagi að drekka. Þær komast inn í hópa með því að vera með strákum en svo í framhaldi spila þær reglurnar með og jafnvel ánetjast vímuefnum.

3.2. Skipti á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu utan hópsins

Erlendar rannsóknir hafa gefið til kynna að ungt fólk er oft og tíðum tælt í vændi. Í rannsóknar- og hjálparverkefni Barnardo í Englandi, þar sem komið var ungu fólki í vændi til aðstoðar, reyndist ungt fólk helst vera helst tælt í vændi á tvo vegu. Annars vegar þegar einstaklingar urðu fyrir þrýstingi frá félagahópnum til að skipta á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu, eins og sjá mátti í kaflanum hér að framan, og hins vegar af eldra fólki sem tældi ungt fólk í vændi (sjá í Lenihan og Dean, 2000). Í verkefni Barnardo í Englandi reyndust bæði kynin lenda í því að vera tæld í vændi af eldri einstaklingum þó slíkt virtist algengara meðal stúlkna en drengja. Þá átti tælingin sér almennt stað með þeim hætti að karlmaður reyndi markvisst að tæla til sín ungar stúlkur sem voru augljóslega viðkvæmar fyrir, til dæmis með tilliti til vímuefnaneyslu eða lítils eftirlits foreldra. Þetta gerðu þeir

með því að gefa stúlkunum gjafir, sýna þeim athygli og á þann hátt náðu þeir smám saman tilfinningalegu valdi yfir þeim. Vegna aukins aldurs, þroska og fjárhags mannanna gátu þeir smám saman gert stúlkurnar háðar sér sem að lokum leiddi til þess að þeir tóku nánast yfir stjórn á lífi þeirra. Í framhaldi þvinguðu þeir þær til samræðis við sig eða jafnvel aðra og beittu til þess kúgun og hótunum. Þannig leiddi slík misnotkun stundum út í skipulagt vændi þar sem mennirnir urðu milligöngumenn um sölu á stúlkunum til annarra manna (Lenihan og Dean, 2000). Í þessum kafla verður litið til ungs fólks á Íslandi sem hefur verið tælt af eldri einstaklingum. Sérstaklega verður farið í skipulagt vændi í kafla 3.4 og 3.5.

Í viðtölum við ungt fólk og sérfræðinga kemur fram að vændi eigi sér stað meðal ungs fólks með þessum hætti. Þannig eigi sér stað að fullorðið fólk tæli ungmenni til við sig með ýmsum leiðum. Í slíkum tilvikum eru kaupendur eldri og betur staðir einstaklingar, á aldrinum 20-50 ára, sem útvega yngra fólki peninga, vímuefni, húsaskjól, mat og eftirsóknaverða hluti eða jafnvel bílfar í skiptum fyrir aðgang að líkama þeirra. Þetta á við um bæði stelpur og stráka.

Sérfræðingar á meðferðarstofnunum segjast vita til stráka í vændi. Slíkt tengist oft eiturlyfjum eins og hjá stelpunum en þeir selja sig bæði konum og körlum. Það sé því til í dæminu að eldri konur taki unga stráka upp á sína arma gegn skiptum á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu. Þá hafa sumir verið misnotaðir á unga aldri af eldri konum en upplifa það ekki endilega sem misnotkun. Þá segir sérfræðingur hjá meðferðarstofnun að þegar unglingsstrákur selur sig eldri konu fyrir peninga, vímuefni eða annað þá geti hann jafnvel fengið hrós eða upphefð frá jafnöldrum sínum fyrir. Þrátt fyrir þetta virðist þó vændi meðal stráka ekki síður vera viðkvæmt mál fyrir hvern og einn en meðal stelpna. Það eigi sérstaklega við selji þeir sig karlmanni. Í slíkum tilvikum upplifa þeir oft mikla skömm. Að sögn

sérfræðinga er mun erfiðara að ræða vændi í meðferðarhópum meðal karla en meðal kvenna þótt vakið sé máls á því í hópum beggja kynja. Þá eru konurnar sagðar eiga auðveldara með að leita sér hjálpar. Sérfræðingur hjá meðferðarstofnun lýsir framangreindu á eftirfarandi hátt:

Ég hef verið með karlmenn í viðtölum sem hafa lent í þessu. Karlmenn sem hafa virkilega grátið yfir þessu. Hvernig þeir hafa selt sig til eldri konu. Ungir strákar kannski á aldrinum 16 upp í 22 ára.

Það er líka til að ungir strákar séu með eldri karlmönnum til að fá vímuefni eða peninga. Bæði þannig að þeir eru í tengslum við einhvern ákveðinn mann eða að þeir selji sig nær hverjum sem er. Þannig getur verið þekkt í neysluhópi að þennan strák sé hægt að kaupa fyrir slíkk eða fyrir vímuefni. Nítján ára gamall strákur sem neytti og seldi vímuefni segist þekkja strák sem hafi fengið vímuefni hjá manni sem hafi haft það orð á sér að gefa strákum vímuefni í staðinn fyrir kynmök. Þannig hafi maðurinn notfært sér aðstæður ungra stráka.

Vinur minn lenti í því að það var einhver gæji sem var að gefa honum „kók“ og önnur vímuefni. Sá var víst búinn að vera að stunda þetta. Hann hafði gert þetta mjög lengi með nokkra stráka. Hann gaf þeim eiturlyf og notfærði sér þá í kynferðislegum tilgangi.

Viðmælendur eru þó almennt á sama máli um að þó að vændi megi finna bæði meðal stelpna og stráka séu fleiri stelpur sem fari þessa leið til að fjármagna neyslu sína. Hins vegar leiðist strákarnir frekar út í afbrot í þeim aðstæðum. Þá sé einnig algengara að þeir fjármagni neyslu sína með sölu og dreifingu vímuefna. Þannig segist sálfræðingur hjá meðferðarheimili telja stelpur sem komi til meðferðar oft vera í alvarlegri vímuefnaneyslu en strákar. Þannig telji hann stelpur hafa „lengri líftíma á götunni“. Ástæða þess sé meðal annars sú að strákarnir lendi frekar í útistöðum við „kerfið“, brjótist frekar inn og steli til að fjár-

magna vímefunaneysluna. Stelpurnar láti frekar stela fyrir sig eða fari aðrar leiðir, til að mynda í vændi. Þannig geti þær falið vandamál sín betur en strákar. Þeir komist auðveldar í kast við lögin og því sé oft og tíðum fyrr gripið inn í ferli þeirra, til dæmis af barnaverndarnefnd, meðferðarheimilum eða að þeir þurfi jafnvel að afplána dóm í fangelsi.

Viðmælendur segja það eiga sér einnig stað að eldri menn lokki ungar stúlkur til sín með gjöfum eða greiðum og fái þær til við sig. Sérfræðingur á Barna- og unglingageðdeild LSH segir að oft verði stúlkurnar háðar þessum mönnum vegna þess sem þeir hafi að bjóða, til að mynda vímuefnin. Með því að bjóða þeim vímuefni nái þeir tangarhaldi á þeim. Þannig séu þær á einhvern hátt veikar fyrir og leiti leiða til að ná sér í vímuefni. Þá segir hann vændið vera mjög falið í þessum unglingahópum. Þannig getur sami maðurinn jafnvel verið með fleiri en eina stúlku á sínu framfæri án þess að nokkur viti um það. Þessu sé haldið leyndu því allir haldi að þeir séu einhvern veginn að græða á þessu.

Lögreglan hefur svipaða sögu að segja. Einn viðmælandi þar segist hafa haft afskipti af vændi meðal unglunga. Í hlut hafi átt einstaklingar sem áttu við ýmsan annan vanda að stríða, svo sem neyslu vímuefna. Þeir sem lokki unga fólkið til sín séu oft og tíðum eldri karlmenn.

Það er til vændi sem tengist unglungum. Mjög ungu fólki, í flestum tilfellum með vandamál. Oftar en ekki í vímuefnum, svo sem pillum, dópi og áfengi. Þetta er kannski það sem er nóturlegast við þetta allt. Það er til ungt fólk sem selur sig öðrum sem er ekki í eiturfjóm og svo ungt fólk sem selur sig fólki í eiturfjóm, það er vændi innan hópsins. Það er ógeðfelldasti þátturinn í þessu öllu saman. Ömurleikinn er svo mikill. Þetta fólk hefur ekkert val um viðskiptavini, það tekur bara þeim sem kemur, alveg sama þó það sé sextugur, ógeðslegur og skítugur karl.

Sérfræðingur hjá meðferðarstofnun segir að einnig eigi sér stað að eldri karlmenn bjóði stelpum og/eða strákum að dvelja hjá sér til skemmri eða lengri tíma í skiptum fyrir kynmök. Þá bjóði eldri karlmenn ungmönnum oft upp á gjafir og fjárhæðir sem ekki eru inn í myndinni meðal jafningjahópsins. Sautján ára gömul stúlka sem var í vímuefnaneyslu segir bestu vinkonu sína, sem er aðeins 15 ára gömul, sofa hjá eldri manni þrisvar sinnum í viku í skiptum fyrir peninga, föt, skartgrip og fleira. Hún segir manninn hafa lokkað hana til sín með ýmsum gylliboðum, hann hafi gefið henni ýmislegt sem hún þurfti ekki að greiða til baka í fyrstu. Smám saman hafi hún orðið háð þessum gjöfum hans og viljað halda þeim áfram. Þannig hafi hún látið til leiðast að borga honum greiðana til baka með kynmökum. Hún hafi því eftir nokkurra mánaða kynni verið byrjuð að sofa hjá honum fyrir greiða og greiðslu. Þá segir hún vinkonu sína ekki einu stelpuna sem maðurinn hafi keypt með þessum hætti þar sem hann hafi tvær aðrar stúlkur í takinu sem séu um 17 eða 18 ára. Hún segir manninn hafa áhuga á ungum stúlkum. Þetta hafi byrjað þegar vinkona hennar var 14 ára að verða 15 og hann 57 ára gamall. Vinkonu sinni lýsir hún sem mjög fallegr og góðri stelpu. Hún segist ekki skilja hvað í hennar fari gæti útskýrt það af hverju hún kemur svona fram við sjálfa sig. Atburðarásinni lýsir hún með eftirfarandi hætti:

Þetta byrjaði þannig að hún var að ganga úti í rigningu og var bara í hlýraból vegna þess að hún hafði gleymt jakkanum sínum. Þá stoppaði fyrir henni maður og bauð henni far. Hann spurði hana hvert hún væri að fara og hún sagði honum það. Svo spurði hann hana hvort hana vantaði ekki vinnu. Hann á eitthvað fyrirtæki og sagðist ætla að bjóða henni vinnu. Hann bað um símanúmerið hennar og sagðist myndu hringja í hana og láta hana vita. Henni leyst geðveikt vel á þetta og var mjög ánægð með að geta fengið vinnu. Svo hringdi hann í hana og sagðist ætla að sýna henni vinnustaðinn. Hann kom síðar að ná í hana og hún settist inn í bílinn til hans. Þá sagðist hann ekkert þurfa að sýna henni vinnuna, hún þyrfti nú ekkert að vinna því hann myndi bara gefa henni pening.

Svo rétti hann henni síma og 5.000 kall. Eftir þetta var hún svo alltaf að hringja í hann þegar hana vantaði pening og svona. Fyrst vildi hún aldrei sofa hjá honum en hann sagði henni að hann væri að sofa hjá tveimur öðrum stelpum sem hann borgaði fyrir 60.000 á viku. Svo ákvað hún bara að sofa hjá honum og hefur gert það reglulega síðan. Núna er hún bara gjörsamlega háð honum.

Þá segir hún vinkonu sína oft hafa reddað sér þegar hún var í vandræðum stödd. Þannig hafi til að mynda vinkonan útvegað henni peninga fyrir mat eða vímuefnum þegar hún var á götunni. Svo hafi komið að því að maðurinn spurði hvort hún ætti vinkonur sem vinur hans gæti hitt. Vin hans, sem var eldri maður, langaði líka að sofa hjá svo ungri stelpu og myndi borga vel fyrir það. Sjálf segir hún það ekki hafa komið til greina þar sem hún myndi aldrei gera slíkt. Hún segir vinkonu sína vera í vanda stadda. Maðurinn sé að breyta hegðun sinni gagnvart henni, gera meiri kröfur og gefa henni sífellt minna í staðinn. Þá hafi hann reiðst henni en slíkt virðist ekki hafa áhrif á hana þar sem hann kunni að bæta henni það upp.

Mér finnst hann bara vera einhvern veginn orðinn svo vondur við hana. Hún tekur eftir því að hann er að minnka það sem hann gefur henni og þegar hún segir eitthvað þá verður hann brjáláður. Einu sinni skammaði hann hana rosalega mikið og kýldi hana. Hún var með alveg rosalega stórt glóðarauga. En hann bætti henni það upp og gaf hann henni skartgrip og gjafir. Hann biður hana um hitt og þetta og hún gefur honum allt af sjálfri sér og ber enga virðingu fyrir sjálfri sér lengur. Þetta er alveg ógeðslegt. En hún segir: ég er ekki hóra. En auðvitað er þetta vændi. Hún lítur ekki á þetta þannig og sér ekkert rangt við þetta. Hún hugsar bara um að hún sé að fá alla þessa hluti, peninga og föt. Mér finnst að það eigi að taka svona karla og stinga þeim inn.

Sérfræðingur hjá Barnaverndarstofu segir að ungu fólki í vímuefnaneyslu þyki gjarnan „töff“ að þekkja tiltekna menn í Reykjavík. Þó það sé kaldhæðið þá virðist sem kunningsskapur við þessa menn leiði til aukinna vinsælda og virðingar í jafnaldrahópnum. Sú virðing virðist stundum magnast við það að unglingarnir sofi

hjá viðkomandi mönnum. Hann segir skýringuna fölgna í því að í gegnum þessa menn geti unglingarnir haft greiðan aðgang að vímuefnum eða peningum. Hann þekki fleiri en eitt dæmi þess að tvær stelpur hafi verið með einum karlmanni. Í slíkum tilvikum deili þær fjármunum eða vímuefnum sem þær hljóti fyrir „greiðann“. Þessar stelpur, 14 til 15 ára gamlar, kallar viðmælandinn „undirheimadrottningar“. Annar sérfræðingur sem rætt var við og starfar á Barna- og unglingageðdeild LHS lýsir mynstri slíks vændis þar sem fullorðnir karlmenn hafi á sínum snærum eina eða fleiri stúlkur:

Ég hitti ungar stelpur sem eru í vandræðum og hafa tengst einhverjum fullorðnum karlmönnum úti á götu. Þeir ná einhvern veginn að kynnast þeim, þvælast í kringum unglingana og bjóða þeim upp á ýmislegt. Þetta fréttist og síðan fara þær sjálfar að hafa samband við þá. Þeir kaupa áfengi eða eitthvað þess háttar og þær borga með kynlífi í staðinn. Þær selja sig fyrir vímuefni, pening eða einhvern annan greiða svo sem að láta keyra sig. Þessir eldri menn eru að misnota sér aðstæður og veikleika þessara barna. Þetta eru stelpur sem eru 14, 15 og 16 ára gamlar. Fjórtán til sextán ára barn er ekki komið með fullan þroska til að meta svona aðstæður, ég tala nú ekki um barn sem hefur búið við lélegar aðstæður fyrir. Það er auðvelt að misnota það.

Nítján ára gamall strákur sem neytti og seldi vímuefni segir einnig algengt að eldri menn, um þrítugt eða fertugt bjóði ungum stelpum ýmislegt í staðinn fyrir kynmök. Þeir séu oft hluti af vímuefnaheiminum. Annað hvort menn sem hafa verið í áfengis- eða vímuefnaneyslu eða sem hafi hærrí stöðu að gegna, séu til að mynda einhverjir þeirra sem skipuleggja og stjórna dreifingu vímuefna.

Margir þessara gæja eru dálítið eldri en ég, svona eldri karlar. Um þrítugt eða fertugt. Þeir eru alveg grófir í þessu. Bjóða stelpunum þetta og láta þær vita að þær fái hitt og þetta í staðinn. Þetta eru bara þessir gömlu sukkarar. Fjölskyldukarlar sem eru komnir á eldri ár og hafa aldrei hætt og eru orðnir gjörsamlega út úr korti. Þeir eru partur af þessu. Svo eru það gæjarnir sem eru svona hærrí settir. Það er t.d. strákur sem er að

selja fyrir einhvern eldri gæja. Svo er einhver fyrir ofan hann og svo einhver fyrir ofan hann. Þessir menn komast svo í samband við yngri stelpur í gegnum strákana sem eru að selja og eru í sama hópi og stelpurnar.

Þannig segir hann þá sem lægra eru settir í vímuefnasölu- og dreifingar píramídanum vita hverjir þessir menn eru og koma þeim oft í samband við yngri stúlkur. Þessa menn þyki eftirsóknarvert að þekkja. Þekki maður einn slíkan sé allt í góðum málum. Það eigi því við um stelpur og stráka að vilja komast í mjúkinn hjá þeim. Þannig viðurkennir hann sjálfur að hafa reynt að „troða sér dálítið upp á einhvern svoleiðis“. Hins vegar sé kunningsskapur við þá ekki alltaf af hinu góða. Þeir geti verið mjög harðir í horn að taka komi að skuldadögum. Þannig geti skipti á kynmökum líka átt sér stað við þær aðstæður að ungt fólk þurfi að borga skuldir sína við þessa menn á annan hátt en með peningum, svo sem með kynmökum. Strákar geti lent í því eins og stelpur.

Það er á ýmsan hátt hægt að leggjast lágt með þessu. Þá er þetta mest til að redda skuldum fyrir dópi sem þeir hafa útvegað. Ef það safnast miklar skuldir sem maður getur ekki borgað þá þarf maður oft að gera það sem þeir vilja. Þá getur gerst að það sé bara engin önnur leið til að borga þeim. Þetta er bara eitthvað sem karlarnir fá einhverja „tvistid“ ánægju út úr.

3.3. Óljós skil

Af ofangreindu má sjá að þeir valmöguleikar og sú stjórn sem ungt fólk hefur á aðstæðum sínum er oft mismikil. Í ofangreindu tilviki má segja að skilin milli vændis og nauðgunar séu orðin mjög óljós.

Þannig segir sálfræðingur hjá meðferðarheimili að meirihluti stúlkna sem komi til meðferðar hafi orðið fyrir einhvers konar kynferðislegri misnotkun eða áreitni um

ævina. Flestar hafi þær orðið fyrir slíkri reynslu tengt vímuefnaneyslu en líka sé algengt að slíkt hafi átt sér stað í barnæsku. Viðmælendur segjast þekkja til margra stúlkna sem hafi lent í því að vera nauðgað í partýum eða einhvers konar samkomum þar sem fólk hefur vímuefni um hönd. Sálfræðingur hjá meðferðarheimili segir nauðganir oft gerast með þeim hætti að stelpur séu í neyslu og lendi í „blackoutum” og muni ekkert eftir því sem gerðist. Í slíkum aðstæðum kalli þær þetta oft ekki nauðgun vegna þess að þær vöknudu daginn eftir og mundu ekki atburðarrás kvöldsins. Þær séu því oft óvissar þegar komi að því að skilgreina hvað hafi átt sér stað, hvort um kynmök hafi verið að ræða, skipti á kynmökum fyrir vímuefni eða nauðgun.

Þá hugsa þær, ég þorði bara ekki að segja nei. Þá kallast þetta ekki lengur nauðgun. Þær ímynda sér að þær þurfi að berjast og brjótast um, öskra og kalla á hjálp til að neita. Þá fyrst kallist þetta nauðgun. Þær fatta ekki að það sé nóg að segja nei. Þær skilja það ekki. Þá er sektarkendin og það að það sé þeim að kenna sem gerir þeim þetta erfitt. Þá segja þær oft ekki frá þessu vegna þess að fyrir þeim var ekki um nauðgun að ræða.

Ung stelpa sem var í vímuefnaneyslu og svaf hjá strákum í skiptum fyrir mat, húsaskjól og vímuefni segir algengt að stelpur verði svo dópaðar að þær fái ekki við neitt ráðið og lendi í einhverju „móki”. Hún segir margar vinkonur sínar hafa lent í nauðgunum þannig. Þetta hafi komið tvisvar sinnum fyrir hana sjálfa. Hún viti reyndar ekki sjálf hvort hún skilgreini þetta sem nauðgun. Þannig sé hún ekki viss um hvort hún hafi sagt nei eða ekki. Í fyrra skiptið sem þetta gerðist var hún 16 að verða 17 ára. Tveimur árum síðar misnotuðu tveir strákar ástand hennar en hana grunar að þeir hafi boðið henni upp á mikið magn af vímuefnum vísvitandi. Tilgangur þeirra hafi bara verið einn. Hún segir svona frá reynslu sinni:

Í fyrra skiptið sem þetta gerðist vaknaði ég eftir að hafa verið dauð og vissi ekkert hvar ég var. Vaknaði bara með einhverjum gaur sem hafði nauðgað mér. Mér leið rosalega illa yfir þessu. Ég lenti svo líka í þessu síðar, þá var ég á einhverju djammi og svaf hjá tveimur gaurum og ég man ekkert eftir því. Ég man bara að þeir voru að troða í mig dópi og einhverjum lyfjum og svo datt ég eiginlega alveg út. Ég veit alveg að ég svaf hjá þeim báðum. Ég man ekkert hvað ég var að pæla þarna, man lítið eftir þessu. Man ekki hvað þeir heita eða hvar þeir eiga heima og ekki hvort ég mótmælti þessu eða ekki.

Nítján ára gamall strákur sem neytti og seldi vímuefni segir að stundum séu vímuefnaskuldir borgaðar með kynmökum. Ekki sé þó alltaf um val viðkomandi að ræða þar sem nauðganir séu einnig notaðar til að rukka inn peninga vegna vímuefnaskulda. Erfitt geti reynst að aðgreina þetta tvennt. Hann segir slíkt vera gert við stráka jafnt sem stelpur þó það sé eflaust algengara meðal stelpna að lenda í slíkum nauðgunum. Strákarnir lendi frekar í því að vera barðir eða hótáð öllu illu. Þá séu vímuefnasalar og handrukkarar yfirleitt karlmenn og þeir líti almennt ekki á stráka í kynferðislegum tilgangi. Vinur hans hafði þó lent í þessu. Hann sagði það hafa verið mikið feimnismál fyrir hann, algjört „tabú“. Hann hafi ekki verið til í að ræða þetta en að ekkert hafi farið á milli mála hvað þetta lagðist þungt á hann.

Hann sagði mér ekki frá þessu strax, ég frétti þetta og spurði hann svo að þessu. Hann er svo „dán“ yfir þessu strákurinn. Æ hann bara...já var alveg rosalega djúpt sokkinn í neyslu, með þeim verri sem ég hef þekkt. Ég hef heyrt fleiri svona dæmi en þekki ekki vel til þeirra.

Sálfræðingur á meðferðarheimili segir einn og einn strák sem komi til meðferðar hafa sagt frá því að hafa orðið fyrir nauðgun. Þeir eigi hins vegar mjög erfitt með að viðurkenna það. Kynferðisleg misnotkun og vændi séu mikið „tabú“ meðal stráka.

3.4. Vændi innan og utan dyra: markviss leit að viðskiptavinum

Í erlendum athugunum á vændi er gjarnan greint á milli þess vændis sem fer fram innan dyra og þess sem fer fram á götum úti. Oft er talað um það vændi sem fer fram innan dyra sem „finna” vændi en það sem fer fram utan dyra. Það má rekja til þess að götuvændi er oftast tengt bágum aðstæðum og meiri vímuefnaneyslu bæði meðal þeirra sem selja sig og þeirra sem kaupa. Þá sé ofbeldi og misnotkun tíðari á götunni. Þrátt fyrir þetta ólíka umhverfi vændis hafa rannsóknir sýnt að ekki þurfi að vera mikill munur milli þessara tveggja hópa þegar skoðaður er félagslegur bakgrunnur, menntun, fyrri atvinna eða hversu lengi einstaklingar hafi selt sig. Þetta skýrist að hluta til með því að algengt er að það vændi sem einstaklingar stundar einskorðist ekki við annað hvort innan eða utan dyra heldur breytist yfir tíma (Høigård og Finstad, 1986).

Þeir einstaklingar sem stunda vændi á götum úti hafa margir hverjir átt erfitt uppdráttar í lífinu og hafa oft á ákveðnum tímamökum ekki í nein hús að venda. Vímuefnaneysla og bág lífsskilyrði einkenna þennan hóp (Flowers, 1998; Green o.fl., 1999; Høigård og Finstad, 1986). Ungt fólk sem skiptir á greiða eða greiðslu fyrir kynmök eru hluti þess fólks sem selur sig á götum úti. Ólíkt því sem gerist í mörgum löndum er götuvændi ekki sýnilegt hér á Íslandi. Mikil leynd hvílir yfir þessu og fáir vilja vita af því.

Auk þess sem ungmenni skipta á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu innan og utan hópsins þar sem skiptin eru nokkrum tilviljunum háð, fara aðrir markvissari leiðir til að leita sér að viðskiptavinum. Þetta á sér stað á götum úti, á börum eða skemmtistöðum og í gegnum auglýsingar. Ungur strákur sem stundaði vændi í tengslum við vímuefnaneyslu frá 15 til 18 ára aldri notaði þannig ýmsar leiðir til

að finna viðskiptavinum. Meðal annars leitaði hann eftir þeim á götum úti og á börum eða skemmtistöðum. Hann skipti á kynmökum fyrir peninga og vímuefni við bæði konur og karla. Skiptin fóru fram nánast hvar sem er í þeim aðstæðum sem hentuðu hverju sinni annars staðar en heima hjá honum. Það gerði hann til að halda þessu leyndu eins og honum frekast var unnt.

Ég bjó hjá strák sem var ekki í neyslu eins og ég. Hann vissi um neysluna en hann vissi ekki að þegar ég fór út á kvöldin var ég að selja mig fyrir dóp, bæði konum og körlum. Þetta fór fram heima hjá þeim, á gistiheimilum, í bílum eða bara einhvers staðar.

Þá hafa tveir viðmælendur persónulega reynslu af því að auglýsa markvisst eftir viðskiptavinum í gegnum auglýsingar. Þeir segja að auglýsingar á símalínum, í blöðum og á Veraldarvefnum séu gjarnan notaðar til að ná til einstaklinga sem vilja borga fyrir kynmök.

Sérfræðingur hjá lögreglunni segir að á einkalínum bjóði einstaklingar á aldrinum 18 ára upp í sextugt vændi. Þetta séu bæði karlar og konur að auglýsa eftir báðum kynjum. Hann segir sumar af konunum hugsanlega vera með „eigin starfsemi í heimahúsi“. Slík starfsemi falli vel að því sem sé í boði á einkalínunum. Þó sé einnig um að ræða einstaklinga sem stundi vændi á hinum og þessum stöðum bæjarins. Hann segir þessar auglýsingar hafa orðið grófari á undanförunum árum. Það eina sem ekki sé sagt sé orðið „vændi“. Það er bara sagt með orðalagi sem skilst, til dæmis: „Er til í allt, aldur skiptir mig ekki máli, leita að fjársterkum mönnum, í boði er erótískt nudd“. Í þessum auglýsingum sé í töluvert miklum mæli framboð á viðskiptum með kynlíf. Sjálfur segist hann hafa hringt í þessar símalínur og heyrt að sumar konurnar auglýsa á mörgum línum í einu. Eina þeirra

hafi hann kannast við og vissi að hún var klárlega í vændi. Þá þekki hann til einstaklinga sem hafi farið þessa leið til að ná til viðskiptavina.

Í samræmi við þetta lýsir ung kona sem var í vímuefnaneyslu og vændi því hvernig hún auglýsti fyrst eftir viðskiptavinum í dagblaði. Hún hafði auglýst ásamt kunningjakonu sinni sem sagði það lítið mál væri orðalagið samkvæmt bókinni. Lykilsetningin væri: „Vil kynnast fjárhagslega sjálfstæðum manni“. Samkvæmt hennar reynslu skilaði þessi leið miklum árangri þar sem allir vissu hvað verið væri að auglýsa.

Við fengum alveg ótrúlega mörg bréf. Ég hélt að þessir einkamáladálkar væru bara fyrir stefnumót, fara saman í bíó og svoleiðis, en þetta var bara vændi. Ég var mjög hissa á því. Í kjölfarið hitti ég einn mann sem var lögfræðingur. Ég hitti hann síðan aldrei aftur. Ég gat þetta bara ekki. Ég var skjálfandi á beinunum. Kunningjakona mín sem var búin að gera sig „kalda“ fyrir þessu sagðist oft hafa gert þetta áður og spurði hvað væri eiginlega að mér, hvernig ég ætlaði að lifa þetta af.

Þá segir piltur sem rætt var við sem stundaði vændi í tengslum við vímuefnaneyslu frá 15 til 18 ára aldri að auk þess að selja sig tilviljanakennt hefði hann farið markvissari leiðir. Meðal annars með því að auglýsa á Veraldarvefnum, á símalínunum og með því að komast í samband við fólk á spjallrásunum.

Ég lagði inn auglýsingu á stefnumótalínu sem virkaði bara vel. Þetta var mjög mikið sama fólk sem hafði samband við mig. Ég gerði þetta til að fjármagna vímuefnaneysluna. Það er blandaður hópur sem sækir inn á þessar línur, bæði fólk sem er að selja sig og fólk sem er bara að fara á stefnumót. Ég fór líka á Internetið á einkaspjöll. Það var mikið um það að skrítið og klickað fólk væri að svara þessu. Það var á öllum aldri, bæði karlar og konur. Þetta er stórhættulegt því maður veit aldrei á hverjum maður lendir. Ég held að þjóðfélagið í dag vilji hreinlega ekki vita af þessu.

3.5. Skipulagt vændi meðal ungs fólks

Með skipulögðu vændi er átt við sölu á kynmökum sem skipulögð eru af þriðja aðila. Skipuleg sala á ungu fólki undir 18 ára aldri kallast einnig barnavændi. Barnavændi á við þegar þriðji aðili kemur við sögu og selur ungmennið í kynferðislegum tilgangi og fær peninga eða annars konar greiðslu í staðinn (ECPAT, 2002 b). Þannig vísar vændi meðal ungs fólk helst til þess þegar um skipti á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu er að ræða sem ekki eru skipulögð af þriðja aðila.

Í skipulögðu vændi eiga í hlut milligönguaðilar milli þeirra sem kaupa vændi og þeirra einstaklinga sem selja sig. Þessa aðila má kalla vændissala, en í hefðbundnum skrifum um vændi hafa þeir verið kallaðir hórmanngarar eða „pimpar“ í daglegu tali. Í meirihluta tilvika er um karlmenn að ræða þó svo einnig sé það til að konur séu vændissalar. Þessir aðilar geta haft bein yfirráð yfir þeim einstaklingum sem þeir selja, þannig er sambandið jafnan ekki byggt á jafnræðisgrundvelli heldur á kúgun og ofbeldi (Høigård og Finstad, 1986; Parker, 2000). Þetta á ekki síst við þegar um börn og ungmenni er að ræða. Í slíkum aðstæðum hefur einstaklingurinn sjaldnast val um hvort slík sala eigi sér stað heldur neyðist til að taka þátt í því sem vændissalinn skipuleggur hverju sinni. Þar kemur meðal annars til vald vændissalans yfir einstaklingnum, vímuefnaneysla og slæm lífsskilyrði þar sem lítil von er um betra líf.

Í rannsókn þeirra Cecilie Høigård og Liv Finstad (1986) á vændi í Noregi athuguðu þær meðal annars skráð mál um vændissala hjá lögreglunni í Ósló á

árunum 1968 til 1982. Niðurstöður gáfu til kynna að þar mætti skipta þeim í nokkra hópa eftir tengslum þeirra við þann sem þeir seldu. Í fyrsta lagi eru aðilar sem eru í föstu sambandi við þann sem þeir selja, í sambúð, trúlofuð eða gift. Í þessum hópi er helst um tilfinningatengsl milli einstaklinga að ræða. Þrátt fyrir þessi tengsl geta þeir beitt ofbeldi og hótunum þó það sé ekki algilt. Þessi hópur hefur verið nefndur kærastavændissalar. Samkvæmt skráðum málum hjá lög-
reglunni í Ósló telst um helmingur vændissala þar til þessa hóps. Í öðru lagi eru vændissalar sem eru í slitróttu kynferðislegu sambandi við þann sem þeir selja. Það er þá yfirleitt yngra fólk á svipuðum aldri sem jafnframt er í vímuefnaneyslu. Í þriðja lagi eru aðilar sem hafa fleiri en einn einstakling á sínum snærum og selja fleiri en einn einstakling á hverjum tímapunkti. Þetta á sér stað í íbúðum eða vændishúsum. Stundum getur verið um að ræða kynferðislegt samband við einn eða fleiri af þeim sem þeir selja. Þeir eru oft taldir staðalmynd vændissalans þrátt fyrir að þetta sé ekki algengasta formið. Í fjórða lagi eru vændissalar innan nektardansstaða. Þeir selja einnig fleiri en einn einstakling í einu en fátítt er að um tilfinningalegt eða kynferðislegt samband sé að ræða í slíkum tilvikum. Samkvæmt skráðum málum í Ósló á þetta við um það bil einn af hverjum tíu vændissölum þar.

Í viðtölum við sérfræðinga og einstaklinga sem þekkja til eða hafa tekið þátt í vænda á Íslandi fengust upplýsingar um að vænda skipulagt af þriðja aðila eigi sér stað í öllum þessum myndum á Íslandi. Þannig virðist starfsemi vændissala í Noregi ekki vera svo frábrugðin því sem á við hér á landi (Bryndís Björk Ásgeirs-
dóttir o.fl., 2001). Þegar ungt fólk á í hlut virðist þó helst sú skipulagða sala á kynmökum sem fram fer vera af tvennum toga. Af hendi kynlífs- og/eða kærastavændissala.

Þannig telur sérfræðingur á Landspítala - háskólasjúkrahúsi að þegar komið sé fram yfir unglingsárin breytist mynd vændisins. Hann segir að þær konur í vændi sem hann þekki til og séu komnar yfir tvítugt séu frekar í hinu „hefðbundna vændi“. Í þeim tilvikum sé kaupendahópurinn nokkuð afmarkaður, heimsóknirnar séu orðnar reglulegri og skipulag meira. Sérfræðingur hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík tekur undir þetta og segir að á yngri árum byrji þetta frekar sem „kærastar“.

Skipulagt vændi meðal ungs fólks virðist helst eiga sér stað með þeim hætti að ungt fólk sem leiðst hefur út í að skipta á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu lendi í framhaldi í höndum manna sem nýta sér aðstæður þeirra, gera þau háð sér á einhvern hátt og selja svo til annarra. Þá segja viðmælendur þessa menn einnig ná til stúlkanna með því að kynnast þeim á meðferðarstofnunum. Þeir viti að þar finni þeir ungar stúlkur sem eru veikar fyrir. Hér verður sjónum einungis beint að skipulögðu vændi meðal ungs fólks, sem skipulagt er af kynlífs – og/eða kærastavændissölum.

3.5.1. Kynlífs- og kærastavændissalar

Kynlífs- og kærastavændissalar eru í kynferðislegu eða föstu sambandi við þann sem þeir selja. Meðal kynlífsvændissala er sambandið mun slitróttara og yfirleitt er ekki um tilfinningasamband að ræða. Þá er mjög algengt að vímuefni spili þar inn í. Mörkin milli þessara tveggja hópa eru þó ekki skýr þar sem oft getur reynst erfitt að meta hve mikil alvara eða tilfinningatengsl eru til staðar (Høigård og Finstad, 1986). Eins og áður sagði getur átt í hlut ungt fólk sem kynnst hefur heimi vímuefna og vændis. Þannig segir nítján ára stelpa sem varð fyrir kynferðislegri misnotkun í æsku og leiddist út í vímuefnaneyslu frá því hvernig

hún og vinkona hennar, þá 17 og 18 ára gamlar, hafi kynnst eldri strákum sem buðu þeim gistingu og vímuefni í skiptum fyrir kynmök. Þá hafi þeir stundum komið með vini sína með sér sem þær þurftu líka að sofa hjá. Í þeim tilvikum var um að ræða skipulagningu og milligöngu þeirra. Stúlkunum fannst þær ekki hafa val þar um. Þannig má segja að sambandið hafi ekki verið byggt á jafnræðisgrundvelli heldur á kúgun.

Síðan komu þeir stundum með vini sína með sér heim. Það var svo ógeðslegt. Vinir þeirra fóru svo eitthvað að spjalla við okkur. Svo þurftum við að sofa hjá þeim, jafnvel hjá þeim öllum. Ef það var mið nótt þá gat maður ekkert farið út. Við höfðum ekki um neitt að velja.

Samkvæmt heimildamönnum kynnast kynlífs- og kærastavæðissalar hér á Íslandi einnig ungum stúlkum í gegnum meðferðarstofnanir og meðferðaraðila. Þeir viti að þær hafi til lítils að hverfa þegar úr meðferðinni er komið og að þær séu almennt veikar fyrir með tilliti til vímuefnaneyslu. Fleiri en eitt dæmi voru nefnd þar sem stúlka hafði byrjað að búa með manningum og hann útvegað henni vímuefni sem hún varð fljótlega mjög háð. Á stuttum tíma var hún komin á hans vald, föst í viðjum vímunnar. Sérfræðingur meðferðarheimila segist vita nokkur dæmi þess að aðilar tengist ungum vímuefnaneytendum og selji þá öðrum mönnum. Í einu þessara mála var um ungan strák að ræða sem hafði oftast en einu sinni farið sjálfur í meðferð. Þar kynntist hann yngri stúlkum sem hann svo seldi í framhaldi eftir að meðferð lauk.

Ég veit um strák sem er rúmlega tvítugur og er búinn að vera skjólstaðingur kerfisins frá því hann var smákrakki. Hann kemur frá mjög brotnu heimili. Hann hefur verið að selja svona sex til átta stelpur. Það þekkja hann mjög margir. Hann kynnist stelpunum í meðferðum og gerir þær út. Hann hefur droppað út úr meðferðum með einhverjar tvær með sér.

Sérfræðingur hjá lögreglunni segist vita til þess að menn haldi stúlkum og konum í greip sinni og selji öðrum aðgang að þeim kynferðislega. Hann þekki til slíkra mála þar sem eiturlyf tengdust því náði hvernig einn einstaklingur hafði vald yfir öðrum.

Ég man eftir stúlku sem var í mjög hörðu vændi. Þegar ég sótti hana til að fara í meðferð, sótti ég hana til tveggja karlmannna. Þetta er mjög lýsandi dæmi. Hún var búin að fara í allt stafrófið í meðferðum en var samt bara rétt um tvítugt. Þessi stúlka seldi sig hverjum sem var. En hún hélt helst til hjá tveimur eldri mönnum. Annar þeirra fôðraði hana á eiturlyfjum en hinn meira á peningum. Svo var hún seld út frá þeim. Hún sagði að sér væri orðið sama hverjir viðskiptavinirnir væru, hún væri hætt að gera greinarmun á þessum körlum. Hún var orðin viljalaust rekald. Viðskiptavinir hennar voru nánast eingöngu fiklar, ungir fiklar og gjaldmiðillinn var miklu oftast eiturlyf en peningar. Einstaka sinnum skartgripir sem voru þá líklega þýfi.

Sérfræðingar hjá lögreglunni segja að það eigi sér stað að „harðir karlar” nái sér ítrekað í stelpur á meðferðarstofnunum. Þær séu meðfærilegar og þeir láti þær vinna fyrir sig, annað hvort með sölu á eigin líkama eða með sölu eiturlyfja. Þetta sé „hliðaratvinnugrein” karlanna. Nítján ára gamall strákur sem neytti og seldi vímuefni tekur undir þetta en dregur í efa hvort alltaf sé um ásetning að ræða í upphafi. Þannig telur hann slík kynni einnig eiga sér stað af meiri tilviljun. Þó segist hann hafa vita til þess að strákar fari í meðferð til að kynnast stelpum. Meðferð sé einnig góður staður til að kynnast stelpum, öðrum vímuefnasölum og til að fá tímabundna hvíld.

Ég held að það gerist oft ósjálfrátt. Þegar fólk er á sama stað mjög lengi þá kynnist það og þá getur þetta alltaf gerst. En það gerist líka að strákar fari í meðferð til að kynnast stelpum. Ég veit um gæja sem hafa farið til dæmis inn á Vog markvisst til að kynnast fólki, stelpum og stærri „dílerum”. Einnig fara margir í meðferð bara til að hvíla sig og fá góðan mat.

Ung kona sem var í vímuefnaneyslu og skipulögðu vændi greinir frá því hvernig það atvikaðist að hún lenti í klóm manns sem hún lýsir sem „grimmasta manni í heimi“. Hún kynntist honum í meðferð. Síðar gerði hann hana háða eiturlyfjum sem hann einn gat útvegað henni. Hún varð hins vegar að borga fyrir með kynmökum við hann og nánast hvern þann sem honum þóknaðist. Hún segist ekki hafa verið fyrsta stelpan sem hann „átti“. Þetta sé það sem hann geri, komist yfir stelpur sem eru mjög langt leiddir „dópistar“. Hann veiti öðrum aðgang að þeim kynferðislega og fái í staðinn vímuefni eða borgun upp í skuld.

Svo í einni meðferðinni kynntist ég manni sem var ofsalega góður við mig. Enginn hafði verið eins góður við mig. Þess vegna hleypti ég honum að mér. Hann gerði alla skapaða hluti fyrir mig, lánaði mér til dæmis bílinn sinn og reddaði mér ökuskírteini þegar ég missti bílprófið. Ég skildi ekkert í því hvað þessi maður var góður.

Svo breyttist hann smám saman. Ég fékk einhverja íbúðarómynd og hann var þar öllum stundum. Sagðist geta reddað mér fortrali, sem jafngildir heróíni. Það var mjög erfitt að fá það. Hann fékk þetta frá lækni, einhverjum lækni sem er þekktur fyrir svona. Maður kemur með viskíflösku til hans og fær þetta í staðinn. Ég var orðin alveg bullandi háð fortralinu sem hann átti alltaf. Fráhvörfin af því voru orðin miklu meiri en af morfininu. Það varð að vera fortral, ef ég fékk eitthvað annað efni þá fékk ég gríðarleg fráhvörf.

Hann varð smám saman þannig að ég var orðin mjög hrædd við hann og lærði það fljótlega að það var eins gott að gera allt sem hann sagði mér að gera. Smám saman byrjaði hann að beita mig gríðarlegu ofbeldi. Ég var bara 36 kíló þá. Hann tók mig upp og henti mér í vegg, sparkaði í mig og kýldi. En aldrei í andlitið. Það var yfirleitt látið vera, hjá þessum körlum. Andlitið var hins vegar pyntað. Hann ýtti á ákveðna punkta til dæmis á bak við eyrun, sem hann vissi að ollu miklum sársauka, alveg þar til ég leið hreinlega niður af kvölum. Þannig barði hann ekki bara og sló heldur notaði alls konar aðferðir, pyntingar. Hann var snillingur í þessu og ég var ekki fyrsta stelpan sem hann átti. Ef það komu karlmenn þá þurfti ekki einu sinni að spyrja mig. Það var svo sjálfsagt að þeir mættu gera hvað sem var. Líkami minn var bara aðgangur sem þeir

höfðu. Þannig var það bara. Þetta var allt úthugsað. Þessir menn vita hvað þeir eru að gera.

Sérfræðingur hjá lögreglunni segir fortral notað hér á Íslandi af sprautufíklum. Þetta komi í staðinn fyrir heróín og sé með heróínlíka verkun. Það lítur sömu lögmálum og eiturlyf, en einungis er hægt að fá það með lyfseðli frá lækni. Sérfræðingurinn segist hafa komist í kynni við tvær stúlkur sem hafi verið fortralfíklar og verið seldar af vændissala á þennan hátt.

3.6. Skipulagt vændi barna

Eins og fram kom í kaflanum um skipulagt vændi meðal ungs fólks þá vísar hugtakið barnavændi til skipulegrar sölu á ungu fólki undir 18 ára aldri þar sem þriðji aðili selur barn eða ungmenni í kynferðislegum tilgangi og fær peninga eða annars konar greiðslu í staðinn. Auk þess sem hugtakið vísar til skipulags vændis meðal barna og ungmenna yngri en 18 ára vísar það til allrar tegunda vændis (skipulags og óskipulags vændis) þar sem í hlut eiga börn undir 12 ára aldri.

Viðskipti með börn í kynferðislegu tilliti, þar á meðal barnavændi og barnaklám, lýsir ævafornu athæfi sem á sér stað í öllum samfélögum í einhverju mæli. Til eru dæmi þess að fjölskyldur í hinum ýmsum löndum selji börn sín í vændi (Barry, 1995; ECPAT, 2002 a). Að sögn lögreglu hefur barnavændi aldrei verið kært til lögreglu á Íslandi en eins og fram kemur hér á eftir á þetta sér stað hér á landi sem annars staðar. Lögreglan hefur hins vegar haft afskipti af málum tengdum barnaníðingum og barnafíklum á Íslandi.

Barnafíkill er einstaklingur sem girnist börn, það er hefur áhuga á börnum með eitthvað kynferðislegt í huga. Hann þarf ekki endilega að

misnota barnið kynferðislega. Ef hann misnotar barnið kynferðislega þá er hann kallaður barnaníðingur.

Samkvæmt sérfræðingum hjá lögreglunni veit lögreglan til manna hér á landi sem hafa ítrekað brotið af sér og misnotað barn oft en einu sinni. Þá vita þeir til þess að þessir sömu menn hafi í framhaldi af slíkum málum leitað til útlanda í sömu erindagiörðum, til að mynda farið í ferðir til Tælands. Samkvæmt erlendum rannsóknnum misnotar stór hluti barnaníðinga börn ítrekað þrátt fyrir dóma og meðferðir (McConaghy, 1998; Prentky, Lee, Knight og Cerce, 1997; Rice, Quinsey og Harris, 1991). Samkvæmt lögreglu hefur svipað komið fram á fundi hjá Interpol þar sem meðferð var sögð hafa lítil áhrif á hegðun og þankagang barnaníðinga hvort sem notuð var lyfjameðferð eða sálræn meðferð. Samkvæmt ráðum erlendra sérfræðinga sem starfa á þessu sviði er árangursríkasta leiðin að fylgjast vel með þessum mönnum. Þetta sé fíkn, þeir brjóti aftur og aftur af sér. Barnafíklar girnast yfirleitt ákveðið kyn, á ákveðnum aldri og spanni aldursbilið yfirleitt þrjú til fimm ár. Um leið og barnið verði eldra en það sem þeir girnast hafi þeir ekki lengur áhuga og sleppi þá af því hendinni.

Sérfræðingur hjá lögreglunni segir mjög algengt að barnafíklar og barnaníðingar safni barnaklámmyndum. Hann segir að frá árinu 1998 til ársins 2000 hafi um það bil 16 mál komið upp varðandi barnaklám. Um sé að ræða karlmenn sem hafi í fórum sínum barnaklám á ýmsu formi. Meðal annars skjámyndir á tölvutæku formi. Efni sem þeir hafi sótt á Veraldarvefnum, fengið sent í tölvupósti eða fengið á spjallrásunum. Honum er ekki kunnugt um að um íslenskar myndir hafi verið að ræða.

Hér á eftir fylgir frásögn ungrar íslenskrar konu sem var misnotuð kynferðislega í æsku af föður sínum og seld af honum til annarra karlmannna í skiptum fyrir fíkni-

efni. Hún var aðeins 5 ára gömul þegar faðir hennar misnotaði hana fyrst og frá 7-14 ára aldri veitti faðir hennar öðrum karlmönnum aðgang að henni kynferðislega og var oft um samfarir að ræða. Hún segist muna eftir fimm karlmönnum sem misnotuðu hana mörgum sinnum á þessu sjö ára tímabili. Þeir hafi litið út eins og „hver annar maður út á götu” og gegnt sinni vinnu í þjóðfélaginu. Þeir hafi þó flestir haft aðgang að fíkniefnum og sumir þeirra hafi verið að selja fíkniefni. Þá hafi þeir allir haft áhuga á barnaklámi, bæði barnaklámmyndböndum og barnaklám tímaritum. Í það minnsta einn þeirra hafi átt stórt safn af barnaklámi sem hann lánaði og/eða seldi vinum og kunningjum. Hún segir hér sögu sína:

Minn ofbeldismaður er fyrst og fremst faðir minn. Hann var kynferðislega stórbrennlaður og sótti í stúlkubörn. Hann átti þá forsögu að hafa verið dæmdur fyrir að leita á unga stúlku áður en hann kynntist mömmu. Hann byrjaði að misnota mig kynferðislega þegar ég var 5 ára gömul. Frá 8 ára aldri var um fullt samræði að ræða, það er kynmök. Ég held að ég fari ekkert nánar út í það. Frá 7 ára aldri selur hann öðrum mönnum aðgang að mér kynferðislega fyrir fíkniefni. Það var um fleiri en einn mann að ræða og fleiri en tvo, ég man allavega eftir fimm. Þetta var mjög gróf kynferðisleg misnotkun sem varði oft heilu næturnar. Við vorum oft heima hjá einhverjum af þessum mönnum og þeir voru þá að drekka og dópa og ég var látin vera til taks. Oftast var farið með mig heim til annarra manna en stundum fór þetta fram heima hjá mér. Þá misnotuðu þeir mig og systur mína. Þetta var allt svo ógeðslegt, dregið fyrir gluggana, allt út í brennivínsglössum og þeir ekkert klæddir. Þetta var rosalega erfitt, það fylgdi þessu mjög mikill sársauki, þetta var mjög vont. Stundum fylgdi auka ofbeldi en ekki alltaf, maður varð að vera góður. Ef maður var ekki góður þá refsaði faðir minn mér. Annað hvort með ofbeldi eða með að fara á lengri fylliristúra. Hann lét mig þá vita að það var ég sem bar ábyrgð á því. Eða hann drap dýr, drekkti kettlingum eða drap páfagauk. Þá fékk ég alltaf að vita að kettlingurinn dó vegna þess að ég var ekki nógu góð.

Þessir menn létu mig og systur mína horfa á klámspólur og lesa klámblöð þar sem börn voru í aðalhlutverkum. Hvort þeir ímynduðu sér að þannig gætu þeir æst okkur upp eða hvort að það var til að þeir æstust

sjálfir upp, veit ég ekki. Ég veit ekki í hvernig hugarheimi svona menn lifa.

Hún segist vita til þess að lögreglan hafi haft afskipti af einum þessara manna fyrir að hafa fjöldann allan af barnaklámspólum í fórum sínum.

Sérfræðingur á Landspítala - háskólasjúkrahúsi segir barnaníðinga helst koma á vissar deildir sjúkrahússins út af ofnotkun á áfengi og vímuefnum. Stundum segi þeir frá þessu sjálfir og séu þá að leita sér hjálpar. Stundum viti starfsmenn deildanna hins vegar af því án þess að barnaníðingarnir segi frá því. Í hlut eigi einungis karlmenn þó vitað sé til þess að konur geri einnig slíkt. Þá segir hann: „Þetta fólk kann að láta lítið fyrir sér fara í þjóðfélaginu, barnaníðingar kunna að „dyljast“.

Sérfræðingur hjá lögreglunni tekur undir þetta.

Þeir eru til hérna þessir barnafíklar og barnaníðingar. Það er bara spurning um að leita eftir þeim. Þeir koma ekki til þín. Það er svona leyndarhula sem hvílir yfir þessu og maður þarf að leita eftir málinu til þess að finna það. Það kostar mikinn pening og mannskap.

Einhverjir barnafíklar og mögulega barnaníðingar virðast finna kenndum sínum farveg með því að leita uppi vændi. Þannig sækjast þeir eftir barnalegum einstaklingum sem eru seldir sem yngri en þeir raunverulega eru. Ung kona sem var í skipulögðu vændi hér á landi segir sig hafa verið mjög vinsæla meðal viðskiptavinanna. Hún segir ástæðu þess vera að á þeim tíma hafi hún verið lítil, mjó og flatbrjósta – það er, hún var barnaleg.

Það var mjög algengt að kúnnarnir hafi viljað barna-eitthvað. Það var ofboðslega algengt. Ég þurfti að kalla þá pabba, átti að þykjast vera 7 ára, tala barnamál og fara í barnaleiki. Um sjö til átta ára var mjög algengur aldri, hámark svona 12 ára. Þeir vilja að maður tali mikið um það, noti barnarödd og segi já en pabbi. Þeir sögðu mér allt um það hvað stúlkubörn væru sexí og að ekkert væri hægt að gera í því. Ástæðan fyrir

Því að ég varð mjög vinsæl meðal kúnnanna var að ég var barnaleg og það var hægt að selja mig sem svo unga. Ég þurfti líka að raka mig að neðan.

Einn fastakúnninn, um rúmlega fertugt, var „viðkunnalegur” svona fyrstu skiptin. Mjög myndarlegur. Maður sem maður myndi vilja þekkja, hann kom þannig fram. Bar af sér góðan þokka og talaði fallett mál. Hann átti fjölskyldu og sýndi mér stundum myndir af fjölskyldunni sinni. Honum þótti vænt um litlu stelpurnar sínar, konuna sína og allt það. Svo smám saman, varð hann kölski sjálfur. Ég átti að þykjast vera dóttir hans og hann kallaði mig hennar nafni. Hann lék þetta alveg til enda. Sagði meira að segja: „Þú mátt ekki segja mömmu þinni þetta, mamma þín er að koma, við verðum að drífa okkur”. Hann sagði þetta með öllu eins og þetta bara er. Bara leikið sífjaspell, frá a til ö. Þú lofar að segja engum frá, allt þetta var með. Ég spurði hann einu sinni áður en hann fór alveg yfir um hvort hann gerði þetta við dóttur sína. Hann sagði að hann langaði rosalega til þess, en hann hefði ekki gert það, ekki enn þá, en hann langaði rosalega til þess.

Það er þekkt að barnaníðingar og barnafíklar bindist samtökum og myndi samskiptanet sín á milli. Þannig skiptast þeir á upplýsingum og barnaklámefni og veita hverjir öðrum viðurkenningu og réttlætingu fyrir fíkn sinni. Þrátt fyrir að það sé vitað að slíkir hringir séu til meðal barnafíkla og -níðinga erlendis getur fólk átt bággt með að trúna að svona lagað geti þrífist á Íslandi. Fólk veltir því fyrir sér hvernig slíkir menn geti aðhafst og myndað samskiptanet sín á milli í svo fá-mennu landi. Þrátt fyrir efasemdir þrífst slík starfsemi hér á landi. Þessir menn virðast leita á sömu staðina, til að mynda á einstaklingssöfn þar sem greiður aðgangur er að barnaklámi. Ung kona sem var seld af föður sínum til slíks hóps lýsir því hér hvernig hann hafi komist í félagsskap barnaníðinga.

Faðir minn ætlaði að koma af stað „bissness” sem gekk út á tengsl milli manna á Íslandi við ungar stúlkur erlendis frá. Þetta gekk ekki upp hjá honum og lokað var á þetta, líklega vegna þess að fólk vissi að það var eitthvað vafasamt í gangi. Hann vildi komast í samband við þessar ungu stúlkur á röngum forsendum. Ég held að þannig hafi hann fyrst komist í

kynni við þessa vafasömu menn. Þá er ég viss um að í gegnum drykkjuna og dópið hafi hann kynnst einhverjum slíkum. Annars var það áhuginn á barnaklámmyndum og barnaklám tímaritum sem þeir virtust eiga sameiginlegan. Bara það að leigja klámmynd gat komið honum í kynni við menn með svipuð áhugamál. Einn af þessum náungum var með videóleigu með klámspólum og það tengdi þá saman, það er gegnum gangandi. Þeir þefa hvern annan uppi á þennan hátt.

Með aukinni netvæðingu undanfarin ár hafa opnast nýjar og faldari samskipta-leiðir sem einstaklingar með slíkar kenndir virðast nýta sér til hins ýtrasta. Sérfræðingur hjá lögreglunni segir að fyrir tíma Veraldarvefsins hafi mest af barnakláminu komið frá Norðurlöndunum. Netíð gerbreytti öllu ekki sist fyrir lítið eyland eins og Ísland. Þannig hverfi öll landamæri og skyndilega finni þessir einstaklingar sér stuðning frá svipuðum hópi manna um allan heim. Þetta efni streymi alls staðar að. Þá segir hann barnafikla þurfa að réttlæta gjörðir sínar með því að leita eftir samþykki hjá öðrum slíkum og netíð sé mjög góð leið til þess að komast í samband.

Barnfíklar og barnaníðingar réttlæta hegðun sína hver fyrir öðrum og hittast á netinu bæði til að tala saman og til að nálgast börn á spjallrásunum eða með tölvupósti. Það eru til dæmi um það að þeir hafi þótt vera 11 ára gamlir en eru í raun 40 ára karlmenn. Það hefur til dæmis komið fyrir hér á landi að 17 ára drengur kærði karlmann sem hann hitti á netinu. Maðurinn var síðar handtekinn en hann hafði reynt að nálgast 14-17 ára drengi hér á landi. Þá fannst töluvert magn af barnaklámi í fórum hans.

Sérfræðingur hjá lögreglunni segir ekkert eftirlit vera hjá lögreglunni með gerðum slíkra manna á Veraldarvefnum en það þarfnist mikillar og kostnaðarsamrar sérþekkingar. Þetta vandamál verði ekki leyst nema með alþjóðlegu samstarfi. Hann segir til að mynda tvö af þeim 16 málum tengd barnaklámi sem komu upp hér-landis á árunum 1998 til 2000 hafa verið upplýst vegna eftirlits með slíku barna-

klámefni hjá FBI í Bandaríkjunum. Þar vinna lögreglumenn á Veraldarvefnum við að leita uppi barnafikla og barnaklámefni. Í öðru tilvikinu þóttist lögreglu- maðurinn vera 14 ára gamall strákur og komst þá í kynni við Íslending á spjallrás. Íslendingurinn hafi í framhaldi sent honum barnaklámmyndir og myndir af sjálfum sér. Upplýsingar um þetta mál bárust lögreglunni hér á landi og þeir leituðu manninn uppi. Við nánari rannsókn á málinu reyndist þessi sami maður hafa misnotað tvo 12-13 ára drengi hér á Íslandi. Í alþjóðlegu samstarfi Interpol hefur komið fram að til séu hringir manna sem flytja inn konur og börn og þvinga þau í vændi. Þetta virðast vera stórir hringir þar sem miklir peningar eru í spilinu. Upp hefur komist um stóran alþjóðlegan hring barnafikla eftir að meðlimur sýndi öðrum meðlimum klúbbsins kynferðislega misnotkun á barni í beinni útsendingu á Veraldarvefnum. Lögreglan lagði hald á mikið magn af barnaklámi í kjölfarið. Rannsókn málsins hjá Interpol var mjög viðamikil og fóru fram yfir hundrað handtökur í 12 löndum.

Eins og áður sagði hafa rannsóknir sýnt að meðferðir fyrir barnafikla og barna- níðinga bera mismikinn árangur. Árangursríkasta leiðin er talin vera reglulegt eftirlit með þeim. Aðrar þjóðir hafa í auknum mæli aukið eftirlit með barnaníð- ingum og jafnvel sett löggjöf þar um. Þannig er í ríkara mæli farið að tryggja að lögreglan hafi upplýsingar um ferðir þeirra manna sem hlotið hafa dóma tengda misnotkun á börnum, til að mynda upplýsingar um búsetu og ferlaflutninga, starf og fleira. Dæmi um slíka löggjöf er á Írlandi þar sem einstaklingum, sem vinna á vinnustöðum þar sem börn eru, hefur verið gert skylt að tilkynna vinnuveitendum sínum um fyrri afbrot ef einhver eru. Þannig er það gert refsivert að tilkynna ekki vinnuveitendum um brot, þar með talin kynferðisbrot gegn börnum. Sérfræðingur hjá lögreglunni bendir á að í íslenskum hegningarlögum er varða skilorðsbundna

dóma er mögulegt að setja sértæk skilyrði, svo sem um vinnu, búsetu, menntun, tómstundir og umgengni við aðra menn. Til dæmis er mögulegt að setja sértæk skilyrði um að einstaklingur ráði sig ekki í starf sem feli í sér samvistir eða umgengni við börn. Þannig séu leiðir til að auka eftirlit með dæmdum barnaníðingum á Íslandi. Auk lagaákvæða og reglusetninga sé einnig mikilvægt að Íslendingar leggi eitthvað af mörkum í hið alþjóðlega samstarf sem er í gangi í dag í þessum málaflokki. Þátttaka í slíku samstarfi skili mikilli þekkingu sem nýtist til aukinna og bættra rannsókna og forvarna tengdum slíkum málum hér á landi. Margar þjóðir sem eru farnar að veita þessum málum meiri athygli en áður.

4. Félagslegt umhverfi vændis meðal ungs fólks

Árið 2000 lögðu Rannsóknir & greining fyrir könnun meðal nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi með það í huga að rannsaka hagi og líðan þeirra. Meðal viðfangsefnis könnunarinnar var frávíkshæðun meðal ungmenna svo sem vændi, vímuefnaneysla, ofbeldi og fleira. Í þessum kafla verður unnið úr þeim upplýsingum könnunarinnar sem lítur að bakgrunni og félagslegum aðstæðum þeirra framhaldsskólanema sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Þannig verða könnuð tengsl milli vændis meðal íslenskra framhaldsskólanema og þeirra félagslegu þátta sem tengdir hafa verið vændi meðal ungs fólks. Þá verður félagslegt umhverfi vændis meðal ungs fólks kannað með viðtölum við sérfræðinga sem þekkja til vændis hér á landi sem og ungt fólk sem hefur eigin reynslu af slíku. Það ber að taka fram að með upplýsingum sem þessum gefst ekki tækifæri til að kanna orsakasambönd milli félagslegra þátta og vændis meðal ungs fólks heldur verður reynt að varpa ljósi á hið flókna umhverfi sem ungt fólk sem leiðst hefur út í vændi býr við.

4.1. Tíðni vændis meðal framhaldsskólanema

Vegna þess hve viðkvæmt og dulið viðfangsefnið er í íslensku samfélagi má ætla að nær ógerlegt sé að henda reiður á nákvæman fjölda þeirra ungmenna sem leiðst hafa út í vændi hér á landi. Þær upplýsingar sem hér er unnið með geta einungis gefið vísbendingar um tíðni vændis meðal þessa hóps ungmenna. En eins og áður

hefur komið fram má ætla að vændi sé algengast meðal þeirra hópa ungmenna sem hvað verst eru stödd, bæði félagslega og fjárhagslega, en til slíkra einstaklinga getur oft og tíðum reynst erfitt að ná til í spurningalistakönnunum sem þessari.

Í töflu 2 gefur að líta hlutfall stelpna og stráka í framhaldsskólum á Íslandi á aldrinum 16-19 ára sem segjast einu sinni eða oftar um ævina hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Niðurstöður gefa til kynna að skipti á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu eru mun algengari meðal yngri nemenda, það er undir 18 ára aldri (2,4%) en meðal 18 og 19 ára nemenda (1,2%). Þá eru slík skipti algengari meðal stráka (3,1%) en stúlkna (1%). Samanlagt segjast um 131 nemandi (2%) hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eða um 95 strákar og 36 stelpur (sjá töflu 2).

Tafla 2. Hlutfall stelpna og stráka í framhaldsskólum á Íslandi á aldrinum 16-17 og 18-19 ára sem segjast einu sinni eða oftar um ævina hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök.

Framhaldsskólanemar			
	16-17 ára	18-19 ára	
Stelpur	1,2%	0,7%	1,0%
Strákar	3,9%	2,0%	3,1%
	2,4%	1,2%	

Séu þessar niðurstöður bornar saman við grunnniðurstöður annarrar könnunar sem Rannsóknir & greining gerði meðal ungs fólks sem ekki stundar nám í framhaldsskóla kemur í ljós að niðurstöður eru mjög svipaðar⁷. Þannig mælist til að mynda

⁷ Um er að ræða spurningalistakönnun meðal ungs fólks utan framhaldsskóla sem lögð var fyrir sömu árganga og í framhaldsskólunum (1981-1984) árið 2001. Með því að samnýta upplýsingar úr þessum tveimur könnunum er leitast við að varpa ljósi á vændi meðal ungs fólks á framhaldsskólaaldri, bæði innan skóla og utan. Þó ber að benda á að vegna ólíks fyrirlagningartíma

tíðni þeirra sem hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök svipuð meðal framhaldsskólanema og þeirra sem ekki eru í námi. Þá reynist kynjamunurinn svipaður í báðum þessum könnunum þar sem mun hærra hlutfall stráka en stelpna, innan og utan skóla, segist hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök (Rannsóknir & greining, 2001). Þessi kynjamunur kemur nokkuð á óvart enda hefur í umfjöllun og fræðilegum skrifum um vændi verið að miklu leyti einblínt á vændi meðal stúlkna. Þannig hefur vændi meðal stráka varla verið veitt nokkur athygli þangað til nýlega. Í þessu samhengi má meðal annars benda á nýlegar rannsóknir þeirra Greene og féлага árið 1999 og Pedersen og Hegnu árið 2000 og 2003 um vændi ungmenna. Niðurstöður þessara rannsókna gáfu til kynna að fjöldi stúlkna sem höfðu leiðst út í vændi væri einungis um þriðjungur af fjölda stráka sem höfðu slíka reynslu. Athyglisvert er hve svipaðar þessar niðurstöður eru niðurstöðunum í töflu 1, en af þeim framhaldsskólanemum sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök er um þriðjungur stúlkur og tveir þriðju strákar.

Á heildina litið gefa niðurstöður til kynna að til sé ungt fólk á Íslandi sem hefur þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Þá gefa þær til kynna að vandamálið leynist á fleiri stöðum en oft hefur verið ætlað, meðal annars meðal skólanema og stráka, en nýlegar erlendar rannsóknir hafa gefið svipað til kynna.

4.2. Félagslegir þættir og vændi meðal ungs fólks

Þegar sérfræðingar sem hafa kynnst einstaklingum í vændi á Íslandi í gegnum starf sitt voru spurðir út í það hvort þeir teldu birtingarmynd og félagslegt

var sá hópur ungs fólks sem ekki var skráður í skóla um hálfu til einu ári eldri en sá sem tók könnunina í framhaldsskólanum.

umhverfi vændis vera ólíka á Íslandi en í öðrum löndum kom fram að þeir teldu smæð landsins geta mögulega haft áhrif á birtingarmynd vændis hérlendis. Þannig geti þessi mál til að mynda verið viðkvæmari fyrir einstaklinga í landi þar sem allir þekkja alla og upplýsingar um fólk eru fljótar að berast manna á milli. Á hinn bóginn geti þó hugsast að auðveldara sé að halda slíkum heimi lokuðum í litlu samfélagi þar sem kunnugleiki manna á milli innsigli traust og þagnarskyldu þeirra. Þrátt fyrir þetta segir sérfræðingur á Barna- og unglingageðdeild LSH ekki ástæðu til að ætla að ólíkir grundvallarþættir búi að baki vændi hér á landi og í nágrannalöndum okkar. En erlendar rannsóknir hafa meðal annars gefið til kynna að einstaklingar í vændi séu líklegri en aðrir til að hafa lent í kynferðislegu ofbeldi í æsku, að vera eða hafa verið í áfengis- og vímuefnaneyslu, að hafa hlaupist ungir að heiman og að hafa skort eftirlit og umsjón foreldra (Greene o.fl., 1999; James og Meyerding, 1977; McCaghy o.fl., 2000; McClanahan o.fl., 1999; Pedersen og Hegna, 2000; Regoli, og Hewitt, 2000; Seng, 1989; Yates o.fl., 1991; Widom og Kuhn, 1996). Þá hafa rannsóknir gefið til kynna slæma andlega líðan þessara ungmenna sem og tíð sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir (Farley og Barkan, 1998; Greene o.fl., 1999; McClanahan o.fl., 1999; Yates o.fl., 1991).

Sérfræðingur á Barna- og unglingageðdeild LSH segist hafa aflað sér upplýsinga um þessa hluti meðal annars gegnum rannsóknir erlendis frá. Þær nýtist honum mjög vel í starfi sínu hér á Íslandi. Hann segir erfitt að ímynda sér annað en að eðli þessara hluta sé mjög svipað milli landa. Unglingar sem leiðist út í vændi hafi oft svipað bakland. Þetta séu oft krakkar sem fari mjög ungir að heiman, þeir hafi stundum verið beittir líkamlegu og/eða andlegu ofbeldi og orðið fyrir sinnuleysi, vanrækslu eða kynferðislegu ofbeldi.

Ég hef unnið klíniska vinnu í Bandaríkjunum, Svíþjóð og hérna á Íslandi. Ég sé ekki svo mikinn mun á fólki á þessum stöðum. Grundvallarþættirnir eru eins. En ég á mjög erfitt með að meta hve algengt er að ungt fólk á Íslandi leiðist út í vændi. Það á að öllum líkindum helst við um þá einstaklinga sem hafa búið við slæmar félagslegar aðstæður og vanrækslu. Það eru svo margir þættir sem koma inn í. Ef þú hefur lélegan félagslegan bakgrunn þá hefur þú minna til að vinna úr í lífinu. Þannig hefur félagslegur bakgrunnur áhrif. En það er ekki í sjálfu sér nægilegt til að fara út í vændi. Það þarf að auki að vera einhver samskiptalegur þáttur svo einstaklingur leiðist út í þetta. Til að mynda sá samskiptalegi þáttur að hafa á einhvern hátt verið kúgaður í uppeldinu, lifað við uppeldi sem gerir það að verkum að einstaklingurinn fái þá tilfinningu að hann sé ekki bara til fyrir sjálfan sig heldur fyrir aðra. Til dæmis ef hann hefur verið beittur kynferðislegu ofbeldi.

Sérfræðingur á Barna- og unglingsgeðdeild LSH segir erfitt að segja til um það hverju vændi meðal ungs fólks tengist sérstaklega þar sem engar slíkar rannsóknir hafi verið gerðar hér á landi. Hann telji þó algengt að þetta unga fólk komi frá brotnum heimilum eða erfiðum heimilisaðstæðum og hafi alist upp í erfiðu umhverfi.

Í töflu 3 og 4 gefur að líta þær spurningar og þá kvarða sem notaðar eru til að rannsaka á tölfræðilegan hátt tengsl félagslegra þátta og vændis meðal ungmenna. Þeir félagslegu þættir sem til athugunar eru voru valdir með tilliti til niðurstaðna erlendra rannsókna á vændi meðal ungs fólks, viðtala við íslenska sérfræðinga og einstaklinga í vændi og félagsfræðilegra kenninga sem nota má til að skýra vændi sem frávikshegðun ungs fólks. Í þessum kafla eru bæði skoðuð einföld tengsl milli vændis og félagslegra þátta sem taldir eru vera undanfarar vændis sem og þátta sem taldir eru geta fylgt í kölfar vændis. Í kafla 5 verður athyglinni hins vegar sérstaklega beint að flóknara samspili þeirra félagslegra þátta sem samkvæmt kenningum um frávikshegðun geta leitt til vændis.

Tafla 3. Spönn, meðaltal, staðalfrávik og staðalvilla þeirra spurninga sem notaðar eru í greiningunni.

Spurningar	Spönn	Meðaltal	Staðalfrávik	Staðalvilla
Hefur þú þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök?	0-1	,02	,14	,002
Aldur	0-3	1,25	1,10	,013
Kyn	0-1	,53	,50	,006
Búseta	0-1	,63	,48	,006
Menntun móður	0-2	,78	,77	,009
Menntun föður	0-2	1,05	,69	,008
Býr hjá báðum foreldrum	0-1	,74	,44	,005
Býr hjá öðru einstæðu foreldri	0-1	,12	,32	,004
Býr hjá öðru foreldri og sambýlismanni/konu	0-1	,09	,29	,003
Býr við aðrar aðstæður	0-1	,05	,22	,003
Kynferðisleg misnotkun í æsku	0-1	,06	,24	,003
Kynferðisleg misnotkun 16-20 ára	0-1	,02	,14	,002
Ótti við líkamlegt ofbeldi á heimili	0-4	,29	,94	,01
Ölvun sl. 30 daga	0-5	,98	,96	,01
Gerandi líkaml. ofb. sl. ár	0-6	,25	,74	,009
Þolandi líkaml. ofb. sl. ár	0-6	,18	,58	,007
Sjálfsvígstíraun um ævina	0-1	,07	,26	,003
Sjálfsvígs tíraun sl. vetur	0-1	,02	,14	,002

Í töflu 3 má sjá upplýsingar um spönn, meðaltöl, staðalfrávik og staðalvillu spurninga sem lúta að því hvort ungmenni hafi skipt á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu og spurninga um bakgrunn og félagslega stöðu ungmennanna (kyn, aldur, búseta, menntun móður og föður og sambýlisstöðu). Þá má sjá upplýsingar um spurningar sem lúta að því hvort ungmenni hafi orðið fyrir misnotkun (kynferðislegri misnotkun í æsku og á unglingsárum og ótta við líkamlegt ofbeldi á heimili) og leiðst út í ýmsa frávikshegðun svo sem áfengisneyslu, ofbeldi og sjálfsvígs-

tilraunir (sjá töflu 3). Í töflu 4 koma fram upplýsingar um spönn, meðaltöl, staðalfrávik og staðalvilla samsettra kvarða sem notaðir eru í greiningunni. Kvarðarnir eru samsettir úr 4 til 17 spurningum um hvert og eitt viðfangsefni og mældust þeir allir með áreiðanleikastuðul hærri en .70 (Cronbach's alpha >.70). Hár áreiðanleikastuðull gefur til kynna að mælingin sé nákvæm í þeim skilningi að það sé mikil samkvæmni milli endurtekinnna eða jafngildra mælinga. Þannig má sömuleiðis ætla að mælingin endurspegli betur það hugtak sem ætlunin er að mæla, það sem kallast réttmæti mælingarinnar. Hár áreiðanleikastuðull kvarðanna er því nokkurs konar forsenda réttmætis þeirra, en tryggir það þó ekki. Kvarðarnir í töflu 4 mæla stuðning frá vinum og fjölskyldu, tengsl við skóla, andlega líðan (þunglyndi, sjálfsmat og reiði/ýgi) og vímuefnaneyslu ungmennanna (sjá töflu 4).

Tafla 4. Spönn, meðaltal, staðalfrávik og staðalvilla þeirra samsettu kvarða sem notaðar eru í greiningunni.

Samsettir kvarðar	Spönn	Meðaltal	Staðalfrávik	Staðalvilla
Stuðningur fjölskyldu	0-15*	12,02	2,95	,03
Stuðningur vina	0-15*	11,08	3,17	,04
Tengsl við skóla	3-55*	39,81	6,83	,08
Þunglyndi	0-30*	6,13	6,07	,07
Sjálfsmat	0-51*	16,65	9,15	,11
Reiði/ýgi	0-15*	3,75	3,38	,04
Vímuefnaneysla	0-37*	1,04	3,18	,04

*Kvarði með áreiðanleika Cronbach's alpha >.70

Í töflu 5 gefur að líta fylgni milli allra spurninga og kvarða sem sýndar voru í töflum 3 og 4. Í umfjölluninni um töflu 5 verður athyglinni sérstaklega beint að fylgnisambandi milli þess að hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök og félagslegra þátta.

Tafla 5. Fylgni breyta sem notaðar eru í greiningunni (Pearson's r, listwise)

	Pegið greiða eða greiðslu f. kynmök	Aldur	Kyn	Búseta	Menntun móður	Menntu föður	Býr hjá báðum foreldrum	Býr hjá öðru eintæðu foreldri	Býr hjá öðru for. og sambyliskonu/manni	Býr við aðrar aðstæður	Stuðningur fjölskyldu	Stuðningur vina	Tengsl við skóla	Kynferðisleg misnotkun í æsku	Kynf. misnotkun 16-20 ára	Órtti við líkaml. ofbeldi á heimili	Punglyndi	Sjálfsmat	Reiðfýgi	Ölvun sl. 30 daga	Vimuefnaeysla	Gerandi líkaml. ofbeldis sl.12 mán.	Polandi líkaml. ofbeldis. sl.12 mán.	Sjálfsvígstíraun um ævina	Sjálfsvígstíraun sl. ár	
Pegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök	1,00																									
Aldur	-,04**	1,00																								
Kyn	-,08***	,01	1,00																							
Búseta	-,01	,05***	,01	1,00																						
Menntun Móður	-,01	,03*	-,03*	,19***	1,00																					
Menntun föður	-,03*	,03*	-,02	,20***	,43***	1,00																				
Býr hjá báðum foreldrum	-,01	-,03*	-,02	-,05***	,05***	,06***	1,00																			
Býr hjá öðru einst. foreldri	-,01	-,02	-,03*	,04**	-,01	-,03*	-,60***	1,00																		
Býr hjá öðru for. og sambyliskonu/manni	,01	-,03*	,01	,03*	-,04**	-,05***	-,54***	-,12***	1,00																	
Býr við aðrar aðstæður	,02	,12***	,07***	-,01	-,03*	-,02	-,40***	-,08***	-,08***	1,00																
Stuðn. fjölsk.	-,04***	,01	,11***	,04**	,13***	,12***	,12***	-,08***	-,06***	-,04**	1,00															
Stuðn. vina	-,02	,04**	,37***	,02	,01	,00	,03*	-,06***	,02	,01	,34***	1,00														

Framhald	Þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök	Aldur	Kyn	Búseta	Menntun móður	Menntu föður	Býr hjá báðum foreldrum	Býr hjá öðru eintæðu foreldri	Býr hjá öðru foreldri og stjupforeldri	Býr við aðrar aðstæður	Stuðningur foreldra	Stuðningur vina	Tengsl við skóla	Kynferðisleg misnotkun í æsku	Kynferðisleg misnotkun 16-20 ára	Ótti við líkaml. ofbeldi á heimili	Punglyndi	Sjálfsmat	Reiði/ygi	Ölvun sl. 30 daga	Vímuefnaneysla	Gerandi líkaml. ofbeldis sl.12 mán.	Þolandi líkaml. ofbeldis sl.12 mánuði	Sjálfsvígstíraun um ævina	Sjálfsvígstíraun sl. ár
Tengsl við skóla	-,07***	-,05***	,08***	,02	,04***	,06***	,05***	-,03*	-,03*	-,03**	,25***	,18***	1,00												
Kynferð. misnotkun í æsku	,03**	,00	,18***	-,03*	-,05***	-,05***	-,12***	,04**	,08***	,08***	-,06***	,04**	-,05***	1,00											
Kynferð. misnotkun 16-20 ára	,04***	-,07***	,10***	,00	-,02	-,02	-,01	-,01	,00	,04**	-,03*	,03*	-,08***	-,04**	1,00										
Ótti við lík.ofb. á heimili	,07***	-,05***	,01	-,03*	-,05***	-,02	,00	,00	,01	-,01	-,06***	,00	-,04**	,04***	,01	1,00									
Þunglyndi	,03*	,02	,19***	,01	-,03**	-,03*	-,08***	,05***	,02	,06***	-,22***	-,10***	-,42***	,16***	,09***	,03*	1,00								
Sjálfsmat	,00	-,06***	,23***	-,06***	-,09***	-,08***	-,06***	,03**	,01	,05***	-,29***	-,16***	-,42***	,12***	,09***	,05***	,57***	1,00							
Reiði/ygi	,08***	-,05***	,04**	,01	-,03**	-,03*	-,03**	,04**	,01	,01	-,14***	-,08***	-,34***	,10***	,06***	,05***	,51***	,33***	1,00						
Ölvun sl. 30 daga	,07***	,13***	-,07***	,00	,01	,01	-,01	-,01	,01	,03*	-,04***	,08***	-,19***	,05***	,03**	-,01	,08***	,05***	,18***	1,00					
Vímuefnaneysla	,09***	,13***	-,11***	,08***	,01	-,01	-,06***	,03*	,04**	,03**	-,06***	-,02	-,14***	,07***	,07***	,01	,11***	,02	,16***	,25***	1,00				
Gerandi líkamlegs ofb. sl. ár	,15***	-,04**	-,23***	,00	-,01	-,01	-,02	,01	,02	,00	-,07***	-,07***	-,12***	,01	,00	,00	,03*	-,03**	,22***	,21***	,25***	1,00			
Þolandi líkamlegs ofb. sl. ár	,10***	-,02	-,14***	,00	-,00	,02	-,04**	,00	,05***	,02	-,12***	-,07***	-,14***	,07***	,06**	,05***	,11***	,07***	,16***	,13***	,15***	,60***	1,00		
Sjálfsvígstíraunir um ævina	,10***	-,04**	,08***	,00	-,02	-,02	-,06***	,03*	,03*	,04**	-,12***	-,02	-,13***	,19***	,09***	,04***	,27***	,22***	,19***	,09***	,15***	,08***	,09***	1,00	
Sjálfsvígstílr. sl. ár	,11***	-,06***	,01	,00	-,01	-,01	-,02	,01	,01	-,01	-,07***	-,03*	-,07***	,10***	,04**	,05***	,20***	,16***	,14***	,06***	,05***	,08***	,08***	,42***	1,00

**Fylgni marktæk við 0.001 (2-tailed)

**Fylgni marktæk við 0.01 (2-tailed)

* Fylgni marktæk við 0.05 (2-tailed)

Listwise N=6535

Þegar taflan er skoðuð vekur fyrst athygli nokkuð há fylgni þess að hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök við kynferði, stuðning fjölskyldu, tengsl við skóla, kynferðislega misnotkun á unglingsárum, ótta við líkamlegt ofbeldi heima fyrir, reiði/ýgi, vímuefnaneyslu, þess að vera gerandi og þolandi ofbeldis og að hafa gert tilraun til sjálfsvígs einhvern tíma um ævina og á síðastliðnu ári. Öll þessi fylgnisambönd mælast marktæk við 99,9% öryggismörk.

Þá er marktæk fylgni milli þess að hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök við aldur, menntun föður, kynferðislega misnotkun í æsku, ölvun síðastliðna 30 daga og þunglyndi. Hins vegar virðist menntun móður, búseta, sambýlisstaða foreldra, stuðningur vina og sjálfsmat ungmenna ekki spá fyrir um hvort ungmenni eru líkleg til að segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, þar sem þau fylgnisambönd reynast ekki marktæk.

Þessar niðurstöður eru nokkuð athyglisverðar í ljósi þess að búseta eða það hvort unga fólkið býi á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar á landinu virðist ekki skipta máli þegar kannað er hvaða þættir spái fyrir um vændi meðal framhaldsskólanema. Þá virðist félagsstaða foreldra einungis spá að litlu leyti fyrir um vændi meðal ungmenna. Þannig hefur einungis menntun föður marktæk tengsl við vændi meðal ungmenna á þann hátt að með minnkandi menntun föður aukast líkur á að framhaldsskólanemar á Íslandi hafi skipt á greiða eða greiðslu fyrir kynmök. Hins vegar tengist menntun móður og sambýlisstaða foreldra því ekki marktækt hvaða ungmenni í framhaldsskólum eru líklegri en önnur til að leiðast út í vændi. Þannig virðast börn einstæðra foreldra eða börn fráskilins foreldris og stjúpforeldris ekki líklegri til að hafa leiðst út í vændi en börn sem búa hjá báðum foreldrum. Þetta er sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að í íslenskum rannsóknum á frávíkshæðun 9. og 10. bekkinga hafa slík tengsl meðal annars komið fram í

rannsóknnum á vímuefnaneyslu og ofbeldi (Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson, 1998; Þóroddur Bjarnason, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Gunnar Bernburg, 2000). Velta má því fyrir sér hvort þessar ólíku niðurstöður geti komið til vegna ólíkra gagna sem unnið er með í þessum rannsóknnum. Þannig geti brottfall í framhaldsskólum haft áhrif á þessar niðurstöður í meira mæli en áðurgreindum rannsóknnum þar sem unnið er með svör grunnskólanema þar sem brottfall nemenda úr skóla er mun minna en í framhaldsskólum.


Hvað varðar hefðbundna umfjöllun um vændi hefur félagsstaða gjarnan þótt vega þungt í skýringum á vændi. Nýlegar rannsóknir hafa þó gefið annað til kynna. Má þar helst nefna rannsókn þeirra Pedersen og Hegnu (2000) á vændi meðal skólanema í Osló en þar vakti sérstaka athygli sá breytilegi félagslegi og fjárhagslegi bakgrunnur sem ungmennin komu frá. Þannig gáfu niðurstöðurnar til kynna að sá hópur ungs fólks sem hafði selt kynmök kom úr ólíkum stéttum í samfélaginu og bjó í ólíkum hverfum borgarinnar með tilliti til fjárhagsstöðu. Hins vegar hafði stór hluti ungmenna í þessum hópi upplifað sundrung á heimili sínu og foreldrar voru líklegri til að eiga við áfengisvandamál að stríða en foreldrar annarra barna.

Í köflum 4.2.1 til 4.2.5 hér á eftir verður vikið sérstaklega að þeim þáttum sem samkvæmt töflu 4 tengjast því helst hvaða ungmenni eru líkleg til að segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Eins og áður sagði eru bæði skoðuð einföld tengsl milli vændis og félagslegra þátta sem taldir eru vera undanfarar vændis sem og þátta sem taldir eru geta fylgt í kölfar vændis. Í kafla 5

er athyglinni hins vegar sérstaklega beint að flóknara samspili þeirra félagslegu þátta sem samkvæmt kenningum um frávíkshæðun geta leitt til vændis.

4.2.1. Tengsl við fjölskyldu og skóla

Íslenskar rannsóknir meðal ungs fólks hafa gefið til kynna að þau ungmenni sem eru í nánnum tengslum við foreldra sína og gengur vel og líður vel í skólanum eru að jafnaði síður líkleg til að eiga við félagsleg eða sálræn vandamál að stríða (Þórlindsson og Vilhjálmsson, 1991; Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1998, Þóroddur Bjarnason o.fl., 2000). Þá hafa erlendar rannsóknir á vændi gefið til kynna að börn og unglingar sem búa við erfiðar aðstæður heima fyrir og sem hafa hlaupist að heiman séu líklegri en aðrir til að leiðast út í vændi (Greene o.fl., 1999; Pedersen og Hegna, 2003; Regoli og Hewitt, 2000; Seng, 1989).




Mynd 1. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hve auðvelt/erfitt þau eiga með að fá umhyggju og hlýju frá fjölskyldu sinni.

Á mynd 1 má sjá svör nemenda við einni af fimm spurningum sem notaðar voru til að mæla stuðning fjölskyldu. Á myndinni má sjá hlutfall nemenda sem segjast

hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hve auðvelt eða erfitt þau eiga með að fá umhyggju og hlýju frá fjölskyldu sinni.

Niðurstöðurnar á mynd 1 gefa til kynna að þeim mun erfiðara sem framhaldsskólanemar eiga með að fá umhyggju og hlýju frá fjölskyldu sinni þeim mun líklegri eru þeir til að hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök einhvern tíma um ævina. Þetta á bæði við um stúlkur og stráka (ekki sýnt á mynd). Þannig á það við um rúmlega 7% nemenda sem segjast eiga mjög erfitt með að fá umhyggju og hlýju frá fjölskyldu sinni að hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök samanborið við um 1,5% nemenda sem segjast eiga mjög auðvelt með að fá slíka umhyggju og hlýju. Á niðurstöðunum má sjá að stuðningur fjölskyldu tengist því hversu líkleg ungmenni í framhaldsskólum eru að hafa þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök. Svipaðar niðurstöður má sjá þegar tengsl ungmennanna við skólann eru athuguð.



Mynd 2. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hversu oft þeir segja það eiga við sig að langa til að hætta í skólanum.

Á mynd 2 gefur að líta niðurstöður einnar af fjórtán spurningum er lúta að tengslum við skóla. Á myndinni má sjá hlutfall nemenda sem hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök eftir því hve oft þeir segja það eiga við sig að langa til að hætta í skólanum.

Þeim mun oftar sem nemendur segja það eiga við sig að þá langi til að hætta í skólanum þeim mun líklegri eru þeir til að hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Þannig segjast um 7,6% þeirra sem langar nær alltaf til að hætta í skólanum hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök samanborið við einungis 1,1% þeirra sem segja nær aldrei eiga við um sig að langa til að hætta í skólanum. Þessi tengsl koma fram meðal beggja kynja þó tengslin séu nokkuð sterkari fyrir stráka en stelpur (ekki sýnt á mynd).

Í samræmi við þessar niðurstöður segir sérfræðingur á meðferðarheimili mörg þeirra ungmenna sem komi til meðferðar vegna vímuefnaneyslu, og sem eigi sum hver sögu um að hafa þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök, hafa brotið bakland. Þá sé algengt að fjölskyldumynstur sé flókið og að gjarnan séu vandamál heima fyrir.

Oft eru vandamál heima fyrir. Þá eiga margir líka foreldra sem hafa verið í meðferð og mjög algengt er að foreldrar eigi sér sögu um misnotkun áfengis. En auðvitað eru líka einhverjir sem koma frá venjulegum fjölskyldum. Ég myndi segja að krakkar sem hafa góðan bakgrunn séu almennt líklegri til að ná sér upp úr þessu en krakkar sem hafa ekki góðan bakgrunn. Ungmennin þurfa nefnilega alltaf að fara aftur heim. Þá skiptir miklu máli hvað tekur við þar. Samskiptamynstur innan fjölskyldna þarf að breytast til að þetta fari ekki allt í sama farið aftur.

Sérfræðingur hjá Landspítala - háskólasjúkrahúsi tekur undir þetta og bendir á að margir þeir unglingar sem hann hefur séð og leiðst hafa út í vændi komi úr erfiðum fjölskylduaðstæðum. Hann ítrekar að þá sé ekki endilega átt við fátækt

heldur geti verulega skort á að tilfinningasambandið milli unglínganna og foreldranna sé í lagi. Þannig telur hann tilfinningasamband við foreldra og eftirlit skipta miklu máli í þessu samhengi.

4.2.2. Kynferðisleg misnotkun og ótti við ofbeldi á heimili

Erlendar rannsóknir hafa gefið til kynna að ungt fólk sem hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku sé í meiri hættu á að leiðast út í frávíkshæðun, þar á meðal vændi til að öðlast félagslegt samþykki, virðingu og tekjur. Þannig hafa niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum og á Norðurlöndunum gefið til kynna að allt frá 50% til 90% kvenna í vændi hafi orðið fyrir kynferðislegri misnotkun fyrir 16 ára aldur (Farley og Barkan, 1998; Høigård og Finstad, 1986; James og Meyerding, 1977; McCaghy, Capron og Jamieson, 2000). Þá eru afleiðingar kynferðislegs ofbeldis taldar vera margþættar. Þar á meðal leiði það til minna sjálfsmats fórnarlamba og algengt sé að þau upplifi sjálf sig sem kynferðislega minna virði en aðra og sem spillta og jafnvel vonða einstaklinga sem ekkert gott eigi skilið (Deisher, Robinson og Boyer, 1982).

Sérfræðingur hjá Barna- og unglíngageðdeild LSH segir það ekki koma á óvart að hlutfall þeirra unglínganna sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku og leiðist síðar út í vændi, sé mishátt eftir rannsóknum þar sem viðfangsefnið sé mjög viðkvæmt. Hann leggur áherslu á þessar niðurstöður og segir að samkvæmt þeim sé vændi strangt til tekið ekki val einstaklingsins. Það sé ríkjandi hugsun meðal barna sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi að þau séu ekki til fyrir sjálfa sig heldur fyrir aðra. Þannig hafa þau þá hugmynd að þau séu hér til þess að fullnægja þörfum annarra í stað sinna eigin.

Einstaklingur sem hefur verið beittur kynferðislegu ofbeldi hefur ekki hugmynd um það hvernig það er að vera í kynferðislegu sambandi við einn eða neinn. Þegar fullorðin manneskja fer yfir þessi mörk gagnvart barni þá verður strax til sá skilningur að: ég er til fyrir þig en ekki þú fyrir mig. Með slíkan bakgrunn er auðveldara að fara þessa leið, að selja líkamann sinn, vegna þess að það er eiginlega komið inn í kerfið að þetta sé í lagi. Þannig hafa siðferðismörk þeirra verið brotin af öðrum einstaklingi. Þeim finnst þau ekki vera að fara yfir nein mörk, það sé búið að fara yfir þau.

Sérfræðingur á Landspítala - háskólasjúkrahúsi segir að kynferðislegt ofbeldi í æsku brjóti fólk niður andlega og það að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi og leiðast síðar á ævinni út í vændi sé mjög tilfinningalega tengt. Starfsmaður Stígamóta tekur undir þær alvarlegu afleiðingar sem kynferðislegt ofbeldi hefur á andlega líðan fólks. Til Stígamóta leita nær eingöngu einstaklingar sem hafa orðið fyrir slíku. Þar af leiðandi hafa allir sem komið hafa til þeirra og hafa haft sögu um vændi einnig haft sögu um kynferðislega misnotkun. Hann segir þetta vera skekkta mynd sem þau hafi. Engu að síður telji þær vændi geta verið fylgifisk kynferðislegs ofbeldis.

Ein stúlkan til dæmis talar um vændið eins og uppvaskið samanborið við kynferðisofbeldið sem hún varð fyrir sem lítil stúlka. Henni fannst vændi leið til að ná í pening fyrir vímuefnaneyslunni. Hún setur engin spurningamerki við það. Bæði þessi kona og maður sem er í viðtölum hjá okkur núna hafa skaðað sjálfan sig mikið, til dæmis með því að skera sig. Þannig fylgir kynferðislegu ofbeldi stundum sjálfssköðun á mjög alvarlegu stigi. Ég upplifi það þannig að vændið sé hluti af því. Vændið sé sjálfssköðun.


Ungur strákur sem var í vímuefnaneyslu og vændi 15 til 18 ára segir svipaða sögu. Þannig segir hann kynferðislegt ofbeldi sem hann hafi verið beittur í æsku hafa leitt til þess að hann hóf neyslu vímuefna og hljópst að heiman um 15 ára aldur.

Þegar neyslan hafi verið orðin mikil og kostnaðarsöm hafi hann byrjað að selja sig fyrir vímuefni og peninga.

Æska mín var ofsalega erfið. Ég var beittur kynferðislegu ofbeldi af fósturföður mínum. Ég byrjaði í neyslu 13 ára gamall og 15 ára var ég fluttur að heiman. Ég gat bara ekki verið heima út af erfiðum heimilis- aðstæðum. Á þeim tíma var ég byrjaður að nota hass, E-pilluna, kók, sveppi og allt þetta. Ég lenti í því að þurfa að selja mig fyrir dóp 15 ára. Það var mér mjög erfið reynsla. Ég bjó hjá strák sem átti mikinn pening en var ekki í neyslu eins og ég. Ég byrjaði með honum út af því að hann átti fullt af peningum. Á þessum tíma lenti ég í mörgu slæmu. Ég hætti að selja mig eftir að hafa verið nauðgað þrisvar sinnum af einhverjum strákum. Ég man lítið eftir þessu atviki en man bara að daginn eftir gat ég ekki gengið. Þetta var fyrir tveimur árum. Eftir að ég hætti fór ég að brjótast inn í staðinn. Ég stal til að fá pening fyrir dópi. Svo hætti ég að nota þessi sterkari efni og fór í læknadóp. Ég hætti að hugsa um skrokkinn á mér og byrjaði þá að borða mjög mikið. Á stuttum tíma fitnaði ég mikið. Ég gerði þetta til að engan langaði að horfa á mig og til að enginn hefði geð á að vera með mér kynferðislega.

Rannsóknir á Íslandi á kynferðislegri misnotkun eru af mjög skornum skammti. Sú könnun sem hér er unnið úr er fyrsta þýðiskönnunin sem gefur ungu fólki tækifæri til að tjá sig um reynslu sína af kynferðislega misnotkun. Á myndum 3 til 5 gefur að líta niðurstöðurnar úr þessum spurningum. Á mynd 3 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök eftir því hvort þau hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun á aldrinum 0-15 ára. Eins og niðurstöðurnar bera með sér eykur kynferðisleg misnotkun í æsku líkur á vændi meðal beggja kynja, en þó í meira mæli meðal stráka en stelpna. Þannig eru strákar sem hafa orðið fyrir slíkri misnotkun rúmlega fimm sinnum líklegri (16,7%) en aðrir strákar (2,9%) til að hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Þá eru stúlkur sem hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun um þrefalt líklegri (2,5%) til að hafa þegið


greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök samanborið við aðrar stúlkur (0,8%) sem ekki hafa lent í slíkri misnotkun (sjá mynd 3).



Mynd 3. Hlutfall 16-19 ára stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hvort þau hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun á aldrinum 0-15 ára.

Á mynd 4 má sjá hlutfall stelpna og stráka sem hafa þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök eftir því hvort þau hafi orðið fyrir kynferðislegri misnotkun á aldrinum 16 til 19 ára. Ástæðan fyrir þessari skiptingu, í yngri en 16 ára annars vegar og 16 til 19 ára hins vegar, er sú að þegar á unglingsár er komið má ætla að misnotkunin eigi sér ekki síður stað utan veggja heimilis, til dæmis þar sem um nauðgun er að ræða. Þá er önnur ástæða fyrir þessari skiptingu sú að rannsóknir á vændi hafa helst beinst að kynferðislegri misnotkun í barnæsku en ekki á unglingsárum. Því getur verið ákjósanlegt að aðskilja þetta tvennt. Hins vegar verður ekki hægt að segja með vissu til um hvers konar kynferðisleg misnotkun er að ræða. Þannig er það túlkun einstaklinganna sjálfra hvað þeir telja til kynferðislegrar misnotkunar sem hér er stuðst við. Þá birtist slíkt ofbeldi í ýmsum myndum og geta því til að mynda sífjaspell og nauðganir komið fyrir ungmenni í báðum aldurshópum.

Þá má benda á að þar sem verið er að athuga hóp nemenda á aldrinum 16 til 19 ára þá fer eftir aldursári nemenda hvort verið sé að skoða kynferðislega misnotkun á síðastliðnu ári, tveimur, þremur eða fjórum árum. Þannig er til að mynda stór hluti nemenda einungis kominn með aldur til að geta hafa lent í misnotkun á sextánda aldursári. Vegna þessa væri réttast að skipta niðurstöðum eftir aldri en þar sem um mjög fámennan nemendahóp er að ræða sem hefur þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök er sú leið farin að birta niðurstöður fyrir heildarhópinn (sjá mynd 4).




Mynd 4. Hlutfall 16-19 ára stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hvort þau hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun á aldrinum 16-19 ára.

Þegar niðurstöður eru skoðaðar á mynd 4 mjá sjá að stelpur og strákar sem hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun á aldrinum 16-19 ára eru mun líklegri til að hafa þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök en þeir sem ekki hafa lent í slíkri misnotkun. Þrátt fyrir sterk tengsl sem koma fram meðal stráka er ástæða til að benda á að misnotkun á þessum aldri er mjög óalgeng þeirra á meðal. Þannig segjast einungis 13 strákar í framhaldsskólum á Ísland hafa lent í kynferðislegri misnotkun á þessu aldursbili, en þar af segjast þrír (23,1%) hafa þegið greiða eða

greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Meðal stúlkna er tíðni kynferðislegrar misnotkunar á framhaldsskólaaldri þó mun hærri.

Þannig segjast í heildina 121 stúlka hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun á aldrinum 16 til 19 ára, en þar af segjast fimm (4,1%) þeirra einnig hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök (sjá mynd 4).

Eins og kom fram í töflu 4 tengdist vændi meðal framhaldsskólanema ekki eingöngu reynslu um kynferðislega misnotkun í æsku og á unglingsárum heldur einnig ótta þeirra við ofbeldi á heimili sínu. Á mynd 5 gefur að líta þær niðurstöður en þar má sjá hlutfall stelpna og stráka sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hve oft þau óttast að verða fyrir líkamlegu ofbeldi á heimili sínu.



Mynd 5. Hlutfall 16-19 ára stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hversu mikið þau óttast líkamlegt ofbeldi á heimili sínu.

Niðurstöðurnar á mynd 5 gefa til kynna að ótti við ofbeldi heima fyrir auki líkur á vændi meðal bæði stráka og stelpna. Þannig eru til að mynda strákar sem segjast mjög oft óttast ofbeldi á heimili sínu margfalt líklegri til að segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök (33,3%) en þeir strákar sem nær aldrei

óttast slíkt ofbeldi heima hjá sér (2,5%). Svipað á við um stelpur því um 8,3% þeirra sem segjast mjög oft hræðast ofbeldi á heimili sínu hafa þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök samanborið við einungis um 0,7% þeirra sem segjast nær aldrei hræðast slíkt ofbeldi.

Ung kona sem var í vímuefnaneyslu og skipulögðu vændi á Íslandi segir vanlíðan sína hafa hafist þegar hún varð fyrir kynferðislegu ofbeldi 7 ára gömul. Þetta hafi síðan allt vafið upp á sig og eitt leitt af öðru.

Þetta byrjaði allt þegar ég var lítil. Það er upphafið að þessu öllu. Ég var beitt kynferðislegu ofbeldi þegar ég var 7 ára. Það hélt svo áfram alltaf af og til þangað til ég var 12 ára. Á þessum aldri breyttist ég ofsalega mikið. Varð svona ósýnileg og bældi allt inni og var það sem er kallað mjög þægur krakki, ótrúlega þægur krakki, mjög meðfærileg. Sagði aldrei neitt og var alltaf yfiringilega mikið inn í mig. Svo þegar ég var 12 ára trylltist ég, öskraði og gargaði. Það var farið með mig á sjúkrahús og það kom í ljós að þetta var eitthvað andlegt. Þá var ég send í burtu í sveit og kom aftur til baka þegar ég var 14 ára.

Þegar ég kom til baka þá ákvað ég að ég þyrfti að gera eitthvað til að fólk væri hræddara við mig en ég við það. Ég lokaði alla úti og ákvað að verða pönkari. Það var ákvörðun, gerðist ekkert smám saman eða neitt. Þetta var bara ákvörðun, að búa til svona rosalega sterkan front, svo fólk þyrði ekki að koma nálægt mér. Ég breyttist bara á einni nóttu með það. Þetta var eina leiðin sem mér fannst fær, svona „survival“. Ég skil það mjög vel í dag. Ég vissi þá ekkert hvað eða af hverju þetta var svona. Þetta var bara eitthvað sem ég varð að gera. Áður hafði ég stundað íþróttir, var íþróttahetja og fékk verðlaun fyrir allt í skólanum. Svo kom ég til baka með beinagrindur í eyrunum, rakaðan haus og útkrotaðar buxur. Þá byrjaði ég að sniffa. Það gerði ég alltaf ein, ekki með neinum öðrum. Hatrið á sjálfri mér var alveg óendanlegt, algjörlega óendanlegt. Ég var svo ógeðsleg að öllu leyti, mér fannst svo ógeðslegt að þurfa að vera þarna inni í líkamanum, það var bara algjör viðbjóður.

4.2.3. Áfengis- og vímuefnaneysla

Niðurstöður rannsókna meðal einstaklinga í vændi hafa gefið til kynna að sumir einstaklingar fari í vændi til að fjármagna vímuefnaneyslu en aðrir byrji að nota vímuefni eftir að hafa byrjað í vændi (James, 1976; Kuhn, Heide og Silverman, 1992).


Sérfræðingar hér á landi segjast verða varir við vændi í tengslum við áfengis- og vímuefnaneyslu. Þó sé það ekki algilt. Sérfræðingur á meðferðarheimili segir vændi mikið vera í umræðunni á áfengismeðferðardeildum. Þannig hafi komið upp mál sem tengjast ungu fólki sem hefur selt sig. Þetta sé almennt ekki skráð nema að stundum hafi það komið fram í viðtölum. Þá telur hann að með aukinni neyslu einstaklinga og harðari efnum noti sífellt fleiri þessa leið til að fá fikniefni.

Ungt fólk í vímuefnaneyslu býr oft við bágar fjárhagslegar og félagslegar aðstæður. Skipti á kynmökum fyrir greiða eða greiðslu er einn möguleiki til að afla sér tekna, vímuefna eða húsaskjól við þessar aðstæður. Fimmtán ára stelpa sem neytti vímuefna segist vita til þess að stelpur sofi hjá strákum fyrir skammt af vímuefnum. Þannig selji þær sig jafnvel fyrir 3.500 krónur. Ungur strákur sem neytti og seldi vímuefni tekur undir þetta og segir „dráttinn” gjarnan kosta eina sprautu. Þá tíðkist það einnig að ungt fólk í vímuefnaneyslu selji sig fyrir húsaskjól og mat. Ung stelpa sem var í vímuefnaneyslu, og svaf hjá strák í skiptum fyrir mat, húsaskjól og vímuefni, segir að eftir að hafa verið í neyslu í nokkurn tíma hafi hún fengið þá valmöguleika hjá foreldrum sínum að fara í meðferð eða að flytja út. Í kjölfarið hafi hún ákveðið að fara sínar eigin leiðir.

Ég fór þá bara. Var búin að kynnast strák sem ég vissi að ég gæti farið til og fór því heim til hans. Ég hugsaði þetta þannig að það þýddi ekkert fyrir mig að fara í meðferð því á þessum tíma langaði mig ekkert að

hætta í neyslu. Ég hélt að þetta væri einhvern veginn auðveldara að finna einhvern gaur sem myndi bara borga fyrir mig, fannst það bara sniðug hugmynd þá. Samt sá ég alveg að þetta var svona óbeint að selja sig. Hélt að það hefði bara engin áhrif á mig.


Á myndum 6 til 7 gefur að líta niðurstöður um tengsl neyslu áfengis og vímuefna við það að þiggja greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Á mynd 6 má sjá hlutfall 16 til 19 ára framhaldsskólanema sem hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hve oft þeir hafa orðið ölvaðir sl. 30 daga.



Mynd 6. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema á Íslandi sem hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hve oft þeir hafa orðið ölvaðir sl. 30 daga.

Niðurstöðurnar benda til þess að því oftar sem framhaldsskólanemar á aldrinum 16-19 ára hafa orðið ölvaðir sl. 30 daga þeim mun líklegri eru þeir til að segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Þannig segjast til að mynda um 1% þeirra sem aldrei hafa orðið ölvaðir á þessu tímabili hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök samanborið við 4,6% þeirra sem hafa orðið ölvaðir 10-19 sinnum á þessu tímabili og 13,6% þeirra sem segjast hafa orðið ölvaðir 40 sinnum eða oftar. Þessi tengsl eru til staðar bæði hjá stelpum og strákam (ekki sýnt á mynd).


Á mynd 7 má sjá niðurstöður er lúta að notkun ólöglegra vímuefna. Þar sést hlutfall 16 til 19 ára framhaldsskólanema á Íslandi sem hafa þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök eftir því hve oft þau hafa notað tiltekin ólögleg vímuefni um ævina. Á myndinni má sjá hvernig neysla á hassi og amfetamíni auka líkurnar á því að nemendur segist hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök einhvern tíma um ævina (sjá mynd 7). Þessi tengsl koma fram hjá báðum kynjunum (ekki sýnt á mynd).



Mynd 7. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema á Íslandi sem hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hve oft þau hafa notað hass og amfetamín um ævina.

Nemendur sem hafa notað hass 40 sinnum eða oftar um ævina eru tæplega fimm sinnum líklegri til að segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök (7,3%) en nemendur sem aldrei hafa notað hass (1,5%). Þá eru nemendur sem hafa notað amfetamín 40 sinnum eða oftar um ævina tæplega sex sinnum líklegri til að hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök (9,1%) en þeir sem aldrei hafa notað amfetamín (1,6%). Á mynd 8 má sjá niðurstöður er varða önnur óalgengari vímuefni. Þar sést hlutfall 16 til 19 ára framhaldsskólanema á Íslandi sem hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök eftir því hve oft þau

hafa notað sniffefni (s.s. lím), kókaín og E-pilluna um ævina. Á myndinni má sjá að líkur á vændi aukast þeim mun oftar sem nemendur hafa notað áðurgreind vímuefni (sjá mynd 8).



Mynd 8. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema á Íslandi sem hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hve oft þau hafa notað tiltekin vímuefni.

Samkvæmt þessum niðurstöðum eykur neysla áfengis og vímuefna líkur á því að ungmenni hafi reynslu af vændi. Þannig má segja að með tíðari ölvun nemenda síðastliðna 30 daga og með tíðari notkun vímuefna um ævina reynast framhaldsskólanemar líklegri til að hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Þetta er í samræmi við niðurstöður rannsókna sem hafa gefið til kynna að áfengis- og vímuefnaneysla getur verið notuð til að deyfa tilfinningar og vanlíðan einstaklinga sem búa við erfiðar aðstæður eða hafa orðið fyrir einhvers konar ofbeldi eða misnotkun. Þá geti áfengis- og vímuefnaneysla tengst skemmtanalífstíl félagahópsins. Slík neysla ungmenna getur verið fljót að vefja upp á sig þar sem fjármögnun reynist sífellt erfiðari. Vegna þessa getur hún leitt til örvæntingafullra leiða til fjármögnunar, þar á meðal vændis. Þá slæva vímuefna almenna skyn-

semi og geta á þann hátt aukið líkurnar á því að ungt fólk lendi í óæskilegum aðstæðum eða hegði sér á þann hátt sem það annars myndi ekki gera.

Ung kona sem var í vímuefnaneyslu og skipulögðu vændi segir frá því hvernig hún seldi sig í fyrsta sinn til að geta keypt sér 2 grömm af amfetamíni. Þetta átti sér stað þegar hún var í stúdentsprófunum, en án vímuegjafans taldi hún sér trú um að hún gæti ekki náð prófunum.

Ég var ekki þannig dópisti að þetta hafi verið félagsþrýstingur. Þetta var bara ég ein, mér leið svo vel þegar ég sniffaði. Ég fann ekki eins mikið fyrir mér þá. Þannig fannst mér ég komast einhvern veginn frá líkamanum og frá mér allri. Ég varð meðvitundarminni. Fékk frið, ró, gat allt í einu andað. Hugsaði að svona gæti mér liðið vel. Þannig byrjaði það. Svo vafði það upp á sig. Ég kynntist hassi 16 ára, byrjaði reyndar mjög fljótt að reykja mikið af því. Síðan fór ég svo að prófa spítt, sýru og þetta allt saman.


Þegar ég seldi mig í fyrsta skipti þá var ég bara ein. Þá var ég að taka stúdentsprófin. Ég var líka að vinna á hóteli á þeim tíma og það var alltaf karl að hringja á hótelið, svona ógeðslegur dónakarl. Hann sagði að hann myndi borga mér 10 þúsund kall fyrir að sofa hjá sér. Og ég gerði það. Bara af fíkn. En ég sagði mér þá að þetta hefði ég gert til að komast í gegnum stúdentsprófin. Sem sagt, ég var í síðustu prófunum og átti ekki pening fyrir dópi sem ég virkilega þurfti ætlaði ég mér að komast í gegnum prófin. Mig vantaði 2 grömm.

4.2.4. Líkamlegt ofbeldi

Vímuefnaneysla virðist veða nokkuð þungt þegar vændi er annars vegar. Þá tengist önnur frávikshegðun, svo sem ofbeldi og afbrot, mjög náið þeim undirheimi sem ungt fólk í vímuefnaneyslu og vændi lifir í. Rannsóknir meðal ungmenna í vændi hafa rennt stöðum undir þetta. Má þar helst nefna rannsókn meðal ungs fólks í Osló sem leiddi í ljós að þau ungmenni sem höfðu selt kynmök voru líklegri til að eiga við hegðunarvandamál að stríða og vandamál tengd neyslu


áfengis og vímuefna (Pedersen og Hegna, 2000). Þá voru þau líklegri til að vera gerendur í minniháttar afbrotum, urðu oftár fyrir ofbeldi og ofbeldishótunum og héldu mikið til í miðbæ Oslóborgar. Þá hafa rannsóknir gefið til kynna að aðal-áhyggjuefni margra stúlkna í vændi er ofbeldi af hendi kaupenda (Greene o.fl., 1999). Niðurstöður í töflu 4 gáfu svipað til kynna þar sem það að vera þolandi og gerandi líkamlegs ofbeldis tengist því marktækt hverjir sögðust hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök.

Á mynd 9 gefur að líta hlutfall stelpna og stráka í framhaldsskóla á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hve oft þau hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi sl. 12 mánuði. Vekja má athygli á því að í þessum spurningum um líkamlegt ofbeldi er nemendunum falið að skilgreina hvað þau telja til líkamlegs ofbeldis. Þannig byggja niðurstöður á myndum 9 og 10 á túlkun þeirra sjálfra á líkamlegu ofbeldi en ætla má að með þeim hætti komist upplifun þeirra á ofbeldi best til skila.



Mynd 9. Hlutfall 16-19 ára stelpna og stráka í framhaldsskóla á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hve oft þau hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi sl. 12 mánuði.

Niðurstöður gefa til kynna að þeim mun oftar sem stelpur og strákar segjast hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á síðastliðnu ári, þeim mun líklegri eru þau til að segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Eins og sjá má á myndinni eru til dæmis strákar sem hafa orðið fyrir ofbeldi 2-5 sinnum á síðastliðnu ári um fimm sinnum líklegri til að hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök (11,9%) en strákar sem aldrei hafa orðið fyrir ofbeldi á þessu tímabili (2,4%). Meðal stúlkna er munurinn enn meiri. Þannig eru stelpur sem hafa orðið svo oft fyrir líkamlegu ofbeldi á síðastliðnu ári um 16 sinnum líklegri til að hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök (11,1%) en þær stelpur sem aldrei hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á sama tímabili (0,7%). Þá má benda á að engin stúlka né strákur segist hafa orðið fyrir ofbeldi 10 sinnum eða oftar um ævina og þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Þetta þarf ekki að koma á óvart þar sem af heildarhópi nemenda hafa aðeins 42 nemendur orðið fyrir ofbeldi svo oft, þar af enginn sem hefur þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök.



Mynd 10. Hlutfall 16-19 ára stelpna og stráka í framhaldsskóla á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hve oft þau hafa beitt líkamlegu ofbeldi sl. 12 mánuði.

Á mynd 10 má sjá niðurstöður um gerendur ofbeldis. Þar kemur fram hlutfall stelpna og stráka sem hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök eftir því hve oft þau hafa beitt einhvern líkamlegu ofbeldi á síðastliðnu ári. Á myndinni má sjá hvernig nemendur eru líklegri til að hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök því oftar sem þeir segjast hafa beitt ofbeldi á síðastliðnu ári. Þetta á við um bæði stelpur og stráka (sjá mynd 10).

Af þessum niðurstöðum má sjá að ungt fólk í vændi virðist lifa í heimi sem einkennist að hluta til af ofbeldi, þar sem þeim mun oftar sem stúlkur og strákar hafa beitt eða orðið fyrir ofbeldi á síðastliðnu ári þeim mun líklegri eru þau til að hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök.

Ung íslensk kona sem var í vímuefnaneyslu og skipulögðu vændi segir ofbeldi oft fylgifysk vændis. Þetta eigi sérstaklega við um skipulagt vændi þar sem vændissali hefur yfirráð yfir þeirri manneskju sem hann selur. Hún kallar þetta aukaofbeldi þar sem hún segir vændi í sjálfu sér vera ofbeldi.

Það er mjög mikið um ofbeldi. Aukaofbeldi. Ég kalla það aukaofbeldi vegna þess að vændi er ofbeldi í sjálfu sér. Vændi er borguð nauðgun. Það er ekki aukaofbeldi í hvert skipti en oft. Þó svo að líkamlega sé ég öryrki eftir þetta þá fór andlega ofbeldið miklu verr í mig. Orðin sem þeir sögðu. Ég lifði spörkin af og allt það. Það greri einhvern veginn. En svívirðingarnar og hvernig mér var lýst og hvað þeir sögðu við mig, þau sár gróa ekki. Ef ég gerði það ekki nógu vel og ekki nógu sannfærandi, var ekki nógu sannfærandi barn, var ekki nógu sannfærandi eitthvað, þá var mér bara hent í vegginn og sagt við mig: „Þegi þú helvítis djöfulsins mellan þín” og fleira og fleira. Peningarnir teknir og farið.

Meðan á barsmíðunum stóð hugsaði ég oft, æ gott, kannski dey ég bara núna. Manni fer að standa svo rosalega á sama. Sama um sig. Þetta brýtur allt niður, það litla sem fyrir var er drepið. Þannig að hugsunin er, því fyrr sem ég dey því betra. Vonandi eru þetta bara síðustu högginn. Að ég lifi þetta ekki af.

En ég fékk aldrei að fara upp á spítala. Bara nokkrum sinnum ef það kom ígerð í sár. Ef það kom ígerð þá fór hann [vændissalinn] með mér til að útskýra. Ég er náttúrulega með mikil ör, líka í klofinu - en nei, ég mátti ekki fara á spítala.

4.2.5. Andleg líðan

Andleg líðan einstaklinga í vændi getur verið slæm og er talið að tíðni ýmissa andlegra raskana svo sem þunglyndis, kvíða og áfallaröskunar sé mun hærri meðal þeirra en annarra (Farley og Barkan, 1998; McClanahan o.fl., 1999; Yates o.fl., 1991). Íslenskir sérfræðingar taka undir þetta og segja ungt fólk sem á sér sögu um vímuefnaneyslu og vændi komi gjarnan inn á hinar ýmsu stofnanir þjóðfélagsins, svo sem Barna- og unglingageðdeild, meðferðarstofnanir og Félagsþjónustu, til að leita sér hjálpar vegna ýmissa vandamála. Sérfræðingur á Barna- og unglingageðdeild LSH segir vændi í fæstum tilvikum ástæðu þess að unglingar leiti sér aðstoðar. Andleg vanlíðan og sjálfsvígshugleiðingar séu ástæðan en seinna komi í ljós að þeir hafi stundað vændi.

Það er alltaf ein og ein stelpa sem kemur til okkar á Barna- og unglingageðdeild sem á sér þá sögu að fjármagna neyslu sína með því að selja sig. Nú er ég með þrjár stelpur í huga sem komu inn á deildina vegna þunglyndis og sjálfsvígshugsana og síðan kemur þetta í ljós. Það sem ég hef orðið vör við er að þeim virðist ekki finnast neitt athugavert við þetta, að þetta sé bara allt í lagi. Sérstaklega er mér minnisstæð ein stelpa. Hún sagði mér að hún fengi lítið dóp ef hún væri léleg í rúminu. Henni fannst þetta henni að kenna, að hún gæti ekki einu sinni boðið líkama sinn af því að hann væri orðinn svo lélegur. Hún sætti sig við þetta, að lífið væri bara svona.

Sérfræðingurinn segir því vandamál ungs fólks sem hefur leiðst út í vændi vera margþætt. Oft þurfi langar meðferðir til að vinna á andlegum afleiðingum vændis. Ungt fólk komi inn á Barna- og unglingageðdeild vegna slæmrar andlegrar heilsu.

Sjálfsmat þeirra sé oft mjög lágt og algengt sé að þunglyndi og sjálfsmorðshugsanir hrjái þennan hóp. Þannig hafi þetta mjög viðtæk áhrif á persónuleikaþroska, ekki síst ef þetta byrjar á unglingsárunum þar sem einstaklingurinn er í móttun. Þannig hafi ungt fólk með þessa reynslu að baki ekkert heilbriggt til að spegla sig í. Það vanti kannski alveg heilu kaflana í þroska þeirra.


Sérfræðingur hjá meðferðarheimili vekur sérstaklega tals á líðan stúlkna sem komi til meðferðar vegna áfengis- og vímuefnaneyslu. Hann segir áberandi hvernig sjálfstraust þeirra sé í lágmarki og að sjálfsvirðing þeirra sé að engu orðin. Þá segir hann stúlkurnar fá sjálfsvirðingu sína, samþykki og aðdáun frá strákunum. Þannig vegi útlit þeirra mjög þungt. Þær séu helst vanar að fá hrós og athygli út á útlitið. Þetta eigi ekki síður við stúlkur sem sofi hjá fyrir vímuefni og annað. Þetta sé orðinn vítahringur sem mjög erfitt geti reynst að brjóta upp.

Með því að líta vel út og vera sætar fá þær athygli, staðfestingu og viðurkenningu frá strákunum. Það er svo erfitt með að brjóta þetta mynstur upp þegar þær koma hingað til meðferðar vegna þess að þetta er eina staðfestingin sem þær fá. Þær þurfa bara að læra það að þær geti fengið staðfestingu fyrir eitthvað annað en útlitið. Til dæmis að þær séu hæfileikaríkar, skemmtilegar eða hjálpsamar. Þær kunna það ekki. Í þessum heimi snýst allt um að vera bara flottur og segja já. Geta ekki sagt nei heldur gera hvað sem er til að vera í grúppunni.

Hann segir þær stúlkur sem komi inn til meðferðar og hafa reynslu af kynferðislega misnotkun, vændi eða jafnvel bæði hafa almennt mikla sektarkennd, skömm og ógeð á sjálfum sér. Þeim finnist þær oft ekki eiga neitt gott skilið, því það sé búið að eyðileggja svo mikið fyrir þeim. Þá segir hann margar hverjar vera búnar að vera í „rugli“ svo lengi að þær hafi útilokað allar tilfinningar. Þær séu orðnar tilfinningalega dofnar.

Niðurstöður í töflu 4 gáfu til kynna að reiði/ýgi og sjálfsvígstílaunir einkenndu þann hóp ungmenna sérstaklega sem þegið höfðu greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Þá reyndust einkenni þunglyndis einnig hrjá þennan hóp í meira mæli en aðra nemendur en slíkt átti ekki við um sjálfsmat þeirra. Á mynd 11 má sjá svör framhaldsskólanema við einni spurningu úr þeim samsetta kvarða sem notaður var til að mæla reiði/ýgi nemenda. Þá eru á myndum 12 og 13 svör nemenda við spurningum um tilraunir til sjálfsvíga skoðuð nánar.

Á mynd 11 eru sýndar niðurstöður fyrir hlutfall 16 til 19 ára framhaldsskólanema á Íslandi sem hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök eftir því hve oft þau verða vör við að fá reiðisköst sem þau geti ekki stjórnað. Á myndinni má sjá hvernig líkur á því að hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök aukast eftir því sem einstaklingar segjast oftar verða varir við slík reiðisköst (sjá mynd 11). Þetta á bæði við um stelpur og stráka (ekki sýnt á mynd).




Mynd 11. Hlutfall 16-19 ára framhaldsskólanema á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hve oft þau segjast vera vör við að fá reiðisköst sem þau geti ekki stjórnað.

Þannig eru þeir sem segjast oft verða varir við að fá reiðisköst sem þeir geti ekki stjórnað um fjórfalt líklegri til að segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn

fyrir kynmök (6,1%) en þeir sem nær aldrei segjast hafa fengið slík reiðisköst (1,5%).

Á mynd 12 má sjá hlutfall 16-19 ára stelpna og stráka í framhaldsskóla á Íslandi sem hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök eftir því hvort þau hafi einhvern tíma um ævina gert tilraun til að fremja sjálfsvíg.

Niðurstöður gefa til kynna að tilraun til sjálfsvígs eykur líkur á að einstaklingar hafi þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök.




Mynd 12. Hlutfall 16-19 ára stelpna og stráka í framhaldsskóla á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hvort þau hafa einhvern tíma gert tilraun til að fremja sjálfsvíg.

Í heildina segjast 332 stúlkur á þessum aldri einhvern tíma hafa gert tilraun til sjálfsvígs. Þar af hafa 16 þeirra þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eða um 4,8%. Meðal þeirra stúlkna sem ekki hafa gert tilraun til sjálfsvígs er hlutfall þeirra sem hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök mun lægra, eða um 0,6%. Þannig eru stelpur sem hafa gert tilraun til sjálfsvígs um átta sinnum líklegri til að hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök en aðrar stelpur. Niðurstöður meðal stráka eru svipaðar þar sem þeir sem hafa gert tilraun til sjálfsvígs einhvern tíma um ævina eru rúmlega fjórum sinnum líklegri

til að hafa þegið greiða eða greiðslu í stað kynmaka (11,4%) en strákar sem ekki hafa gert sjálfsvígstilraun (2,7%). Alls hafa 149 strákar gert tilraun til að fremja sjálfsvíg einhvern tíma um ævina, þar af 17 sem hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök.

Á mynd 13 gefur að líta hlutfall stúlkna og stráka í framhaldsskóla sem hafa þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök eftir því hvort þau hafa gert tilraun til að fremja sjálfsvíg veturinn sem könnunin var lögð fyrir. Niðurstöður gefa til kynna að þeir sem hafa gert sjálfsvígstilraun um veturinn sem könnunin var lögð fyrir eru líklegri en aðrir til að hafa þegið greiða eða greiðslu einhvern tíma um ævina (sjá mynd 13).



Mynd 13. Hlutfall 16-19 ára stelpna og stráka í framhaldsskóla á Íslandi sem segjast hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, eftir því hvort þau hafa gert tilraun til að fremja sjálfsvíg veturinn sem könnunin fór fram.

Þannig eru stúlkur sem hafa gert tilraun til sjálfsvígs um veturinn um tíu sinnum líklegri til að hafa þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök en aðrar stelpur sem ekki hafa gert sjálfsvígstilraun á þessu tíma. Hvað stráka varðar eru þeir sem hafa gert tilraun til sjálfsvígs um veturinn um sjö sinnum líklegri til að hafa þegið

greiða eða greiðslu fyrir kynmök einhvern tíma um ævina en þeir strákar sem ekki hafa gert tilraun til sjálfsvígs um veturinn.

Samkvæmt viðmælendum hefur ungt fólk í vændi oft brotið bakland og þau hafa lent í ýmsu erfiðu. Hjá sumum börnunum virðist sem hver erfiða reynslan hafi rakið aðra. Þannig hafa mörg hver til að mynda erfiðar aðstæður heima fyrir, hafa orðið þolendur ofbeldis, leiðst út í vímuefnaneyslu og/eða afbrot, verið utan garðs í skólanum og/eða þjást af vanlíðan ýmiss konar. Vændi sé þannig oft og tíðum eitt af fleiri vandamálum sem hrjái þetta unga fólk. Þessi erfiða reynsla reynist mörgum mjög þungbær.

Ungur strákur sem var í vímuefnaneyslu og vændi frá 15 til 18 ára aldri lýsir því svo hve mikil vanlíðan og svartsýni fylgdi líferni hans:

Ég reyndi margar sjálfsvígstilraunir. Reyndi náttúrulega oft að fremja sjálfsmorð. Þá var ég búinn að selja mig fyrir peninga og dóp í 3 ár og var orðinn heimilislaus. Ég var algjörlega kominn á botninn, orðin alger rúst. Var kominn með nóg af öllu, fjölskyldunni minni og lífinu öllu. Þetta var bara svo sjúkt þegar maður var í neyslu.

Ung kona sem var í vímuefnaneyslu og skipulögðu vændi hafði tvisvar sinnum gert tilraun til sjálfsvígs á þeim 6 árum sem liðin voru frá því hún komst út úr vændi og hætti að neyta vímuefna. Í þriðja sinn tókst henni ætlunarverk sitt. Það var um tíu mánuðum eftir að hún veitti þetta viðtal sem hún tók líf sitt. Fram að því hafði hún barist við þær þungbæru afleiðingar sem fylgdu í kjölfar misnotkunar í barnæsku, vímuefnaneyslu, ofbeldis og vændis. Hún sagði afleiðingar vændis koma öllum við. Kaupendurnir væru oft og tíðum menn í þjóðfélaginu sem allir gætu þekkt, án þess að vita af því. Hún taldi fáránleikann fullkomnaðan með því að hún þyrfti að fela sig - en ekki þeir. Þannig væri henni gert að skammast sín en ekki þeim sem beittu hana slíku ofbeldi. Svona lýsti hún líðan

sinni um tíu mánuðum áður en hún sagði skilið við þennan heim í von um friðsælla líf annars staðar.

Í 6 ár hef ég ekki sofið eðlilegan nætursvefn. Alltaf, alla daga er ég heltekin angist, einmanaleika, öryggisleysi, hræðslu, vonleysi, martröðum í vöku og svefni. Ég er alltaf á verði, í smæstu atriðum sem enginn sér. Finnst ég alltaf kámug, skítug, ógeðsleg. Treysti engum og óttast alla. Angistin er stjórnlaus og yfirþyrmandi, hjartað skelfur alla daga. Alltaf.

Ég veit ekki hversu mörg ár eru eftir hjá mér í þessari líðan, þangað til mér auðnast kraftur til að endurheimta persónu mína. Ég sakna hennar svo sárt og þótt að æskan hafi á svo margan hátt leikið hana grátt og að hjartað hafi verið sett í frysti fyrir öðru fólki, þá átti stelpan góða spretti og mikla hæfileika. En allt var þagað í hel og enginn hélt neitt annað en að stelpan væri sæl. Dópið varð minn besti vinur. Þar var eina skjólið að finna. Þar fann ég „frið“.

Þótt ég eigi „góð tímabil“ í dag þar sem ég fer út og vinn eða geri hluti, fer í skóla, eða hvað það er, er það allt gert á jöxlum sem byggðir eru úr stáli. Ég fæ aldrei frí, aldrei. Sál mín er aldrei róleg, aldrei óhrædd, aldrei óþvinguð, alltaf tilbúin, alltaf ein. Alveg hræðilega stingandi mikið ein. Það er óskiljanleg og allt að því ótrúleg fortíð mín sem veldur því. En ég á gott andlit sem felur allt.

Mín heitasta ósk til lífsins er að ég fái að kynnast því að fá ró í hjartað, að kynnast sál minni í hvíld. Að ég fái hvíld. Frið. Stundum í sakleysi mínu trúi ég á betra líf, held að ég lifi þetta af. Og svo stundum trúi ég því alls ekki. Þangað til berst ég baráttu hinna sterku um að láta ofbeldið ekki sigra mig. Ég vil sýna því í tvo heimana og verða sterkari en allt það ljótasta sem fyrir mig hefur komið.

5. Samspil félagslegra þátta í vændi meðal ungs fólks

Hér að framan hefur verið farið yfir einföld tölfræðileg tengsl vændis meðal framhaldsskólanema á Íslandi við ýmsa veigamikla félagslega þætti. Þessar niðurstöður gáfu til kynna að það hvort framhaldsskólanemar hafi þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök tengdist aldri nemenda, kyni, menntun föður, stuðningi fjölskyldu þeirra, reynslu um kynferðislega misnotkun í æsku og á unglingsárum, ótta við heimilisofbeldi, einkennum þunglyndis og reiði/ygi, áfengis- og vímuefnaneyslu, ofbeldi og sjálfsvígstílaunum. Vert er að benda á að einföld fylgnitengsl sem þessi geta hvorki sagt til um hvaða skýringar liggja að baki fylgni félagslegra þátta við vændi né sýnt fram á orsakasamhengi þeirra. Til þess þarf flóknari rannsóknaraðferðir og kenningar sem varpað geta ljósi á samhengi félagslegra þátta og samspil. Þannig vekja niðurstöður um þessi tengsl vændis við veigamikla þætti í lífi ungs fólks upp þá spurningu hvaða ástæður liggja að baki tengslunum og hvort hér sé einfaldlega verið að skoða einkenni á einum og sama hópi ungmenna eða hvort um ólíka hópa sé að ræða. Á sama hátt má velja því fyrir sér hvaða félagsfræðilega kenning eða kenningar séu til þess fallnar að skýra vændi meðal ungmenna.

Hér á eftir er þetta rannsakað nánar. Athugað er með tölfræðilegum hætti hvort þrjár ólíkar kenningar félagsfræðinnar um frávikshegðun geti varpað frekara ljósi á tengsl félagslegra þátta og vændis. Athyglinni er sérstaklega beint að tengslum kynferðislegrar misnotkunar í æsku og vændis og því hvernig skýra má þessi tengsl meðal annars með hugsanlegri miðlun annarra veigamikilla félagslegra

þátta. Í greiningunni er einblínt á þá félagslegu þætti sem samkvæmt kenningunum eru taldir vera undanfarar vændis eða annarrar frávikshegðunar meðal ungs fólks. Þessar kenningar eru taumhaldskenningar „Social control theory” (Hirchi, 1969), álagskenningar „General strain theory” (Agnew, 1992) og félagsnámskenningar „Differential association” (Sutherland og Cressey, 1994) og „Social learning approach” (Akers o.fl., 1979). Til að rannsaka þetta er „logistic” aðhvarfsgreiningu (logistic regression) beitt. Hún gefur kost á greiningu fylgibreytu með tvö gildi, í þessu tilviki hvort einstaklingur hafi þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök eða ekki. Með aðferðinni er unnt að meta hlutfallslíkur þess að tiltekinn einstaklingur hafi einhvern tíma þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök eftir ýmsum forspárþáttum. Þannig má athuga hvort hlutfallslíkur á vændi aukist eftir ákveðnum forspárþáttum að teknu tilliti til annarra þátta.

Í töflum 6 til 9 gefur að líta nokkur aðhvarfsgreiningarlíkön sem notuð eru til að kanna hvort niðurstöður renni stoðum undir áðurgreindar kenningar. Í töflu 6 er athyglinni sérstaklega beint að kenningum um félagslegt taumhald, í töflu 7 að kenningum um almennt álag (general strain) og í töflu 8 er athyglinni beint að félagsnámskenningum.

5.1. Félagslegt taumhald

Rofin tengsl ungmenna við samfélagið gera það að verkum að félagslegt taumhald þeirra minnkar. Samkvæmt kenningum um félagslegt taumhald er unglingur sem býr við lítið taumhald líklegri til að fylgja ekki viðmiðum samfélagsins en sá sem býr við virkt aðhald og eftirlit (Hirschi, 1969). Þannig auðveldar það þeim að

hunsa hefðbundin viðmið og snúa sér jafnvel að frávíkshögðun. Tengsl barna og ungmenna við samfélagið byggist meðal annars á geðtengslum þeirra við aðra, sér í lagi fjölskyldu og skuldbindingu þeirra við hefðbundin markmið samfélagsins, til að mynda nám og skóla. Með meiri geðtengslum og skuldbindingu er því ungt fólk líklegra til að haga sér í samræmi við hefðbundin viðmið samfélagsins og leiðast þannig síður út í frávíkshögðun. Samkvæmt þessari kenningu ætti ungt fólk sem er í litlum tengslum við foreldra sína og sem er lítið skuldbundið námi sínu og skóla að vera líklegra til að leiðast út í frávíkshögðun, svo sem vændi, en ungt fólk sem er í meiri tengslum og er meira skuldbundið námi sínu og skóla. Út frá þessu kenningarlega sjónarhorni ættu tengsl kynferðislegrar misnotkunar í æsku og vændis ekki að vera bein, heldur óbein. Þannig væru tengslin tilkomin vegna miðlunar félagslegs taumhalds. Út frá þessari kenningu yrði ályktað sem svo að hvers konar áföll eða vandamál sem koma upp á milli barna og foreldra, svo sem kynferðisleg misnotkun, veiki tengsl barnsins við fjölskyldu og skóla og trúfli þroska þess með þeim afleiðingum að auka varnarleysi gagnvart frávíkshögðun ýmiss konar, þar á meðal vændi.

Til að prófa þessa kenningu er ákjósanlegt að stilla upp nokkrum aðhvarfsgrein-
ingarlíkönunum til að hægt sé að skoða tengsl kynferðislegrar misnotkunar í æsku og
vændis þegar tillit hefur verið tekið til veigamikilla þátta, sem eru bakgrunns-
þættir, í þessu tilviki félagslegt taumhald. Í töflu 6 má sjá 4 líkön þar sem þetta er
sýnt en fyrsti dálkurinn sýnir tvíhliða sambönd hvers þáttar við það að þiggja
greiða eða greiðslu fyrir kynmök. Séu tvíhliða samböndin fyrst athuguð koma
fram sambærilegar niðurstöður og voru sýndar í töflu 5. Það er að aldur, kyn,
menntun föður, kynferðisleg misnotkun í æsku og tengsl við fjölskyldu og skóla

tengjast því marktækt hverjir hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök.

Í líkani 1 hefur verið stjórnað fyrir áhrifum bakgrunnspáttanna og kynferðislegrar misnotkunar í æsku. Þar er athyglisvert að sjá hvernig áhrif aldurs og menntunar föður haldast óbreytt en áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku og kyns aukast þegar tekið hefur verið tillit til hinna þáttanna. Þessi auknu áhrif má sjá á breytingum á óstöðluðum aðhvarfsstuðlum hvernar breytu fyrir sig (B). Þannig breytist óstaðlaður aðhvarfsstuðull kynferðislegrar misnotkunar í æsku úr 0,86 í tvíhliða tengslum í 1,45 í líkani 1. Séu hlutfallslíkurnar túlkaðar má segja að kynferðisleg misnotkun í æsku auki hlutfallslíkur á vændi um 2,36 áður en tekið er tillit til annarra þátta, en þegar tillit hefur verið tekið til bakgrunnspáttanna eykur kynferðisleg misnotkun í æsku hlutfallslíkur á því að framhaldsskólanemar hafi þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök um 4,27 og eru áhrifin marktækt við öryggismörk 99,9%. Ástæðan fyrir þessari auknu skýringu kynferðislegrar misnotkunar í æsku á vændi þegar tillit hefur verið tekið til bakgrunnsbreyta er að kynferði nemenda, sem er ein af bakgrunnsbreytunum, bælir sambandið milli kynferðislegrar misnotkunar í æsku og vændis. Stelpur eru líklegri til að hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun í æsku en strákar líklegri til að hafa þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök. Þegar tillit er tekið til þessa verður kynferðisleg misnotkun í æsku enn sterkari forspárþáttur vændis en áður en tekið var tillit til kyns.

Þegar tillit hefur einnig verið tekið til tengsla við fjölskyldu (líkan 2) breytast áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku á vændi ekki marktækt⁸. Hins vegar

⁸ Miðlunin reyndist ómarktæk þegar notað var marktæktarpróf Sobels (Baron og Kenny, 1986). Reiknað z gildi reyndist vera $z=1,76$.

Þegar tekið hefur verið tillit til tengsla við skóla minnka áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku á vændi lítillga, en þó þannig að um marktæka miðlun er að ræða⁹. Þessa breytingu má sjá á óstöðluðum aðhvarfsstuðli kynferðislegrar misnotkunar í æsku sem fer úr 1,45 í líkani 1, áður en stjórnað er fyrir áhrifum tengsla við skóla, í 1,37 þegar stjórnað hefur verið fyrir tengslum framhaldsskólanema við skóla (líkan 3).

Annað sem einnig er athyglisvert að sjá í líkani 2 og 3 er að bæði tengsl við foreldra og tengsl við skóla hafa sjálfstætt forspárgildi um vændi þegar tillit hefur verið tekið til bakgrunnspátta og kynferðislegrar misnotkunar. Í líkani 4, þegar allir viðeigandi þættir eru komnir inn í líkanið, kemur í ljós að aldur, kyn, menntun föður, kynferðisleg misnotkun í æsku og tengsl við skóla hafa sjálfstætt forspárgildi um að þiggja greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Þannig aukast hlutfallslíkur á vændi um 3,89 hafi einstaklingur orðið fyrir kynferðislegri misnotkun fyrir 16 ára aldur. Þá minnka góð tengsl ungmennis við skóla sinn hlutfallslíkur á því að ungmenni hafi þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök á þann hátt að með hverju hækkandi gildi á kvarðanum um tengsl við skóla minnka hlutfallslíkur á vændi um 5% (alls tekur kvarðinn 55 gildi).

Í þessum niðurstöðum er tvennt sem skiptir máli þegar meta skal hvort kenningin um félagslegt taumhald skýri áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku á vændi meðal ungmenna. Í fyrsta lagi þarf að athuga hvort miðlun hafi átt sér stað, það er hvort óbeina sambandið milli kynferðislegrar misnotkunar í æsku og vændis vegna áhrifa félagslegs taumhalds sé marktækt. Í öðru lagi að rannsaka annars vegar hvort kynferðisleg misnotkun í æsku hafi enn sjálfstætt forspárgildi um

⁹ Miðlunin reyndist marktæk þegar notað var marktektarpróf Sobels (Baron og Kenny, 1986). Reiknað z gildi reyndist vera $z=2,74$.

væandi, jafnvel þótt tekið hafi verið tillit til taumhalds, og hins vegar hvort félagslegt taumhald hafi enn sjálfstætt forspárgildi þegar tekið hafi verið tillit til kynferðislegrar misnotkunar.

Hvað varðar fyrsta atriðið kom fram hér að framan að miðlun tengsla við skóla, sem er hluti af mælikvarðanum um taumhald, um tengsl kynferðislegrar misnotkunar í æsku og vændis, reyndist marktæk. En eins og sjá má í neðanmálgrein 9 var þetta reiknað sérstaklega. Þó miðlunin reyndist marktæk er hún þó mjög lítil.

Hvað varðar síðara atriðið má sjá í líkani 4 að bæði kynferðisleg misnotkun í æsku og tengsl við skóla hafa sjálfstætt forspárgildi um það hvort framhaldsskólanemar hafi þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Það gefur til kynna að auk þess sem áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku miðlist að litlu leyti í gegnum félagslegt taumhald, þá hefur kynferðisleg misnotkun í æsku fyrst og fremst bein áhrif á væandi. Þá hafa tengsl nemenda við skóla einnig bein áhrif á væandi meðal framhaldsskólanema. Niðurstöður styðja því að hluta til þá kenningu að áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku á væandi séu tilkomin vegna miðlunaráhrifa félagslegs taumhalds. Sú niðurstaða að félagslegt taumhald eitt og sér hafi bein áhrif á væandi þegar tillit hefur verið tekið til kynferðislegrar misnotkunar í æsku og bakgrunnþátta styður jafnframt kenninguna um félagslegt taumhald.

Niðurstöðurnar eru ekki í samræmi við kenninguna að því leyti að kynferðisleg misnotkun í æsku hefur, samkvæmt þessum líkönum, fyrst og fremst bein áhrif á væandi án þess að um miðlun félagslegs taumhalds sé að ræða. Þannig eykur kynferðisleg misnotkun í æsku hlutfallslíkur á því að þiggja greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök um 3,89 þegar tillit hefur verið tekið til bakgrunnþátta og félagslegs taumhalds (líkan 4) og eru þessi beinu áhrif marktæk við öryggismörk 99,9%.

Tafla 6. Áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku á vændi út frá kenningum um félagslegt taumhald.

Breytur	Tvíhliða samband			Líkan 1			Líkan 2			Líkan 3			Líkan 4		
	B	S.E.	Hlutfalls- líkur	B	S.E.	Hlutfalls- líkur	B	S.E.	Hlutfalls- líkur	B	S.E.	Hlutfalls- líkur	B	S.E.	Hlutfalls- líkur
Bakgrunnsbreytur															
Aldur	-,26	,085	,77**	-,25	,088	,78**	-,25	,088	,78**	-,27	,089	,76**	-,27	,089	,76**
Kyn	-1,17	,197	,31**	-1,47	,218	,23***	-1,44	,219	,24***	-1,42	,219	,24***	-1,40	,220	,25***
Menntun móður	-,08	,116	,92	,08	,133	1,08	,10	,134	1,10	,09	,133	1,09	,10	,134	1,10
Menntun föður	-,33	,127	,72*	-,33	,144	,72*	-,31	,145	,73*	-,32	,145	,73*	-,31	,145	,74*
Býr hjá einstæðu foreldri	-,14	,295	,87	-,28	,311	,75	-,33	,313	,72	-,33	,312	,72	-,35	,313	,70
Býr hjá öðru foreldri og stjúpföreltri	,16	,286	1,18	-,03	,304	,97	-,07	,305	,94	-,08	,306	,92	-,09	,306	,91
Býr við aðrar aðstæður	,41	,334	1,50	,61	,349	1,84	,57	,349	1,76	,57	,349	1,77	,55	,350	1,74
Kynferðisleg misnotkun															
Kynf. misn. í æsku	,86	,266	2,36**	1,45	,292	4,27***	1,42	,293	4,14***	1,37	,293	3,93***	1,36	,294	3,89***
Félagslegt taumhald															
Stuðningur fjölskyldu	-,08	,027	,92***				-,05	,028	,95*				-,03	,029	,97
Tengsl við skóla	-,06	,011	,94***							-,06	,012	,95***	-,05	,012	,95***

* p<0,05 ** p<0,01 *** p<0,001

Í töflunni eru birtar niðurstöður úr „logistic“ aðhvarfsgreiningu þar sem B stendur fyrir óstaðlaða aðhvarfsstuðla og S.E. fyrir staðalvillu.

5.2. Almennt álag (general strain)

Í öðru lagi leggur kenning Agnew um almennt álag (General strain theory) (1992) áherslu á að tilfinningaleg viðbrögð einstaklinga við neikvæðri lífsreynslu geti leitt til frávíkshæðunar. Þannig gefur kenningin til kynna að skýringar á tengslum kynferðislegrar misnotkunar í æsku og vændis sé að leita í þeim afleiðingum og því álagi sem kynferðisleg misnotkun er fyrir börn og ungmenni. Þannig séu það tilfinningaviðbrögð, svo sem þunglyndi og reiði/ýgi, við slíkri erfiðri reynslu sem auki líkur á því að ungmenni leiðist út í frávíkshæðun síðar um ævina, þar á meðal vændi. Þannig megi segja að þeim mun meiri einkenni andlegrar vanlíðunar, svo sem reiði/ýgi og þunglyndis, sem ungmenni sýni þeim mun líklegri séu þau til að leiðast út í frávíkshæðun, þar á meðal vændi.

Í því skini að prófa þessa kenningu um afleiðingar andlegrar líðanar á vændi er aftur stillt upp nokkrum aðhvarfsgreiningarlíkönum til að kanna tengsl kynferðislegrar misnotkuna í æsku og vændis þegar tillit hefur verið tekið til andlegrar líðanar og bakgrunnspáttá. Í töflu 7 má sjá 4 líkön þar sem þetta er sýnt en fyrsti dálkurinn sýnir tvíhliða sambönd hvers þáttar við það að þiggja greiða eða greiðslu fyrir kynmök. Séu tvíhliða sambönd fyrst athuguð koma fram sambærilegar niðurstöður og voru sýndar í töflu 5, það er að aldur, kyn, menntun föður, kynferðisleg misnotkun í æsku, einkenni þunglyndis og reiði/ýgi tengist því marktækt hverjir hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Í líkani 1 hefur verið stjórnað fyrir áhrifum bakgrunnspáttá og kynferðislegrar misnotkunar. Eins og sjá mátti í töflu 6 (líkan 1 er það sama í töflum 6 og 7) haldast áhrif aldurs og menntunar föður óbreytt en áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku og kyns

aukast þegar tekið hefur verið tillit til hinna þáttanna (sbr. óstaðlaða aðhvarfsstuðla (B)).

Í líkani 2, 3 og 4 þegar einnig hefur verið tekið tillit til einkenna þunglyndis annars vegar (líkan 2), reiði/ýgi hins vegar (líkan 3) og þessara tveggja breyta saman (líkan 4) breytast áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku á það hvort nemendur hafi þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök lítillega, en þó marktækt¹⁰. Einnig er athyglisvert að sjá í líkani 2 og 3 að bæði einkenni þunglyndis og reiði/ýgi hafa sjálfstætt forspárgildi um vændi þegar tillit hefur verið tekið til bakgrunnspátta og kynferðislegrar misnotkunar. Í líkani 4, þegar allir viðeigandi þættir eru komnir inn í líkanið, kemur í ljós að aldur, kyn, menntun föður, kynferðisleg misnotkun í æsku og einkenni reiði/ýgir hafa sjálfstætt forspárgildi um að þiggja greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Þannig aukast hlutfallslíkur á vændi um 3,65 hafi einstaklingur orðið fyrir kynferðislegri misnotkun fyrir 16 ára aldur. Þá auka einkenni reiði/ýgi hlutfallslíkur á því að ungmenni hafi þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök á þann hátt að með hverju hækkandi gildi á kvarðanum reiði/ýgi aukast hlutfallslíkur á vændi um 1,14. En bein áhrif bæði kynferðislegrar misnotkunar í æsku og reiði/ýgi eru marktæk við öryggismörk 99,9% (sjá líkan 4).

Eins og í umfjölluninni hér að framan um taumhaldskenningar er hér einnig einkum tvennt sem skiptir máli þegar athuga á hvort kenningin um almennt álag (general strain) skýri áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku á vændi meðal ungmenna. Í fyrsta lagi þarf að athuga hvort miðlun hafi átt sér stað, það er hvort áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku minnkuðu marktækt þegar tekið var tillit

¹⁰Miðlun í gegnum reiði/ýgi og þunglyndi reyndist marktæk þegar notað var marktæktarpróf Sobels (Baron og Kenny, 1986). Reiknað Z gildi fyrir reiði/ýgi reyndist $z=4,93$ og fyrir þunglyndi $z=2,74$.

til andlegrar líðanar. Í öðru lagi að rannsaka annars vegar hvort kynferðisleg misnotkun í æsku hafði enn sjálfstætt forspárgildi um vændi, jafnvel þó tekið hafi verið tillit til andlegrar líðanar, og hins vegar hvort andleg líðan hafði enn sjálfstætt forspárgildi þegar tekið hafði verið tillit til kynferðislegrar misnotkunar.

Hvað varðar fyrsta atriðið kom fram hér að framan að miðlun andlegrar líðanar um tengsl kynferðislegrar misnotkunar í æsku og vændis reyndist marktæk þó hún sé ekki mikil (sjá neðanmálgrein 10). Þá má sjá á líkani 4 að bæði kynferðisleg misnotkun í æsku og reiði/ýgi hafa sjálfstætt forspárgildi um það hvort ungmenni hafi þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök, þegar tillit hefur verið tekið til allra þátta í líkaninu. Það gefur til kynna að auk þess sem áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku miðlist í gegnum andlega líðan, þá hefur kynferðislegt misnotkun í æsku fyrst og fremst bein áhrif á það að þiggja greiða eða greiðslu fyrir kynmök sem og andleg líðan framhaldsskólanema.

Niðurstöður eru því að hluta til í samræmi við kenningar Agnew um almennt álag (general strain) (1992) þar sem áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku á vændi meðal ungmenna eru að hluta tilkomin vegna miðlunaráhrifa andlegrar líðanar. Einnig styður kenninguna sú niðurstaða að einkenni reiði/ýgi, sem er hluti af mælingu andlegrar líðanar, hefur bein áhrif á vændi þegar tillit hefur verið tekið til kynferðislegrar misnotkunar í æsku og bakgrunnspátta. Niðurstöðurnar eru ekki í samræmi við kenninguna að því leyti að kynferðisleg misnotkun í æsku hefur, samkvæmt þessum líkönum, fyrst og fremst bein áhrif á vændi án þess að um miðlun andlegrar líðanar sé að ræða. Þannig eykur kynferðisleg misnotkun í æsku hlutfallslíkur á því að þiggja greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök um 3,65 þegar tillit hefur verið tekið til bakgrunnspátta og félagslegs taumhalds (líkan 4) og eru þessi beinu áhrif marktæk við öryggismörk 99,9%.

Tafla 7. Áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku á vændi út frá kenningum um almennt álag (General strain theory).

Breytur	Tvíhliða samband			Líkan 1			Líkan 2			Líkan 3			Líkan 4		
	B	S.E.	Hlutfalls- líkur	B	S.E.	Hlutfalls- líkur	B	S.E.	Hlutfalls- líkur	B	S.E.	Hlutfalls- líkur	B	S.E.	Hlutfalls- líkur
Bakgrunnsbreytur															
Aldur	-,26	,085	,77**	-,25	,088	,78**	-,26	,088	,77**	-,21	,089	,81*	-,21	,089	,81*
Kyn	-1,17	,197	,31**	-1,47	,218	,23***	-1,59	,223	,20***	-1,53	,222	,22***	-1,54	,227	,21***
Menntun móður	-,08	,116	,92	,08	,133	1,08	,08	,133	1,08	,08	,133	1,08	,08	,133	1,08
Menntun föður	-,33	,127	,72*	-,33	,144	,72*	-,33	,144	,72*	-,33	,145	,72*	-,33	,145	,72*
Býr hjá einstæðu foreldri	-,14	,295	,87	-,28	,311	,75	-,34	,312	,71	-,33	,313	,72	-,34	,313	,71
Býr hjá öðru foreldri og stjúpfareldri	,16	,286	1,18	-,03	,304	,97	-,05	,304	,95	,02	,305	1,02	,01	,306	1,01
Býr við aðrar aðstæður	,41	,334	1,50	,61	,349	1,84	,56	,349	1,76	,59	,351	1,81	,59	,352	1,80
Kynferðisleg misnotkun															
Kynf. misn. í æsku	,86	,266	2,36**	1,45	,292	4,27***	1,33	,296	3,77***	1,30	,296	3,68***	1,30	,298	3,65***
Ansleg líðan															
Þunglyndi	,03	,013	1,03*				,04	,014	1,05**				,004	,016	1,00
Reiði/ýggi	,13	,021	1,14***							,14	,022	1,15***	,13	,025	1,14***

* p<0,05 ** p<0,01 *** p<0,001

Í töflunni eru birtar niðurstöður úr „logistic“ aðhvarfsgreiningu þar sem B stendur fyrir óstaðlaða aðhvarfsstuðla og S.E. fyrir staðalvillu.

5.3. Félagsnám

Samkvæmt kenningum um félagsnám „Differential association” (Sutherland og Cressey, 1994) og „Social learning approach” (Akers o.fl., 1979), lærir fólk í gegnum samskipti bæði aðferðir til að fremja glæpi sem og réttlætningar, ástæður og viðhorf í garð hegðunarinnar. Lærdómurinn á sér stað með þeim hætti að einstaklingur lærir jákvæðar eða neikvæðar skilgreiningar á hegðun. Samkvæmt kenningunni skiptir mestu máli í því að einstaklingur leiðist út á braut afbrota eða frávika að lærðar jákvæðar skilgreiningar í garð afbrotsins eða frávíksins vegi þyngra en þær neikvæðu. Samkvæmt þessum kenningum er því frávíkshegðun félagslega lærd og lærist hún fyrst og fremst í nánnum samskiptum fólks í gegnum jákvæðar og neikvæðar skilgreiningar. Sé þessi kenning notuð til að skýra tengsl milli kynferðislegrar misnotkunar í æsku annars vegar og vændis á unglingsárum hins vegar má ætla að skýringin felist í því að barnið læri ákveðin viðhorf og hegðun sem hefur áhrif á líf þess og hegðun síðar meir. Samkvæmt þessari kenningu um félagsnám má ætla að barn sem verður fyrir kynferðislegri misnotkun í æsku læri viðhorf í garð athæfisins og jafnvel sjálfs sín sem fórnalambs sem auki líkur á því að það verði fyrir frekari misnotkun síðar á lífsleiðinni, svo sem vændi. Þá hefur því verið umbundað, til að mynda með athygli geranda, fyrir að taka þátt í slíkri hegðun sem leiðir til þess að einstaklingurinn lærir að með sambærilegri hegðun síðar meir geti hann hlotið athygli og viðurkenningu. Þannig er gert ráð fyrir því að kynferðisleg misnotkun í æsku hafi bein áhrif á vændi síðar á lífsleiðinni. Þannig megi segja að þau ungmenni sem hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun í æsku séu líklegri en þau sem ekki hafa orðið fyrir slíku til að verða fyrir sambærilegri misnotkun síðar á lífsleiðinni, til að mynda vændi.

Þar sem þessi kenning gerir ráð fyrir beinum áhrifum kynferðislegrar misnotkunar í æsku á vændi á unglingsárum er æskilegt að prófa hana með því að taka tillit til áðurgreindra kenninga um félagslegt taumhald og álag (strain), en þær gera ráð fyrir að um óbein áhrif sé að ræða. Þannig er í greiningunni athugað hvort áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku á vændi séu til staðar jafnvel þó tekið sé tillit til félagslegs taumhalds og álags (strain). Ef svo er má, þegar sérstaklega er verið að horfa til þessara þriggja kenninga, álykta sem svo að þau beinu áhrif séu tilkomin vegna félagsnáms.

Í töflu 8 gefur að líta 5 aðhvarfsgreiningarlíkön þar sem þetta er rannsakað sérstaklega. Fremst í töflunni má sjá tvíhliða tengsl og líkan 1 sem eru þau sömu og sýnd voru í töflum 6 og 7. Þá er líkan 2 það sama og var notað til að prófa kenninguna um álag (strain) (tafla 7, líkan 4) og líkan 3 það sama og var notað til að prófa kenninguna um taumhald (tafla 6, líkan 4). Í líkani 4 eru áhrif allra þessara þátta könnuð. Þá er líkani 5 bætt við til að kanna hvernig neysla áfengis og vímuefna kemur inn í þessa heildarmynd. Í líkani 4 eru áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku athuguð þegar tillit hefur verið tekið til bakgrunnspátta, andlegrar líðanar og taumhalds. Niðurstöður í líkani 4 gefa til kynna að þrátt fyrir að áhrifum taumhalds og andlegrar líðanar á vændi sé stjórnað þá hefur kynferðisleg misnotkun í æsku marktæk áhrif á vændi meðal ungs fólks. Þannig eykur það að hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun í æsku hlutfallslíkur á að hafa þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök einhvern tíma um ævina um 3,66, þegar tekið hefur verið tillit til annarra þátta. Áhrifin eru marktæk við öryggismörk 99,9%. Kynferðisleg misnotkun í æsku hefur því fyrst og fremst bein áhrif á það hvort framhaldsskólanemar hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Þetta styður kenningar um félagsnám, þar sem talið er að með því

að verða fórnarlamb kynferðislegrar misnotkunar í æsku aukist líkur á frekari misnotkun síðar á lífsleiðinni, sem í þessu tilviki gæti verið vændi.

Að auki má sjá í líkani 4 í töflu 8 að þegar tillit hefur verið tekið til allra þessara þátta þá hefur einnig kyn, aldur, menntun föður, einkenni reiði/ygi og tengsl við skóla sjálfstætt forspárgildi um það hvort framhaldsskólanemar hafi þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök einhvern tíma um ævina. Þá má sjá í líkani 5 að þegar neyslu áfengis og vímuefna er bætt við breytist þessi mynd lítillega. Samkvæmt þessum niðurstöðum hafa ölvun nemenda síðastliðna 30 daga og neysla vímuefna um ævina sjálfstætt forspárgildi um það hvaða framhaldsskólanemar hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Þannig má sjá að þegar tekið er tillit til bakgrunns nemenda, kynferðislegrar misnotkunar í æsku, líðanar og taumhalds þá aukast hlutfallslíkur á vændi um 1,28 fyrir hvert hækkandi gildi á kvarðanum um áfengisneyslu sem framhaldsskólanemi fær (kvarðinn tekur alls 7 gildi). Hvað varðar vímuefnaneyslu þá aukast hlutfallslíkur á vændi, við sömu aðstæður, um 1,06 fyrir hvert hækkandi gildi á kvarðanum um vímuefnaneyslu um ævina sem framhaldsskólanemi fær (kvarðinn tekur alls 37 gildi).

Tafla 8. Áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku á vændi út frá kenningum um félagsnám.

Breytur	Tvíhliða samband			Líkan 1			Líkan 2			Líkan 3			Líkan 4			Líkan 5		
	B	S.E.	Hlutfalls- líkur	B	S.E.	Hlutfalls- líkur	B	S.E.	Hlutfalls- líkur	B	S.E.	Hlutfalls- líkur	B	S.E.	Hlutfalls- líkur	B	S.E.	Hlutfalls- líkur
Bakgrunnsbreytur																		
Aldur	-,26	,085	,77**	-,25	,088	,78**	-,21	,089	,81*	-,27	,089	,76**	-,23	,090	,80**	-,30	,093	,74**
Kyn	-1,17	,197	,31**	-1,47	,218	,23***	-1,54	,227	,21***	-1,40	,220	,25***	-1,44	,230	,24***	-1,31	,233	,27***
Menntun móður	-,08	,116	,92	,08	,133	1,08	,08	,133	1,08	,10	,134	1,10	,10	,134	1,10	,09	,134	1,09
Menntun föður	-,33	,127	,72*	-,33	,144	,72*	-,33	,145	,72*	-,31	,145	,74*	-,31	,146	,73*	-,31	,146	,73*
Býr hjá einstæðu for.	-,14	,295	,87	-,28	,311	,75	-,34	,313	,71	-,35	,313	,70	-,36	,315	,70	-,33	,315	,72
Býr hjá öðru foreldri og stjúeforeldri	,16	,286	1,18	-,03	,304	,97	,01	,306	1,01	-,09	,306	,91	-,01	,307	,99	-,04	,308	,96
Býr við aðrar aðstæður	,41	,334	1,50	,61	,349	1,84	,59	,352	1,80	,55	,350	1,74	,57	,353	1,77	,48	,358	1,62
Kynf. misnotkun																		
Kynf. misn. í æsku	,86	,266	2,36**	1,45	,292	4,27***	1,30	,298	3,65***	1,36	,294	3,89***	1,30	,298	3,66***	1,19	,301	3,30***
Andleg líðan																		
Þunglyndi	,03	,013	1,03*				,00	,016	1,00				-,01	,017	,99	-,01	,017	,99
Reiði/ýgi	,13	,021	1,14***				,13	,025	1,14***				,12	,025	1,13***	,09	,026	1,10***
Félagslegt taumhald																		
Tengsl við fjölsk.	-,08	,027	,92***							-,03	,029	,97	-,02	,030	,98	-,03	,030	,97
Tengsl við skóla	-,06	,011	,94***							-,05	,012	,95***	-,04	,014	,96**	-,03	,014	,97*
Áfengi og vímuefni																		
Ölvun sl. 30 daga																,25	,081	1,28**
Vímuefnaneysla																,06	,018	1,06**

* p<0,05 ** p<0,01 *** p<0,001

Í töflunni eru birtar niðurstöður úr „logistic“ aðhvarfsgreiningu þar sem B stendur fyrir óstaðlaða aðhvarfsstuðla og S.E. fyrir staðalvillu.

5.4. Samspil félagslegra þátta

Niðurstöður í töflum 6 til 8 gefa til kynna að kenningarnar þrjár um frávikshegðun ungs fólks leggi allar eitthvað af mörkum til að skýra áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku á vænda meðal framhaldsskólanema. Samkvæmt þessum niðurstöðum er ljóst að áhættuþættir vændis meðal framhaldsskólanema eru margir. Þannig gefur þessi greining til kynna að kynferðisleg misnotkun í æsku geti leitt til vændis á þrenna vegu. Slík misnotkun geti í fyrsta lagi haft bein áhrif á vænda. Þannig eigi félagsnám sér stað þegar börn verða fyrir kynferðislegri misnotkun sem síðar getur leitt til vændis. Vera má að barni eða ungmenni lærist á þann hátt ákveðið viðhorf og réttlætning fyrir hegðun sinni sem viðheldur henni og eykur líkur á að það sýni hana eða svipaða hegðun síðar á lífsleiðinni. Niðurstöður gefa til kynna að slíkur lærdómur ætti að eiga sér stað óháð bakgrunni, andlegri líðan og taumhaldi. Í öðru lagi geti kynferðisleg misnotkun haft óbein áhrif á að ungmenni leiðist út í vænda síðar á lífsleiðinni. Annars vegar vegna þess að kynferðisleg misnotkun í æsku hafi neikvæð áhrif á félagslegt taumhald barna og ungmenna og hins vegar vegna þess að kynferðisleg misnotkun í æsku hafi neikvæð áhrif á líðan þeirra. Bæði andleg vanlíðan og lítið taumhald auki svo líkur á að einstaklingur leiðist út í vænda. Þá gefa niðurstöður til kynna að reið/ýgi nemenda, tengsl þeirra við skólann og áfengis- og vímuefnaneysla hafi sjálfstætt forspárgildi um það hvort framhaldsskólanemar hafa þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök þegar tillit hefur verið tekið til bakgrunnsbreyta, kynferðislegrar misnotkunar í æsku, félagslegs taumhalds, andlegrar líðanar og áfengis- og vímuefnaneyslu (líkan 5, töflu 8).

Hvað varðar félagslegt taumhald nemenda vekur athygli að tengsl við skóla vega mun þyngra en tengsl nemenda við fjölskyldu sína. Þó erfitt sé að segja til um ástæðu þessa má velta því fyrir sér hvers vegna þessi munur er tilkominn. Thornberry (1987) hefur haldið því fram að þegar félagslegt taumhald ungs fólks sé annars vegar virðist tengsl þeirra við fjölskyldu sína vega þyngst á yngri árum, það er á grunnskólaaldri, en þegar komið sé upp í efri bekki framhaldsskóla, þegar ungmennin taki smám saman ábyrgð á eigin lífi, fari aðrir þættir að vega þyngra í félagslegu taumhaldi þeirra svo sem skuldbinding við nám og skóla. Þessi kenning um breytingu á eðli félagslegs taumhalds eftir aldri og þroska barna og ungmenna gæti skýrt að einhverju leyti af hverju skuldbinding við skóla nemenda virðist vega þyngra en tengsl við fjölskyldu þegar athuga á áhrif félagslegs taumhalds á vændi meðal framhaldsskólanema.

Áður en farið er út í nánari vangaveltur um niðurstöðurnar er mikilvægt að gera einn fyrirvara á niðurstöðum þeim er lúta að tengslum kynferðislegrar misnotkunar í æsku og vændis á unglingsárum. Eins og áður sagði er ljóst að lítill hluti þessara tengsla er tilkomin vegna áhrifa félagslegs taumhalds og andlegrar líðanar á vændi. Þá má ætla að félagsnám hafi þar einnig áhrif. Auk þessa er, sökum erfiðleika við að mæla kynferðislega misnotkun í æsku og vændi, ekki hægt að útiloka að í einhverjum tilvikum hafi einstaklingar skilgreint sama atburðinn sem kynferðislega misnotkun í æsku og vændi. Vegna þessa er möguleiki á að hluti fylgni þessara tveggja mælinga sé tilkomin vegna skörunar mælinganna. Ógerlegt er að vita með vissu hvort þetta vandamál er til staðar eða ekki en það kemur í hlut frekari rannsókna á þessu sviði að koma í veg fyrir að slík skörun mælinga eigi sér stað.

Þegar athyglinni er beint að bakgrunnspáttum í niðurstöðum þeim sem sýndar eru í töflum 6 til 8 má sjá að nokkrir bakgrunnspættir skipta einnig máli þegar spá á fyrir um hverjir eru líklegir til að hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Þannig eru strákar í framhaldsskólum líklegri til að hafa þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök en stúlkur, yngri framhaldsskólanemendur líklegri en eldri nemendur og með aukinni menntun föður eru nemendur ólíklegri til að hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Þessir þættir hafa sjálfstætt forspárgildi þegar tillit hefur verið tekið til bakgrunnspátta, kynferðislegrar misnotkunar í æsku, taumhalds, andlegrar líðanar og vímuefnaneyslu. Í kafla 4.1. var komið inn á þann kynjamun sem er til staðar þegar þeir framhaldsskólanemar sem þegið hafa greiða eða greiðslu fyrir kynmök eru athugaðir. Eins og kom fram í kaflanum má segja að þessar niðurstöður komi nokkuð á óvart en hafa ber í huga að niðurstöður nýlegra erlendra rannsókna á þessu sviði hafa gefið svipaðan mun til kynna (Pedersen og Hegna, 2003; Green o.fl., 1999). Þó erfitt sé að segja hverjar mögulegar ástæður séu fyrir þessum kynjamuni má velta upp þáttum sem gætu komið við sögu. Þannig má nefna að almennt hafa rannsóknir gefið til kynna að frávíkshæðun sé algengari meðal drengja en stúlkna. Á sama tíma er ljóst að hingað til hefur vændi meðal drengja verið gefinn mjög lítill gaumur. Þannig hafa rannsóknir og umræða nær eingöngu beinst að stúlkum í vændi þangað til nýlega. Þá hafa fordómar og hræðsla enn frekar einkennt umræðu um vændi meðal drengja en stúlkna. Þetta hafa fræðimenn tekið undir og ítrekað að afneitun drengjavændis einkenni nokkuð umræðu og fræðiskrif um unglingsvændi í Evrópu (Barrett, 2000 b). Barrett telur mikilvægt að þetta breytist eigi að ná árangri í fræðilegri þekkingu og forvarnastarfi á þessu sviði. Vegna þessa má ætla að vændi meðal drengja sé enn dulda og viðkvæmara viðfangsefni en vændi meðal stúlkna. Enda er

þekking um viðfangsefnið af mjög skornum skammti bæði hér á landi og erlendis. Vegna þessa er frekari rannsókna þörf til að varpa enn betra ljósi á vændi meðal drengja almennt sem og þann kynjamun sem niðurstöður hafa gefið til kynna.

Hvað aldursmuninn varðar gefa niðurstöður til kynna að yngri nemendur séu líklegri til að hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök en eldri nemendur. Ekki er ljóst hvað veldur þessu, en hluti skýringarinnar kann að felast í brottfalli úr framhaldsskólum. Leiða má líkur að því að þeir nemendur sem hvað verst eru staddir félagslega og fjárhagslega séu líklegastir til að hætta námi. Þannig breytist samsetning nemendahópsins í framhaldsskólunum með hverju aldursári. Vegna þessa getur hugsast að það að hlutfallslega færri eldri nemendur en yngri nemendur hafi þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök stafi af brottfalli illra staddra nemenda.

Einnig leiddu niðurstöður í ljós að menntun föður hafi sjálfstætt forspárgildi um vændi jafnvel þegar tekið var tillit til allra þeirra þátta sem vega þungt út frá þessum þremur kenningarlegu sjónarhornum. Þá má sjá að forspárgildi menntunar föður minnkar hvorki né eykst þegar tekið er tillit til allra þessa þátta. Það er athyglisvert í ljós þess að menntun móður hefur ekki marktæk tengsl við það að þiggja greiða eða greiðslu fyrir kynmök. Þá má nefna að þegar þessi tengsl menntunar föður við vændi eru rannsökuð nánar kemur í ljós að áhrifanna gætir sérstaklega í lægri stigum menntakerfisins (ekki sýnt í töflum). Þannig reynast nemendur sem eiga föður sem lauk einungis grunnskólaprófi mun líklegri til að hafa þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök en þeir nemendur sem eiga föður sem lauk annað hvort prófi frá skóla á framhaldsskólastigi eða á háskólastigi. Þar sem menntun foreldra hefur verið mæld í íslenskum rannsóknum til að meta stéttarstöðu foreldra og til að gefa vísbendingar um tekjur þeirra (Þórólfur Þórlindsson

o.fl. 1998) má ætla að þessar niðurstöður gefi til kynna að með minnkandi menntun (sér í lagi grunnskólamenntun samanborið við framhaldsskóla- eða háskólamenntun) og þar af leiðandi minni tekjum föður séu framhaldsskólanemar líklegri til að hafa þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök. Út frá þessu má velta því fyrir sér hvort í hlut eigi nemendur sem eiga í fjárhagsferfiðleikum og eiga erfiðara en aðrir framhaldsskólanemar með að fá fjárhagslega aðstoð frá for-eldrum sínum. Þannig hafi það að þiggja greiða eða greiðslu fyrir kynmök verið ein leið sem var farin í því skini að útvega peninga eða hvað annað sem þau vanhagar um.

Þá má sjá í líkani 5 í töflu 8 að áfengis- og vímuefnaneysla hefur sjálfstætt forspárgildi um það að þiggja greiða eða greiðslu fyrir kynmök. Þó svo neysla áfengis og vímuefna komi ekki beint við sögu í því kenningarlega samhengi sem verið er að athuga hér er athyglisvert að kanna að lokum hversu mikil áhrif slík neysla hefur á vændi þegar búið er að stjórna fyrir þeim þáttum sem skipta mestu máli í kenningarlegu samhengi. Þetta er athyglisvert í ljósi niðurstaðna fyrri rannsókna á þessu sviði sem farið var yfir í kafla 1.3.3. Þannig hafa margar rannsóknir bent til þess að neysla áfengis og vímuefna sé veigamikill forspárþáttur þegar vændi er annars vegar. Þá hafa niðurstöður einnig gefið til kynna að slík neysla geti komið í kjölfar vændis. Ekki er unnt að álykta út frá þeim upplýsingum sem hér er unnið með hvort áfengis- og vímuefnaneysla framhaldsskólanema sé til komin áður eða eftir að þeir þáðu greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök. Hins vegar gefa niðurstöður til kynna að áfengisneysla annars vegar og vímuefnaneysla hins vegar auka marktækt hlutfallslíkur á að nemendur hafi þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök óháð öðrum veigamiklum forspárþáttum.

Að lokum má nefna þá þætti sem samkvæmt niðurstöðum í fylgnitöflu 5 í kafla 4.2. og myndum í köflum 4.2.1 til 4.2.5 tengjast vændi meðal framhaldsskólana nema en ekki voru gerð nánari skil í þessari úrvinnslu. Þessir þættir eru ótti við líkamlegt ofbeldi á heimili, kynferðisleg misnotkun á unglingsárum, að vera þolandi og gerandi líkamlegs ofbeldis og að hafa gert tilraunir til sjálfsvígs einhvern tíma um ævina. Eins og áður hefur komið fram var markmiðið með þessari tölfræðilegu greiningu, út frá félagsfræðilegum kenningum um frávíkshægðun, að rannsaka sérstaklega þá þætti sem taldir eru geta leitt til vændis. Margir þeir þættir sem ekki var unnið með frekar í þessari greiningu, en sýndu samt marktæk tengsl við vændi, svo sem ofbeldi, sjálfsvígstilraunir og kynferðisleg misnotkun á unglingsárum, teljast líklega í flestum tilvikum til afleiðinga vændis fremur en til orsaka. Vegna þessa þarf aðra nálgun til að gera þeim þáttum sambærileg skil og hefur verið gert hér með þætti sem leiða til vændis meðal ungmenna. Þessari greiningu verður ekki við komið hér en ljóst er að þetta er eitt af mörgum mjög þörfum rannsóknarefnum í framhaldi.

Samkvæmt þessum niðurstöðum má í heildina segja að þeir þrír skýringarþættir sem liggja umræddum kenningum til grundvallar, það er kynferðisleg misnotkun í æsku, tengsl við skóla og andleg líðan, komi allir við sögu þegar félagslegt umhverfi vændis meðal ungs fólks er athugað. Niðurstöður gáfu til kynna að allir þessir þættir hafi bæði bein og óbein áhrif á vændi meðal ungs fólks. Þannig má álykta að þessar þrjár félagsfræðilegu kenningar um frávíkshægðun; taumhaldskenningar „Social control theory” (Hirchi, 1969), álagskenningar „General strain theory” (Agnew, 1992) og félagsnámskenningar „Differential association” (Sutherland og Cressey, 1994) og „Social learning approach” (Akers o.fl., 1979)

varpi allar ljósi á áhættuþætti þess að hafa þegið greiða eða greiðslu í staðinn fyrir kynmök.

6. Niðurlag

Kveikjuna að þessari rannsókn á vændi meðal ungs fólks á Íslandi má annars vegar rekja til umræðu um hugsanlegt vændi tengt rekstri nektardansstaða á Íslandi og hins vegar til alþjóðlegra vandamála sem skapast hafa vegna sívaxandi umsvifa kynlísiðnaðar í Evrópu. Þannig voru vangaveltur um vændi meðal ungra stúlkna frá Mið- og Austur Evrópu, sem störfuðu á íslenskum nektardansstöðum, áberandi hluti af pólitískri og almennri umræðu þegar rannsóknin hófst árið 2000. Með sanni má segja að þá hafi almenn og fræðileg umfjöllun sem og þekking á málaflokknum verið af skornum skammti. Það birtist í markmiði fyrri hluta þessarar rannsóknar sem var að kanna hvort vændi væri til á Íslandi, og ef svo væri, að kanna í hvaða myndum það birtist. Áfangaskýrsla um fyrri hluta rannsóknarinnar, sem birt var árið 2001, staðfesti tilvist vændis á Íslandi og gaf tilefni til að beina sjónum sérstaklega að ungu fólki.

Niðurstöður gefa bæði innsýn í þann heim sem ungt fólk í vændi lifir í sem og birtingarmyndir og áhættuþætti vændis meðal ungs fólks. Fram kemur að strákar og stelpur skipta á kynmökum við einstaklinga innan félagahópsins sem utan fyrir peninga, vímuefni, húsaskjól, mat eða hvað annað sem þau vanhagar um. Um er að ræða ungt fólk sem í mörgum tilvikum er að bjarga sér við erfiðar aðstæður. Hluti þeirra hefur verið tældur í vændi af eldri einstaklingum og í sumum tilvikum leiðir það til skipulagðs vændis þar sem vændissali hefur milligöngu um sölu einstaklingsins í kynferðislegum tilgangi.

Athygli vekur vændi meðal stráka. Þegar framhaldsskólanemar voru spurðir hvort þeir hefðu einhvern tíma þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök leiddu niðurstöður í ljós að marktækt fleiri strákar sögðust hafa átt í slíkum skiptum en stúlkur. Þessar niðurstöður koma nokkuð á óvart en eru í takt við niðurstöður nýlegra erlendra rannsókna á þessu sviði sem gefið hafa svipaðan mun til kynna (Pedersen og Hegna, 2003; Green og félagar, 1999). Þarft er að benda á nokkuð ósamræmi milli þessara niðurstaðna og ummæla margra viðmælenda í rannsókninni, bæði einstaklinga í vændi og sérfræðinga sem þekkja til vændis meðal ungs fólks á Íslandi. Ekki er ljóst af hverju þetta ósamræmi stafar en velta má upp mögulegum skýringum. Þannig getur meðal annars hugsast að þeir tveir hópar sem til athugunar voru séu ólíkir. Þetta er ekki ósennilegt að því leyti að þau ungmenni sem tekin voru viðtöl við, og sérfræðingar vísa til, höfðu mörg hver átt í mjög erfiðum félagslegum og fjárhagslegum aðstæðum, verið djúpt sokkin í neyslu áfengis og vímuefna og sum ekki gengið í skóla um nokkurt skeið. Þannig geti hugsast að þátttakendur viðtalsrannsóknarinnar séu á einhvern hátt frábrugðnir hópi framhaldsskólanema sem endurspeglar meðal annars í ólíkri skiptingu kynja sem leiðst hafa út í vændi. Þá má einnig velta fyrir sér hvort vantrú, og jafnvel fordómar, geri það að verkum að síður komi fram upplýsingar um vændi meðal stráka í viðtölum við ungt fólk og sérfræðinga en í órekjanlegri spurningalistakönnun. Þannig tjái strákar sig frekar um viðkvæm málefni sem þessi í spurningalistakönnun sem ekki er hægt að rekja til þeirra en í persónulegum viðtölum við rannsakendur, fagaðila og sérfræðinga. Hverjar sem mögulegar skýringar kunna að vera er ljóst að þessar niðurstöður kalla á frekari rannsóknir á vændi meðal beggja kynja, ekki síst meðal stráka. Þá má ætla að

niðurstöðurnar kalli á að athygli sé ekki síður beint að strákum en stelpum við mótun úrræða og stefnu á þessu sviði.

Athygli vekur kynferðisleg misnotkun í æsku sem áhættuþáttur vændis. Þannig leiða niðurstöður í ljós að framhaldsskólanemar, sem orðið hafa fyrir kynferðislegri misnotkun í æsku, séu líklegri en aðrir til að hafa þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök. Þetta er í samræmi við ýmsar erlendar rannsóknir á þessu sviði sbr. kafla 1.3.1. Niðurstöður rannsóknarinnar bæta við fyrri rannsóknir og draga fram hvernig þrjár félagsfræðilegar kenningar um frávikshegðun varpa ljósi á hvernig kynferðisleg misnotkun í æsku eykur líkur á vændi á unglingsárum. Þannig hafi kynferðisleg misnotkun í æsku fyrst og fremst bein áhrif á vændi með félagsnámi. Þá hafi hún óbein áhrif á að ungmenni leiðist út í vændi þar sem andleg vanlíðan, sem afleiðing misnotkunar, auki líkur á vændi. Í þriðja lagi geti kynferðisleg misnotkun í æsku haft óbein áhrif á vændi vegna þess að hún dragi úr félagslegu taumhaldi ungmenna sem síðar eykur líkur á vændi. Mikilvægt er að ítreka fyrirvara við þessar niðurstöður. Eins og fram kemur í kafla 5.4. er ekki hægt að útiloka að í einhverjum tilvikum hafi einstaklingar túlkað sama atburðinn sem kynferðislega misnotkun og vændi í svörum sínum. Vegna þessa er möguleiki á að hluti af beinum áhrifum kynferðislegrar misnotkunar í æsku á vændi sé tilkominn vegna skörunar mælinga. Ógerlegt er að vita með vissu hvort slíki skörun eigi sér stað í niðurstöðum rannsóknarinnar, en það fellur í hlut frekari rannsókna á þessu sviði að koma í veg fyrir slíka skörun mælinga. Að teknu tilliti til fyrirvarans er ljóst að þessar niðurstöður gefa til kynna ýmis neikvæð áhrif kynferðislegrar misnotkunar í æsku sem aukið geta líkur á vændi síðar á lífsleiðinni. Á þann hátt varpa þær frekara ljósi á þær afleiðingar sem slíki

misnotkun getur haft á börn og ungmenni. Þá ítreka þær mikilvægi úrræða fyrir þolendur sem og fyrirbyggjandi aðgerða.

Mikilvægt er að þeir mælikvarðar sem unnið var með í þessari rannsókn verði þróaðir áfram. Þannig þyrfti í framhaldi að skilgreina betur ólíkar tegundir kynferðislegrar misnotkunar sem og ólíkar birtingarmyndir vændis til að varpa skýrara ljósi á tengsl misnotkunar í æsku og vændis. Þá má í þessu sambandi leggja sérstaka áherslu á frekari rannsóknir á ólíkum birtingarmyndum vændis því mikilvægt er að auka þekkingu á þeim og um leið á ólíkum aðstæðum og umhverfi einstaklinga sem leiðst hafa út í vændi. Þá myndi aukinn skilningur á birtingarmyndum vændis hjálpa til við nákvæmari skilgreiningu á hvað telst til vændis og hvað ekki, en þau skil eru oft á tíðum óljós.

Þó svo að lítil þekking hafi verið til staðar hér á landi um aðstæður ungs fólks sem leiðst hefur út í vændi, og stutt sé síðan þetta vandamál var viðurkennt í íslensku samfélagi, hafa mál tengd ungu fólki í vændi komið inn á borð til sérfræðinga hinna ýmsu stofnana á Íslandi í gegnum tíðina. Þetta kemur fram í viðtölum við sérfræðinga sem starfa á heilbrigðisstofnunum, hjá lögreglu, Barnaverndarstofu, félagsþjónustu og á meðferðarheimilum og athvörfum. Jafnframt kemur fram að vændi virðist sjaldan meginástæða afskipta þessara stofnana af einstaklingum. Af því má ljóst vera að ýmis önnur vandamál tengjast því unga fólki sem leiðst hefur út í vændi. Í þessu sambandi er vert að benda á að áhættuþættir vændis, sem niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að séu til staðar, geta komið að gagni við stefnumótun sem miðar að forvörnum. Þeirra á meðal eru, auk kynferðislegrar misnotkunar í æsku, tengsl við skóla, einkenni reiði/ýgi og neysla áfengis og vímuefna. Þá er vert að staldra við þá niðurstöðu að minni menntun föður eykur líkur á að framhaldsskólanemar leiðist út í vændi. Vert er að íhuga hvað þessu

veldur en leiða má líkur að því að menntun föður endurspegli fjárhagslegan bakgrunn ungmennanna og því sé bakland þeirra að því leyti veikara.

Í kjölfar vaxandi tíðni vændis meðal ungs fólks í Evrópu hefur á undanförunum árum átt sér stað vitundarvakning í forvörnum og úrræðum fyrir ungt fólk sem leiðst hefur út í vændi (Hedin og Månsson, 1998; Barrett, Barrett og Mullenger, 2000). Samfara aukinni þekkingu á félagslegum bakgrunni ungs fólks í vændi, og á þeirri misnotkun sem á sér stað þegar fullorðnir aðilar tæla ungt fólk í vændi, hafa refsingar þeirra ungmenna sem stunda vændi smám saman vikið fyrir félagslegum úrræðum. Á sama tíma hefur aukin áhersla verið lögð á refsingu þeirra fullorðnu einstaklinga sem tæla ungt fólk í vændi, eða taka þátt í milligöngu um sölu ungmenna í kynferðislegum tilgangi. Meðal félagslegra úrræða sem komið hefur verið á fót erlendis má meðal annars nefna athvörf og stofnanir sem veita ungu fólki í vændi aðstoð við þau margbreytilegu vandamál sem þau standa frammi fyrir (ProCentret, 1998; Reden, 1999). Einnig hefur verið bent á að hjálplegt geti reynst að stofna til hreyfanlegra fagteyma sem leita uppi og aðstoða ungt fólk sem er í áhættu fyrir að leiðast út í vændi (Council of Europe, 1993). Þá má nefna að aukin samvinna og öflun þekkingar allra þeirra aðila sem koma að málefnum ungs fólks hefur þótt varða miklu, til að mynda stefnumótandi aðila sem og þeirra sem koma að þjónustu og kennslu ungs fólks. Með þessu er áhersla lögð á að þekking og fræðsla á málefninu sé grundvöllur forvarna á þessu sviði. Í þessu sambandi má einnig benda á hugmyndir um að bæta forvarnir með því að fræða ungt fólk í grunn- og framhaldsskólum um kynferðislega misnotkun. Með því sé hægt að kenna ungu fólki að virða líkama sinn og að þekkja þá röð atvika sem leitt geti til misnotkunar.

Þessi rannsókn á vændi meðal ungs fólks á Íslandi er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi en eins og komið hefur fram er áframhaldandi rannsókna þörf. Þannig má að auki nefna mikilvægi rannsókna á þeim hliðum vændis sem þessi rannsókn hefur einungis snert á, en sem þarft er að ígrundaðar séu sérstaklega. Þar má meðal annars nefna þann þátt sem kaupendur eiga í vændi sem og þeir fullorðnu einstaklingar sem tæla ungt fólk í vændi, en sá þáttur hefur nýlega hlotið aukna athygli í erlendum rannsóknum (MaCaghy o.fl., 2000; Månsson, 2000). Einnig má benda á mikilvægi þess að athuga nánar afleiðingar vændis en í þessari rannsókn var sjónum sérstaklega beint að þeim þáttum sem leitt geta til vændis meðal ungs fólks. Þessi rannsókn er því fyrsta skrefið í öflun fræðilegrar þekkingar um vændi meðal ungs fólks á Íslandi sem nýst getur til stefnumótunar á þessu sviði.

7. Heimildir

Agnew, R. (1992). Foundation for a General Strain Theory of Crime and Delinquency. *Criminology*, 30, 47-87.

Akers, R. L., Krohn, M. D., Lanza-Kaduce, L. og Radosevich, M. (1979). Social learning and deviant behavior: A specific test of a general theory. *American Sociological Review*, 44, 635-655.

Bailey, S. L., Camlin, C. S. og Ennett, S. T. (1998). Substance use and risky sexual behavior among homeless and runaway youth. *Journal of Adolescent health*, 23, (6), 378-388.

Barnaheill (2002). *Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna*. <http://barnaheill.is/>

Baron, R. M. og Kenny, D. A. (1986). The Moderator-Mediator Variable Distinction in Social Psychological Research: Conceptual, Strategic and Statistical Considerations. *Journal of Personality and Social Psychology*, 51, (6), 1173-1182.

Barrett, D. (2000 a). Introduction. Í Barrett, D., Barrett, E. og Mullenger, N. (Ritstjórar), *Youth prostitution in the new Europe: The growth in sex work (bls.1-11)*. Dorset: Russell House Publishing.

Barrett, D. (2000 b). Young people and sex work in the Netherlands. Í Barrett, D., Barrett, E. og Mullenger, N. (Ritstjórar), *Youth prostitution in the new Europe: The growth in sex work (bls. 76-93)*. Dorset: Russell House Publishing.

- Barrett, D., Barrett, E. og Mullenger, N. (Ritstjórar). (2000). *Youth prostitution in the new Europe: The growth in sex work*. Dorset: Russell House Publishing.
- Barry, K. (1979). *Female Sexual Slavery*. New York: New York University Press.
- Barry, K. (1995). *The Prostitution of Sexuality: The Global Exploitation of Women*. New York: New York University Press.
- Bjarnason, Þ. (1995). Administration Mode in a School Survey on Alcohol, Tobacco and Illicit Drug Use. *Addiction*, 90, 555-559.
- Bogdan, R. C. og Biklen, S. K. (1998.). *Qualitative Research in Education (3. útgáfa)*. Needham Heights, MA: Allyn & Bacon.
- Brannigan, E. og Gibbs Van Brunschot, E. (1997). Youthful Prostitution and Child Sexual Trauma. *International Journal of Law and Psychiatry*, 2, (3), 337-354.
- BRÅ-rapport (2000). *Förbud mot köp av sexuella tjänster: Tillämpningen av lagen under första året*. Stockholm: BRÅ .
- Broidy, L. og Agnew, R. (1997). Gender and crime: A general strain theory perspective. *The Journal of Research in Crime and Delinquency*, 24,(3), 275-306.
- Brown, A. og Shah, A. (2000). Reflection on a Changing Europe. Í Barrett, D., Barrett, E. og Mullenger, N. (Ritstjórar), *Youth prostitution in the new Europe: The growth in sex work (bls. 12-25)*. Dorset: Russell House Publishing.
- Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Hólmfríður Lydía Ellertsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir (2001). *Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess*. Reykjavík: Rannsóknir & greining og dómsmálaráðuneytið.

- Bullough, V. L., Elcano, M., Deacon, M. og Bullough, B. (1977). *A Bibliography of Prostitution*. New York: Garland.
- Bullough, V., L. og Sentz, L., (1992). *Prostitution. A Guide to Sources, 1970-1990*. New York: Garland.
- Bullough, B. og Bullough, V. L. (1998). Female Prostitution: Current Research and Changing Interpretations. Í Elias, J. E., Bullough, V. L., Elias, V. og Brewer, G. (Ritstjórar), *Prostitution: On Whores, Hustlers and Johns*. New York: Prometheus Books.
- Cohen, A. (1955). *Delinquent Boys: The subculture of the Gang*. New York: The Free Press.
- Council of Europe. (1993). *Sexual Exploitation, Pornography and Prostitution of, and Trafficking in, Children and Young adults*. Council of Europe.
- Council of Europe. (1994). *Street children*. Council of Europe.
- Cowie, J., Cowie, V. og Slater, E. (1968). *Delinquency in Girls*. London: Heinemann.
- Davidson, O'Connel, J. (1998). *Prostitution, Power and Freedom*. Cambridge: Polity Press.
- Deisher, R., Robinson, G. og Boyer, D. (1982). The adolescent female and male prostitute. *Pediatric Annual, 11, (10)*, 819-825.
- Derogatis, L. R., Lipman, R. S., og Covi, L. (1973). SCL-90: An outpatient psychiatric rating scale- Preliminary report. *Psychopharmacology Bulletin, 9*, 13-28.

- Derogatis, L. R., Lipman, R. S., Covi, L. og Rickles, K. (1971). Neurotic symptom dimensions. *Archives of General Psychiatry*, 24, 454-464.
- ECPAT. (2002, a). *About the Commercial Sexual Exploitation of Children*. Sjá á heimasíðu, http://www.ecpat.org/about_csec/index.html
- ECPAT. (2002, b). *Child prostitution*. Sjá á heimasíðu, http://www.ecpat.org/about_csec/index.html#cp
- El-Bassel, D. S.W., Schilling, R. F., Irwin, K. L., Faruque, S., Gilbert, L., Von Bergen, J., Serrano, Y. og Edlin, B., R. (1997). Sex Trading and Psychological Distress among Women Recruited from the Streets of Harlem. *American Journal of Public Health*, 87, 66-70.
- Farley, M. og Barkan, H. (1998). Prostitution, Violence and Posttraumatic Stress Disorder. *Women and health*, 27, (3), 37-49.
- Feucht, T., E. (1993). Prostitution on Crack and Cocaine: Addiction, Utility and Marketplace Economics. *An Interdisciplinary Journal of Deviant Behavior*, 14, (2), 99-108.
- Finkelhorn, D. (1984). *Child Sexual abuse: new theory and research*. London: Collier Macmillan Publisher.
- Flowers, R. B. (1998). *The prostitution of Women and Girls*. North Carolina: McFarland & Company, Inc.
- Flowers, R. B. (1995). *Female Crime, Criminals and Cellmates: An Exploration of Female Criminality and Delinquency*. Jefferson, N., C.: McFarland.
- Flowers, R. B. (1994). *The Victimization and Exploitation of Women and Children: A Study of Physical, Mental and Sexual Maltreatment in the United States*. Jefferson, N., C.: McFarland.

- Flowers, R. B. (1990). *The Adolescent Criminal: An Examination of Today's Juvenile Offender*. Jefferson, N., C.: McFarland.
- Goldstein, P. J., Ouellet, L. J. og Fendrich, M. (1992). From bag brides to skeezers: a historical perspective on sex-for-drugs-behavior. *Journal of Psychoactive Drugs*, 24, 349-361.
- Graham, N. og Wisch, E. D. (1994). Drug use among female arrestees: onset, patterns and relationships to prostitution. *Journal of Drug Issues*, 24, 315-329.
- Greene, J. M., Ennett, S. T. og Ringwalt, C. L. (1999). Prevalence and correlates of survival sex among runaway and homeless youth. *American Journal of Public Health*, 89, 1406-1409.
- Hagan, J., Gillis, A. og Simpson, J. (1985). The Class Structure of Gender and Delinquency: Towards a Power-Control Theory of Common Delinquency Behavior. *American Journal of Sociology*, 90, 1151-1178.
- Hedin, U. C. og Månsson, S. A. (1998). *Vägen ut: Om kvinnors uppbrott ur prostitutionen*. Stockholm: Carlsson Bokförlag.
- Hirschi, T. (1969). *Causes of Delinquency*. Berkeley: University of California Press.
- Hodgon, D. (1995). Combating the Organized Sexual Exploitation of Asian Children: Recent Developments and Prospects. *International Journal of Law and the Family*, 9, (1), 25-53.
- Hunter, M. (1990). *Abused boys: the neglected victims of sexual abuse*. New York: Fawcett Columbine.

- Høigård, C. og Finstad, L. (1986). *Bakgater: Om prostitusjon, penger og kjerlighet*. Oslo: Pax Forlag.
- Høigård C. og Finstad, L. (1992). *Backstreets: Prostitution, money and love (2. útgáfa)*. Pennsylvania: Polity press.
- James, J., (1976). Prostitution and addiction: an interdisciplinary approach. *Addictive Diseases*, 2, 601-618.
- James, J. og Meyerding, J. (1977). Early Sexual Experience and Prostitution. *American Journal of Psychiatry*, 12, 1381-1385.
- James, J. (1980). *Entrance into Juvenile Prostitution*. Washington, D. C.: National Institute of Mental Health.
- Kipke, M. D., O'Connor, S., Palmer, R. og Mackenzie, R. G. (1995). Street youth in Los Angeles: Profile of a group at high risk for human immunodeficiency virus infection. *Archives of Pediatrics & Adolescent Medicine*, 149 (5), 513-519.
- Kneeland, G. J. (1913). *Commercialized prostitution in New York City*. New York: Century Company.
- Konopka, G. (1966). *The Adolescent Girl in Conflict*. Englewood Cliffs, NJ: Prentice- Hall, Inc.
- Kuhn, J. B., Heide, K. M. og Silverman, I. (1992). Substance use/misuse among female prostitutes and female arrestees. *International Journal of the Addictions*, 27, 1283-1292.
- Lee, M. og O'Brien, R. (1995). *The Game's Up: Redefining Child Prostitution*. London: The Children's Society.

- Lenihan, T. og Dean, P. (2000). Child prostitution in England. Í Barrett, D., Barrett, E. og Mullenger, N. (Ritstjórar), *Youth prostitution in the new Europe: The growth in sex work (bls. 26-41)*. Dorset: Russell House Publishing.
- Liska, A. E. og Messner, S. F. (1999). *Perspectives on crime and deviance (3. útgáfa)*. New York: Prentice Hall.
- Lofland, J. og Lofland, L. (1995). *Analyzing Social Settings: A guide to qualitative observation and analysis*. Belmont, CA: Watsmonth Publishing Company.
- Lombroso, C. og Ferrero, W. (1895). *The Female Offender*. London: T. Fisher Unwin.
- MacVicar, K. og Donnol, M. D. (1980). Childhood and Adolescent Development of Teen Female Prostitutes. *Journal of the American Academy of Child Psychiatry, 19,(1)*, 148-149.
- May, T., Edmunds, M. og Hough, M. (1999). *Street Business: The links between Sex and Drug markets*. Crime Detection and Prevention Series, paper 118. London: Home Office.
- Månsson, S. M. (2000). Men's practices in prostitution: The case of Sweden. (Væntanlegt til birtingar) Í Pease, Bob og Pringle Keith (Ritstjórar), *Globalsing Men*. London: Zed.
- McCaghy, C. H., Capron, T. A. og Jamieson, J. D. (2000). *Deviant behavior: Crime, conflict and interest groups (5. útgáfa)*. Boston: Allyn & Bacon.

- McClanahan, S. F., McClelland, G. M., Abraham, K. M. og Teplin, L. A. (1999). Pathways into prostitution among female jail detainees and their implications for mental health services. *Psychiatric Services*, 50, (12), 1606-1613.
- McConaghy N. (1998). Paedophilia: a review of the evidence. *Australian New Zealand Journal of Psychiatry*, 32, (2), 252-65.
- Mears, D., Ploeger, M. og Warr, M. (1998). Explaining the Gender Gap in Delinquency: Peer Influence and Moral Evaluations of Behavior. *Journal of Research in Crime and Delinquency*, 35, 263.
- Merton, R. (1938). Social Structure and Anomie. *American Sociological Review*, 3, 672-682.
- Messerschmidt, J. (1986). *Capitalism, Patriarchy and Crime: Toward a Socialist Feminist Criminology*. Totowa, NJ: Rowman & Littlefield.
- Miller, W. (1958). Lower-Class Culture as a Generating Milieu of Gang Delinquency. *Journal of Social Issues*, 14, 5-19.
- Miller, J.(1995). Gender and power on the streets: Street prostitution in the era of crack cocaine. *Journal of Contemporary Ethnology*, 23, (4), 427.
- Newman, F. og Caplan, P. J. (1981). Juvenile Female Prostitution as a Gender Consistent Response to Early Deprivation. *International Journal of Women's Studies*, 5, (2), 128-137.
- Offer, D. (1969). *The psychological world of the teenager*. New York: Basic Books.
- O'Neill, M. (2001). *Prostitution and feminism: Towards a politics of feeling*. Cambridge: Polity Press.

- Parent-Duchatelet, A. J. B. (1937). *De la prostitution dans la ville de Paris (2. útgáfa)*. Paris: J. B. Bailliére.
- Parker, J. (2000). *How prostitution works*. San Fransisco: Prostitution research and education.
- Pedersen, W. og Hegna, K. (2000). Children and adolescents selling sex. *Tidsskrift Nordiske Lægeforen, 120, (2)*, 215-20.
- Pedersen, W. og Hegna, K. (2003). Children and adolescents who sell sex: A community study. *Social Sciences and Medicine, 56, (1)*, 135-147.
- Peters, J. J. (1976). Children Who Are Victims of Sexual Assault and the Psychology of Offenders. *American Journal of Psychotherapy, 30*, 398-421.
- Phoenix, J. (1999). *Making sense of Prostitution*. New York: Palgrave.
- Plant, M. A. (1997). Alcohol, drugs and the social milieu. Í Scambler, G. og Scambler, A. (Ritstjórar), *Rethinking Prostitution*. London: routledge.
- Pollak, O. (1950). *The Criminality of Women*. New York: Barnes and Company.
- Prentky, R. A., Lee, A. F., Knight, R. A. og Cerce, D. (1997). Recidivism rates among child molesters and rapists: a methodological analysis. *Law and Human Behavior, 21, (6)*, 635-59.
- PRO-Centret. (1998). *PRO-Centret: Ársberetning 1998*. Köbenhavn.
- Ragnheiður Eiríksdóttir og Sigursteinn Másson (2000). *Sex í Reykjavík*. Reykjavík: Stöð tvö.
- Rannsóknir & greining (2000). *Ungt fólk í framhaldsskólum 2000*. Reykjavík: Rannsóknir & greining.

- Rannsóknir & greining (2001). Ungt fólk utan framhaldsskóla 2000. Reykjavík: Rannsóknir & greining.
- Reden, (1999). *De spildte pigeliv: om Redens arbejde med prostituerede gennem 15 år*. København: P.Z. Design.
- Regoli, R. M. og Hewitt, J. D. (2000). *Delinquency in Society (4. útgáfa)*. Boston: The McGraw-Hill Companies, Inc.
- Rice, M. E., Quinsey, V. L. og Harris, G. T. (1991). Sexual recidivism among child molesters released from a maximum security psychiatric institution. *Journal of Consultant and Clinical Psychology*, 59, (3), 381-386
- Roy, E., Haley, N., Leclerc, P., Lemire, N., Boivin, J. F., Frappier, J. Y., Claessens, C. (2000). Prevalence of HIV infection and risk behaviours among Montreal street youth. *International Journal of STD & Aids*, 11 (4), 241-247.
- Rosenberg, M. (1965). *Society and adolescent self-image*. Princeton NJ: Princeton University Press.
- Rotheram-Borus, M. J., Mahler, K. A., Koopman, C. o.fl. (1996). Sexual abuse history and associated multiple risk behavior in adolescent runways. *American Journal of Orthopsychiatry*, 66, 390-400.
- Seng, M. J. (1989). Child Sexual Abuse and Adolescent Prostitution: A Comparative Analysis. *Adolescence*, 24, 665-675.
- Simons, R. L. og Whitbeck, L. B. (1991). Sexual Abuse as a Precursor to Prostitution and Victimization among Adolescent and Adult Homeless Women. *Journal of Family Issues*, 12, (3), 361-379.

- Sutherland, E. og Cressey, D. (1994). *The theory of Differential Association*. Í Traub og Little (Ritstjórar), *Theories of Deviance (bls.188-194) (4. útgáfa)*. Itasca, IL: Peacock Publishers.
- Strauss, A. L. (1996). *Qualitative analysis for social scientists (10.útgáfa)*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Taylor, S. J. og Bogdan, R. (1984). *Introduction to qualitative research methods: The Search for meaning*. New York: John Wiley and Sons.
- Thoman, W. I. (1923). *The Unadjusted Girl*. New York: Harper & Row.
- Thornberry, T. P. (1987). Toward an Interactional Theory of Delinquency. *Criminology*, 25.
- Tyler, K. A., Hoyt, D. R., Whitbeck, L. B., og Cauce, A. M. (2001). The impact of childhood sexual abuse on later sexual victimization among runaway youth. *Journal of research on adolescence*, 11 (2), 151-176.
- UNICEF. (2001). *Profiting from abuse. An investigation into the sexual exploitation of our children*. New York.: The United Nations Children's Fund (UNICEF).
- UNICEF. (2002 a). *Convention on the Rights of the Child*. Fáanlegt á Veraldarvefnum: <http://www.unicef.org/crc.crc.htm>
- UNICEF. (2002 b) (2. útgáfa). *Trafficking in Human Beings in Southeastern Europe; Albania, Bulgaria, Bosnia and Herzegovina, Croatia, the Federal Republic of Yugoslavia, Former Yugoslav Republic of Macedonia, Moldova and Romania*. Belgrade: UNICEF.
- UNICEF. (2002 c). *Child Trafficking in West Africa, : Policy Responses*. Florence: UNICEF Innocenti Research Centre.

- Ward, H., Green, A. og Day, S. (1997). *Sex Work and crack cocaine – a summary report*. London: Imperial College.
- WHO. (1995). *Sexual Violence Against Refugees, Guidelines on Prevention and Responce*. Geneva: UNHCR.
- WHO. (2001). *Sex work in Asia*. World Health Organization: Regional Office for the Western Pacific.
- Widom, C. S. og Ames, M. A. (1994). Criminal consequence of childhood sexual victimization. *Child abuse and neglect*, 18, 303-318.
- Widom, C. S. (1996). Childhood Sexual Abuse and Its Criminal Consequences. *Society*, 33, (4), 47-53.
- Widom, C. S. og Kuhn, J. B. (1996). Childhood Victimization and Subsequent Risk for Promiscuity, Prostitution and Teenage Pregnancy: A Prospective Study. *American Journal of Public Health*, 86, (11), 1607-1612.
- Winick, C. og Kinsie, P. (1971). *The Lively Commerce: Prostitution in the United States*. Chicago: Quadrangle books.
- Yates, G. L., Mackenzie, R. G., Pennbridge, J. og Swofford, A. (1991). A risk profile comparison of homeless youth involved in prostitution and homeless youth not involved. *Journal of Adolescence Health*, 12, (7), 545-548.
- Þóra Kristín Ásgeirsdóttir (1997). Skipulagt vændi á Íslandi. *Mannlíf*, 14, (6) 20-30.
- Þórlindsson, Þ. og Vilhjálmsón, R. (1991). Factors related to cigarette smoking and alcohol use among adolescents. *Adolescence*, 26, 399-418.

Þóroddur Bjarnason, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Gunnar Bernburg (2000). *Ofbeldi meðal íslenskra unglunga og félagslegir skýringarþættir*. Reykjavík: Rannsóknir & greining.

Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viða Halldórsson, (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.